


Erlent ferðafólk í náttúru Íslands



FERÐAMÁLARÁÐ ÍSLANDS

*Könnun á viðhorfum
og hugmyndum
erlendra ferðamanna
til náttúru og umhverfismála
á Íslandi*



**MAÐUR OG UMHVERFI
MEÐ STYRK ÚR
NÝSKÖPUNARSJÓÐI
NÁMSMANNA,
Í SAMVINNU VIÐ
FERÐAMÁLARÁÐ ÍSLANDS**

Erlent ferðafólk í náttúru Íslands

*Könnun á viðhorfum
og hugmyndum
erlendra ferðamanna
til náttúru og umhverfismála
á Íslandi*

SUMARIÐ 1996

MAÐUR OG UMHVERFI

Davíð Bjarnason

Einar Skúlason

Erla Hlín Hjálmarsdóttir

MEÐ STYRK ÚR

NÝSKÖPUNARSJÓÐI

NÁMSMANNA,

Í SAMVINNU VIÐ

FERÐAMÁLARÁÐ ÍSLANDS

© 1996 Maður og umhverfi,

Davíð Bjarnason, Einar Skúlason og Erla Hlín Hjálmarsdóttir

Öll réttindi áskilin. Rit þetta má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósritun, ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða heild, nema að fengnu skriflegu leyfi höfunda.

Forsíðumynd - ferðalangar á leið upp Bláhnjúk við Landmannalaugar
Ljósmynd: Erla Hlín Hjálmarsdóttir.

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR

<i>Markmið könnunar</i>	5
<i>Uppbygging skýrslu</i>	6

I. AÐFERÐIR

<i>I.1. ÞÁTTTAKENDUR</i>	7
<i>I.2. MÆLITÆKI</i>	7
<i>I.3. RANNSÓKNARSNID</i>	10
<i>I.4. ÚRVINNSLA</i>	11

II. NIÐURSTÖÐUR

II. 1. BAKGRUNNSBREYTUR

<i>Þjóðerni</i>	12
<i>Kyn</i>	13
<i>Aldur</i>	14
<i>Menntun</i>	14
<i>Lengd ferðar</i>	15
<i>Tekjur</i>	16
<i>Kostnaður við ferð</i>	17
<i>Fyrri ferðir til Íslands - skipulag ferðar</i>	18
<i>Tilgangur ferða og ástæða fyrir komu</i>	19
<i>Ferðamáti</i>	20
<i>Gisting</i>	21

II. 2. GRUNNSPURNINGAR - LANDIÐ ALLT

<i>Áhugaverðustu hlutirnir á Íslandi og í náttúru Íslands</i>	23
<i>Náttúra Íslands og umhverfismál</i>	24
<i>Upplýsingar og leiðsögn</i>	26
<i>Vega- og mannvirkjagerð</i>	28
<i>Vonbrigði á Íslandi</i>	29

II. 3. NÁTTÚRUPERLUSPURNINGAR

<i>Náttúruperlarn og umgengni gesta</i>	32
<i>Öryggismál og hreinlæti</i>	33
<i>Merkingar og upplýsingar</i>	34
<i>Byggingar og mannvirki við náttúruperlurnar</i>	35
<i>Náttúrugjald</i>	37

II. 4. HÁLENDISSPURNINGAR

<i>Jákvæðustu þættirnir varðandi hálendið</i>	38
<i>Vegagerð og mannvirki á hálendinu</i>	39
<i>Ferðamenn og fjöldi</i>	43
<i>Náttúrugjald inn á hálendi Íslands</i>	45
<i>Vonbrigði á hálendi Íslands</i>	45

III. UMRÆÐA

<i>Aðferðir</i>	47
<i>Náttúran og umhverfismál</i>	47
<i>Upplýsingar og merkingar</i>	49
<i>Fjöldi ferðamanna</i>	50
<i>Þjónusta við ferðamenn</i>	51
<i>Vega- og mannvirkjagerð</i>	52
<i>Hálendið</i>	53
<i>Náttúruperlur</i>	54
<i>Fólkið</i>	55

VIÐAUKI I

<i>SÝNISHORN AF ENSKUM, FRÖNSKUM OG ÞÝSKUM SPURNINGALISTUM</i>	56
----------------------------------------------------------------------	----

VIÐAUKI II

<i>ÓFLOKKUÐ SVÖR</i>	69
----------------------------	----

VIÐAUKI III**ATHUGASEMDIR**

<i>Náttúruperlur</i>	78
<i>Hálendið</i>	89
<i>Almennar athugasemdir</i>	93

TÖFLUR

<u>Tafla I.2.1. Staðsetning og fjöldi þátttakenda í úrtaki.....</u>	9
<u>Tafla II.1.1 Þjóðerni þátttakenda, raðað eftir fjölda.</u>	12
<u>Tafla II.1.2. Þjóðerni þátttakanda, flokkað eftir markaðssvæðum.</u>	13
<u>Tafla II.1.3. Kynjaskipting eftir markaðssvæðum.</u>	13
<u>Tafla II.1.4. Aldur eftir markaðssvæðum.....</u>	14
<u>Tafla II.1.5. Menntunarstig eftir markaðssvæðum.....</u>	15
<u>Tafla II.1.6. Lengd dvalar eftir markaðssvæðum.....</u>	15
<u>Tafla II.1.7. Tekjuhópar eftir markaðssvæðum.....</u>	16
<u>Tafla II.1.8. Eyðsluhópar eftir markaðssvæðum.....</u>	17
<u>Tafla II.1.9. Fyrirkomulag ferða eftir bakgrunni.....</u>	18
<u>Tafla. II.1.10. Tilgangur ferðarinnar til Íslands.....</u>	19
<u>Tafla. II.1.11. Hvað vakti áhuga viðkomandi á Íslandi.....</u>	20
<u>Tafla II.1.12. Ferðamáti eftir bakgrunni.....</u>	21
<u>Tafla II.1.13. Gistimáti eftir bakgrunni.....</u>	23
<u>Tafla. II.2.2. Hvað heillar viðkomandi mest í náttúrunni.</u>	24
<u>Tafla II.2.3. Gæði upplýsinga um náttúru Íslands eftir ferðafyrirkomulagi.....</u>	27
<u>Tafla II.2.4. Gæði upplýsinga um sögu og menningu eftir ferðafyrirkomulagi.....</u>	27.
<u>Tafla II.2.5. Vonbrigði erlendra ferðamanna á Íslandi, flokkuð eftir bakgrunni.....</u>	30
<u>Tafla II.3.1. Náttúruperlur og fjöldi þátttakenda.</u>	31
<u>Tafla II.3.2. Samanburður á náttúruperlum. Afstaða til staðarins og hvernig fólk telur umgengni gesta um staðinn háttáð.</u>	32
<u>Tafla II.3.3. Samanburður á náttúruperlum. Ástand öryggismála og hreinlætismála.....</u>	33
<u>Tafla II.3.4. Samanburður á náttúruperlum. Merkingar og aðgengi að upplýsingum.....</u>	35
<u>Tafla II.3.5. Samanburður á náttúruperlum. Draga mannvirki, eins og byggingar og stígar úr gildi staðarins og er eitthvað annað sem dregur úr gildi staðarins?</u>	36
<u>Tafla II.3.6. Samanburður á náttúruperlum. Náttúrugjald.</u>	37
<u>Tafla II.4.1. Staðsetning og fjöldi svarenda á hálendi.....</u>	38
<u>Tafla. II.4.2. Hvað er best varðandi hálendið.</u>	38
<u>Tafla. II.4.3. Hvaða þjónusta á að vera til staðar í þjónustumiðstöðvum á hálendinu.</u>	42
<u>Tafla. II.4.4. Hvaða mannvirki mega vera til staðar án þess að hugtakið „ósnortið víðerni” glati merkingu sinni.....</u>	42
<u>Tafla II.4.5. Afstaða til náttúrugjalds inn á hálendið eftir bakgrunni.....</u>	45
<u>Tafla. II.4.6. Hvað olli helst vonbrigðum varðandi hálendið.</u>	46

MYNDASKRÁ

<u>Mynd II. 2. 1.</u>	Náttúra Íslands er óspillt.....	24
<u>Mynd II. 2. 2.</u>	Íslensk náttúra uppfyllir væntingar viðkomandi.....	24
<u>Mynd II. 2. 3.</u>	Viðkomandi telur sig vera umhverfissinnadan einstakling.....	25
<u>Mynd II. 2. 4.</u>	Ferðaðþjónusta á Íslandi er umhverfisvæn.....	25
<u>Mynd II. 2. 5.</u>	Hvernig er staða Íslendinga í umhverfismálum.....	25
<u>Mynd II. 2. 6.</u>	Hvernig er staða Íslendinga í sorplosunarmálum.....	25
<u>Mynd II. 2. 7.</u>	Gæði upplýsinga um menningu og sögu.....	26
<u>Mynd II. 2. 8.</u>	Gæði upplýsinga um náttúru landsins.....	26
<u>Mynd II. 2. 9.</u>	Ísland er markaðssett sem ævintýraland í heimalandi viðkomandi.....	28
<u>Mynd II. 2. 10.</u>	Álit viðkomandi á vegakerfni á Íslandi	28
<u>Mynd II. 2. 11.</u>	Betri vegir ættu að verða lagðir til þess að bæta aðgang að hálendinu.....	28
<u>Mynd II. 2. 12.</u>	Byggja ætti byggingar nálægt áhugaverðum stöðum í náttúrunni.....	28
<u>Mynd II. 3. 1.</u>	Afstaða til staðarins almennt.....	32
<u>Mynd II. 3. 2.</u>	Hvernig er umgengni gesta um staðinn?.....	32
<u>Mynd II. 3.3.</u>	Hvernig er öryggismálum á staðnum háttáð?.....	33
<u>Mynd II. 3. 4.</u>	Hvernig finnst þér hreinlæti staðarins?.....	33
<u>Mynd II. 3. 5.</u>	Hvernig eru merkingar og skilti á staðnum?.....	34
<u>Mynd II. 3. 6.</u>	Hvernig er aðgengi að upplýsingum um staðinn?.....	34
<u>Mynd II. 3. 7.</u>	Finnst viðkomandi að byggingar og önnur mannvirkidragi úr upplifun hans á staðnum sem náttúruperlu.....	36
<u>Mynd II. 3. 8.</u>	Finnst viðkomandi að eitthvað annað mannvirki dragi úr upplifun hans á staðnum.....	36
<u>Mynd II.4.1.</u>	Ætti að auka fjölda vega á hálendinu.....	39
<u>Mynd II.4.2.</u>	Bæta ætti gæði þeirra vega sem eru til staðar á hálendinu.....	39
<u>Mynd II.4.3.</u>	Vegamerkingar á hálendinu eru góðar.....	40
<u>Mynd II.4.4.</u>	Brúa á vatnsföll á hálendinu.....	40
<u>Mynd II.4.5.</u>	Rafmagnslínur eru truflandi þáttur í umhverfi og náttúru á hálendinu.....	40
<u>Mynd II.4.6.</u>	Uppistöðulón auka gildi ferðamannastada.....	40
<u>Mynd II.4.7.</u>	Ferðamannamannvirki eiga öll að hafa sama svipmót/yfirbragð.....	41
<u>Mynd II.4.8.</u>	Fjölga ætti þjónustumiðstöðvum á hálendinu.....	41
<u>Mynd II.4.9.</u>	Of mikið er af ferðamönnum á hálendinu.....	43
<u>Mynd II.4.10.</u>	Mikill fjöldi ferðamanna dregur úr upplifun viðkomandi á hálendinu sem „ósnortins víðernis.”.....	43
<u>Mynd II.4.11.</u>	Takmarka ætti aðgang ferðamanna að hálendinu.....	44
<u>Mynd II.4.12.</u>	Vernda ætti tiltekin svæði á svæðinu gegn röskun og halda þeim „ósnortnum.”.....	44
<u>Mynd II.4.13.</u>	Viðkomandi er meðvitadur um þær umgengnisregur sem eru við lýði á hálendi Íslands.....	44

INNGANGUR

Markmið könnunar

Í ferðaþjónustu er umhverfið að mörgu leyti mjög mikilvægt og er nærtækast að benda á að margar gerðir ferðamennsku byggja á náttúrunni á einn eða annan hátt. Fólk ferðast og nýtur náttúrunnar og þeirra möguleika sem hún býður upp á. Slík er raunin hér á Íslandi, en stór hluti þeirra ferðamanna sem leggja leið sína til Íslands, koma til að njóta náttúrunnar og þeirrar friðsældar sem hún hefur upp á að bjóða og samkvæmt könnunum sem gerðar hafa verið er hrein og tær náttúra helsta aðráttarafl landsins.¹

Möguleikar Íslands sem ferðamannalands eru fjölbreytilegir. Hér er mikil náttúrufegurð, áhugaverð saga og möguleikar á íþróttaiðkun af ýmsu tagi, eins og gönguferðum, jöklaferðum, fjallaklifri, hestamennsku og sportveiði, svo fátt eitt sé nefnt. Ferðaþjónusta á Íslandi hefur verið í mikilli uppsveiflu undanfarin ár og áratugi samfara mikilli fjölgun ferðamanna. Fjöldi erlendra gesta hefur aukist mikið síðustu áratugi, allt frá því er tæplega fimmtíu og fimm þúsund erlendir ferðamenn komu til landsins árið 1970 til þess er hundrað og níutíu þúsund erlendir gestir sóttu landið heim árið 1995.² Vöxturinn er því mikill og allar líkur eru til að þróunin verði með sama hætti á komandi árum. Hluttur ferðaþjónustu í gjaldeyrstekjum íslenska ríkisins hefur einnig farið vaxandi en framlag ferðaþjónustu á Íslandi á síðustu árum til landsframléiðslu hefur verið á bilinu 3 - 3,5%.³ Þenslan er nokkur og hluttur ferðaþjónustu í útfluttri vöru og þjónustu á Íslandi er sífellt að aukast og var árið 1995 um 18,7 milljarðar, eða 11% af heildargjaldeyrstekjum.

Það er því mikilvægt að hlúa að þessum vaxtarbroddi í íslensku efnahagslífi og leitast við að beina þróun ferðaþjónustu í náinni framtíð á jákvæðar brautir. Þegar framtíðaruppbygging í ferðaþjónustu á Íslandi er annars vegar ber að huga að mörgu, en eitt það mikilvægasta er vilji ferðamanna sem nýta þjónustuna. Mikilvægt er að ekki sé verið að ráðast í framkvæmdir og breytingar sem ganga gegn því sem ferðamenn leita eftir. Eftir hverju sækjast erlendir ferðamenn og eru þeir ánægðir með það sem Ísland hefur upp á að bjóða? Þrátt fyrir að vitað sé að náttúran sé sá þáttur sem dragi flesta erlenda ferðamenn til landsins, hafa viðhorf erlendra ferðamanna til náttúru Íslands og þátta henni tengdir lítt verið kannaðar til þessa. Ítarlegur skilningur á viðhorfum, hugmyndum og væntingum erlendra ferðamanna sem hingað eru komnir vegna náttúrunnar er því nauðsynlegur þáttur í allri umræðu um framtíðarstefnumótun.

Í deiglunni hefur verið umræða á meðal helstu hagsmunaaðila í ferðaþjónustu um stefnumótun í geiranum og sýnist þar sitt hverjum. Rannsóknin miðar að því að varpa ljósi á viðhorf erlendra ferðamanna til ýmissa þátta tengdum íslenskri náttúru og umhverfismálum.

¹ Sjá skýrslu Samgönguráðuneytisins, *Stefnumótun í ferðaþjónustu*. 1996, bls. 68

² Sjá skýrslu Samgönguráðuneytisins, *Stefnumótun í ferðaþjónustu*. 1996, bls. 49

³ Sjá skýrslu Samgönguráðuneytisins, *Stefnumótun í ferðaþjónustu*. 1996, bls. 47

Leitast er við að varpa nokkru ljósi á ólíka fleti sem viðkoma þeim efnum, en meginmarkmiðið er að kynnst viðhorfi og afstöðu þess erlenda ferðafólks sem ferðast um náttúru Íslands. Með þessu vonumst við til að koma með þarft innlegg í umræðuna um framtíðarmótun í ferðamálageiranum.

Uppbygging skýrslu

Skýrslan skiptist í þrjá meginhluta. Fyrsti hlutinn fjallar um þær aðferðir sem notaðar voru við rannsóknina, þátttakendur, mælitæki, rannsóknarsnið og úrvinnslu.

Í öðrum hluta eru niðurstöður rannsóknarinnar settar fram í töflum, myndum, túlkunum og umræðu. Niðurstöðuhlutinn skiptist í fjóra undirkafla, þar sem sá fyrsti fjallar um bakgrunnspætti eins og kyn, aldur, tekjur, kostnað við ferð og þjóðerni ferðafólksins. Í öðrum undirkafla er gerð grein fyrir niðurstöðum úr öðrum spurningum grunnspurningalistans sem lagður var fyrir allt úrtakið en þær spurningar eiga við landið í heild sinni. Í þriðja undirkafla eru settar fram niðurstöður úr þeim hluta spurningalistanna sem varða náttúruperlur, sem og gerður samanburður milli náttúruperlna. Í síðasta undirkafla fyrsta hluta eru niðurstöður úr einstökum spurningum sem settar voru fram í þeim hluta spurningalistanna er varðaði hálendi Íslands. Í þriðja hluta skýrslunnar er umræða, þar sem heildrænar ályktanir eru dregnar af niðurstöðum rannsóknarinnar.

Viðaukar við skýrslu skiptast í þrjá meginhluta. Til glöggvunar á uppbyggingu spurningalista og rannsóknar er sýnishorn af þeim spurningalistum sem settir voru fyrir í fyrsta hluta viðauka. Listarnir eru á þeim tungumálum sem notuð voru við rannsóknina, ensku, frönsku og þýsku. Í öðrum hluta viðauka eru flokkaðar athugasemdir sem svarendur skráðu á svarblöð. Í þriðja hluta viðauka eru tölfræðilegar útkeyrslur fyrir ýmsar breytur, fyrir þá sem vilja fá nákvæmari upplýsingar um tiltekna breytur eða tengsl.

Efirtöldum aðilum er þakkaður veittur stuðningur:

Nýsköpunarsjóður námsmanna, Ferðamálaráð Íslands, Samgönguráðuneytið, Umhverfisráðuneytið, Vegagerð ríkisins, Skipulag ríkisins, Landsvirkjun, Strengur hf., Ferðafélag Íslands, Náttúruverndarráð Íslands, Olíufélagið hf., Núi-Síríus hf., Skátabúðin, Ferðafélag Akureyrar, Bóksala Stúdentanna og Eldá Mývatni. Við þökkum einnig þeim aðilum sem aðstoðuðu okkur við framkvæmd rannsóknarinnar, skálavörðum, leiðsögumönnum, bílstjórum, umsjónarmönnum tjaldstæða, þýðendum og þeim fjölmörgu aðilum sem reyndust hjálplegir á einn eða annan hátt.

Sérstakar þakkir fá Colette Burling frá Goethe-stofnuninni, Hreinn Hrafnkelsson, Hans Kilander, Inga Dagmar Karlsdóttir, Ingibjörg Kaldalóns aðferðafræðingur, Hótel Snæfell Seyðisfirði, heimilisfólkið á Brekku Skagafirði, Dís frænka á Akureyri, Siva, Gunni Pálma bifvélavirki, Gunnar Karlsson vörubílstjóri, Gaui bílstjóri og Maggi, Róbert og Halldóra, Örn og Kata, Þórunn, Regína og Palli og hollensk fjölskylda á Volkswagen rúgbrauði.

I. AÐFERDIR

I.1. ÞÁTTTAKENDUR

Spurningalistar voru lagðir fyrir 1200 erlenda ferðamenn sem fóru um náttúru Íslands sumarið 1996. Við val á úrtaki var annars vegar var miðað við að skipta úrtaki eftir staðsetningu einstaklinga og hins vegar var miðað við að leiðrétta þjóðerni og var samsetning erlendra ferðamanna sem til Íslands komu í júlí og ágúst sumarið 1995, haft til hliðsjónar. Staðir þar sem spurningalistar voru settir fyrir á, voru fyrirfram ákveðnir og réði tilviljun því hvaða ferðamenn voru staddir á svæðinu og voru beðnir um að svara spurningalistum. Þýðið sem alhæfa á um er það erlenda ferðafólk sem ferðaðist í náttúru Íslands sumarið 1996.

Engar nákvæmar tölur eru til um það hvaða hluti þeirra ferðamanna sem til Íslands koma á ári hverju, eyða mestum tíma í náttúru Íslands. Ef úrtakið er borið saman við heildarfjölda erlendra ferðamanna sem leið sína lögðu til landsins sumarmánuðina þrjá árið 1996, kemur í ljós að úrtakið er að einhverju leyti skekkt. Ef tekið er tillit til þess að spurningalistarnir voru einungis settir fyrir einstaklinga sem verið höfðu á Íslandi í þrjá daga eða lengur, útilokast þeir ferðalangar sem stystum tíma eyða á Íslandi, en það er hópur sem eyðir jafnvel miklum tíma ferðarinnar á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Þá er einnig mismunandi hvaða þjóðir fara út á land til að njóta náttúrunnar.⁴

I. 2. MÆLITÆKI

Þátttakendur svöruðu spurningalistum sem voru þrískiptir og voru mismunandi samansettir eftir staðsetningu ferðamannsins þegar listarnir voru settir fyrir. Listarnir skiptust í þrennt. Fyrsta hlutanum svaraði allt úrtakið og samanstóð hann af almennum spurningum um bakgrunn þátttakenda, auk spurninga um upplifun ferðamannanna á Íslandi.⁵ Er sá hluti listanna hér nefndur grunnlisti og skiptist hann alls í 32 þætti eða spurningar sem þátttakendur svöruðu. Þátttakendur gáfu m.a. upp þjóðerni, kyn, menntun, tekjur, kostnað við ferð, hvort viðkomandi hefði komið áður til landsins, ferðamáta, gistimáta og megintilgang ferðarinnar.⁶ Þá voru einnig settar fyrir spurningar um hvað hefði vakið athygli ferðamannsins á ferð um Ísland, hvað viðkomandi finndist vera áhugaverðast á landinu og hvað viðkomandi líkaði best í náttúrunni, auk spurningar um hvað valdi viðkomandi mestum vonbrigðum í ferðinni.⁷ Þá voru í fyrsta hluta tólf spurningar með fimmgildan raðkvarða sem svarmöguleika. Þær spurningar fjölluðu um markaðssetningu,

⁴ Sjá nánar umfjöllun um þjóðerni, kafla II.1.

⁵ Sjá nánar viðauka I, spurningar 1-32

⁶ Spurningar nr. 1-10, auk spurninga 30 og 31. Sjá nánar viðauka I.

⁷ Spurningar nr. 10 - 14. Sjá nánar viðauka I

umhverfismál og náttúru Íslands, vegamál og hve vel viðkomandi væri upplýstur um náttúruna og umgengnisreglur.⁸ Svarandi tiltók einnig hvort hann væri tilbúinn til að borga náttúrugjald til að komast inn á hálendi Íslands og ef svo væri, hversu hátt.⁹ Þátttakendum var einnig gefinn kostur á að koma athugasemdum á framfæri og voru margir sem nýttu sér þann möguleika, bæði til að benda á það sem miður fer á Íslandi, sem og að hrósa því sem þeir kunna að meta.¹⁰

Annar hluti spurningalistanna er hér nefndur náttúruperlulisti og fjallar hann einungis um það svæði sem ferðamaðurinn var staddur á þegar listarnir voru settir fyrir. Þessir listar voru settir fyrir á stöðum sem skilgreindir voru sem náttúruundur eða náttúruperlur. Þessir staðir eru Landmannalaugar, Hveravellir, Mývatn, Ásbyrgi, Skaftafell, Geysir, Herðubreiðalindir, Vesturdalur og Askja, allt vel þekktir áningarstaðir ferðamanna í náttúru Íslands. Þessar náttúruperluspurningar fjölluðu um staðinn, hvernig hugmyndir ferðamennirnir gerðu sér um hann og hvort nokkru mætti breyta eða bæta.¹¹ Svarendum var einnig gefinn kostur á að setja fram athugasemdir sem tengdust staðnum á einhvern hátt.¹²

Þriðji hluti listanna var nefndur hálendislisti og var hann einungis settur fyrir þá ferðamenn sem staddir voru uppi á hálendinu þegar listarnir voru settir fyrir. Listarnir fjalla m.a. um umgengnisreglur á hálendinu, hvernig hugmyndir ferðamennirnir gera sér um uppbyggingu á hálendinu og hvernig það svæði landsins komi þeim fyrir sjónir, svo eitthvað sé nefnt. Þá var ferðamönnum gefinn kostur á að benda á mannvirki á svæðinu sem þeir kynnu illa við, taka fram hve mikla uppbyggingu þeir kysu og hve mikla þjónustu þeir teldu að vera ætti til staðar á hálendinu, auk almennra athugasemda.¹³

Allt úrtakið svaraði grunnlistum, en staðsetning ferðafólks sagði fyrir um hvort það svaraði hálendislistum og/eða náttúruperluspurningum. Ef ferðamaður var staddur við náttúruperlu á hálendinu svaraði hann því öllum listanum, grunnlista, náttúruperluspurningum og hálendislistum. Alls voru 1250 í úrtaki, brottfall var einungis 6,3% og svöruðu því 1171 einstaklingur grunnlistunum. 998 einstaklingar svöruðu náttúruperlulistum og 589 einstaklingar svöruðu hálendislistum. Listarnir voru þýddir yfir á þrjú erlend tungumál, ensku, þýsku og frönsku og þátttakendum gefinn kostur á að velja það tungumál sem hentaði viðkomandi best. Þá var öllum þátttakendum gefið íslenskt súkkulaði fyrir þátttökuna og mæltist það vel fyrir. Auk gagnasöfnunar í formi spurningalista skráði spyrill niður nokkra þætti um aðstæður þegar listarnir voru lagðir fyrir. Þessir þættir voru hitastig, veðurfar, dagsetning og staðsetning, auk annarra athugasemda. Meðan á rannsókninni stóð var haldin rannsóknardagbók þar sem skráðar voru athugasemdir og var rætt óformlega við fjöldamarga erlenda ferðamenn sem margir hafa ákveðnar skoðanir á þeim málefnum sem varða náttúru Íslands.

⁸ Spurningar nr. 15 - 19 og 21 - 27. Sjá nánar viðauka I

⁹ Spurningu nr. 20. Sjá nánar viðauka I

¹⁰ Þáttur nr. 32. Sjá nánar viðauka I og II

¹¹ Spurningar 33-44. Sjá nánar viðauka I.

¹² Þáttur nr. 44. Sjá nánar viðauka I og II

Listarnir voru lagðir fyrir á tímabilinu 4.júlí til 18.ágúst. Listar voru lagðir fyrir ferðamenn á eftirtöldum stöðum: Hveravellir, Landmannalaugar, Mývatn, Þjóðgarðurinn Jökulsárgljúfur, Skaftafell, Seyðisfjörður, Geysir, Herðubreiðarlindir, Askja og Nýidalur. Alls var dvalist í 4-5 daga á hverjum stað og var farið tvisvar sinnum í Landmannalaugar, á Hveravelli og á Mývatn. Tafla 1.2.1. sýnir dreifingu úrtaks yfir þá staði sem listar voru lagðir fyrir.

STAÐSETNING	Tíðni	%
Mývatn	244	20,8%
Hveravellir	220	18,8%
Landmannalaugar	193	16,5%
Skaftafell	121	10,4%
Jökulsárgljúfur	119	10,2%
Nýidalur	102	8,7%
Seyðisfjörður	59	5,1%
Herðubreiðarlindir	50	4,3%
Geysir	39	3,3%
Árbúðir	12	1%
Askja	12	1%
Alls	1171	100%



FERÐAMÁLARÁÐ ÍSLANDS

Tafla 1.2.1. Staðsetning og fjöldi þátttakenda í úrtaki.

Listarnir voru lagðir fyrir seinni part dags, milli klukkan fimm og níu. Reyndist það vera besti tíminn til að ná í ferðamenn þar sem þeir voru þá að koma til baka úr gönguferðum og voru í rólegheitum á svæðinu. Í nokkrum tilvikum voru listar lagðir fyrir hópa sem ekki dvöldust á svæðunum heldur áttu þar viðdvöl, sáu þá fararstjórar um að leggja listana fyrir fólk þegar á dvalarstað var komið.

Þar sem rannsóknarfólk var stutt á sama stað og listarnir voru settir fyrir, skráðu þeir niður upplýsingar um veður, þ.e. skýjafar, úrkomu, vind og hitastig. Slíkt var gert til að hafa möguleika til að kanna hvort ytri aðstæður hafi áhrif á viðhorf ferðafólksins. Reyndar var veðrið í heildina mjög gott þegar listarnir voru settir fyrir, ef miðað er við íslenska veðráttu. Tíðasta gildi í gráðum á Celcius voru 10 stiga hiti, en næst tíðasta gildi var 15 stiga hiti. Meðalhitinn var 13,1 °C og staðalfrávikidið 4,11 stig.

Í flestum tilvikum var þurr þegar listarnir voru settir fyrir, í rúmlega 30% tilvika var rigning eða skúrir. Einn dag síðsumars snjóaði reyndar á rannsóknarfólk uppi á hálendinu. Þá var hálfskýjað eða alskýjað í 80% tilvika og logn í 31% tilvika, en annars gola eða vindur. Algengt veður þegar spurningalistar voru settir fyrir voru því þurrviðri með голу og hálfskýjað. Sumarið 1996 var talið vera „gott sumar“ manna á milli og nutu margir þeir góðs af sem ferðuðust um landið, innlendir ferðalangar sem erlendir.

I. 3. RANNSÓKNARSNID

Markmiðið með þessari rannsókn er að kanna viðhorf erlends ferðafólks sem ferðast í náttúru Íslands til þátta tengdum náttúru og umhverfismálum. Til að nálgast viðfangsefnið var hannaður spurningalisti og var við samningu hans haft samráð við eftirtalda aðila: *Ferðamálaráð Íslands*, *Skipulag ríkisins*, *Náttúruverndarráð*, *Vegagerð ríkisins*, *Landsvirkjun Íslands* og aðra styrktarðila. Auk þess var leitað ráðgjafar hjá Ingibjörgu Kaldalóns aðferðafræðingi. Auk spurningalista var unnið úr athugasemdum sem þátttakendum var gefinn kostur á að skrifa á svarblöð.

Lagt var upp með eftirfarandi rannsóknarspurningar:

- Er búið að skaða ímynd ósnortinnar náttúru með manngerðu umhverfi?
- Á landið að vera eins og það er eða finnst ferðamönnum að byggja eigi mannvirki s.s. hótél og þjónustumiðstöðvar?
- Uppfyllir íslensk náttúra þær væntingar sem ferðamaðurinn gerir til hennar?
- Hvernig tæki fólk því að þurfa að borga svonefnt náttúrugjald þ.e. gjald fyrir t.d. aðgang að hálendinu og að einstökum náttúruperlum og hversu mikið væri fólk tilbúið að borga?
- Finnst ferðamönnum að leggja ætti greiðfæra vegi yfir hálendið til þess að auðvelda þar aðgang?
- Hvað með ýmsa mengun í náttúrunni, t.d. sjónmengun?
- Hvað finnst ferðamönnum um umgengni í náttúrunni, s.s. við einstaka ferðamannastaði?
- Hvað finnst ferðamönnum um öryggi á hinum ýmsu ferðamannastöðum?
- Er fólk meðvitað um þær umgengnisreglur sem gilda í náttúru Íslands?
- Hvað er það á Íslandi sem að helst heillar ferðamenn? Ef það er náttúran, hvaða atriði eru það þá helst?
- Umhverfisvernd, hafa erlendir ferðamenn einhverja vitneskju um starf Íslendinga að umhverfismálum?

Farið var um landið í sex vikur og dvalið í þrjá til fjóra daga á fyrirfram ákveðnum ferðamannastöðum. Þessir staðir voru valdir í samráði við nokkra aðila í ferðaþjónustu. Þar voru spurningalistar lagðir fyrir, jafnframt því sem rætt var óformlega við erlenda gesti. Spurningalistarnir voru lagðir fyrir fólk augliti til auglitis, en þannig teljum við að nákvæm svör hafi fengist, auk þess sem það gaf möguleika til opnari spurninga. Með því að tala við fólk í náttúrulegu umhverfi þ.e. á „ferðaslóðum”, má telja að svarendur hafi meiri tilfinningu fyrir viðfangsefninu. Þannig nást viðbrögð við því sem viðkomandi upplifir á staðnum en ekki seinna tíma viðbrögð, t.d. ef fólk svarar inni á hótélherbergi eða ef rannsókn fer fram á flugvelli áður en ferðamaðurinn heldur heim. Með því að leggja spurningalistana persónulega fyrir hvern og einn þátttakanda var hægt að ganga úr skugga um að svarandinn skildi spurninguna rétt og gefið útskýringar ef vafaatriði komu upp. Svarhlutfall var mjög gott, sem skýrist að hluta af því að listarnir voru settir fyrir augliti til

auglitis. Þátttakendum var gefið íslenskt súkkulaði frá Nóa-Síríus fyrir þátttöku sem vakti mikla lukku.

Sami rannsóknarhópur sá um mótun rannsóknarinnar og uppbyggingu spurningalista, framkvæmd rannsóknar og úrvinnslu. Slíkt gefur rannsakendum kost á að hafa yfirsýn yfir heildarferli rannsóknarinnar og halda réttum áherslum alla rannsóknina í gegn. Með því að vera á staðnum, náðu rannsakendur púlsinum á ferðamannameningunni á Íslandi og upplifðu sömu hluti og ferðafólkið. Þetta gefur möguleika á því að fá betri innsýn inn í þá þætti sem ferðafólkið sjálft vill koma á framfæri og veitir rannsakandanum þekkingu sem gagnleg getur reynst í túlkun á niðurstöðum. Með þessu móti var einnig hægt að ræða við ferðamenn um aðferðafræðina og ná nokkrum skilningi á göllum, blæbrigðamun varðandi þýðingar og ólíkan skilning einstaklinga á tilteknum þáttum.

I. 4. ÚRVINNSLA

Rannsóknarhópur sá um úrvinnslu á gögnunum, en úrvinnslan fór fram í október og nóvembermánuði 1996. Notast var við meginlegar aðferðir við úrvinnslu, unnið var úr þeim tölulegu gögnum sem safnað var með spurningalistum, en einnig unnið úr athugasemdum sem ferðafólk skráði á listana og rannsóknardagbók sem haldin var meðan á gagnasöfnun stóð. Notast var við tölfræðiforritið SPSS 6.0 við úrvinnslu.

Niðurstöður eru í flestum tilvikum settar fram í hlutfallstölum, þ.e. %, þar sem miðað er við hlutfall af þeim sem svara spurningu. Vikmörk eru í flestum tilvikum mjög lág vegna stærðar úrtaks og því er marktækni mikil. Með sundurgreiningu úrtaks, t.d. í hálendisspurningum og spurningum um náttúruperlum, minnkar marktækni vegna þess að um minna úrtak er að ræða. Ekki verða sérstaklega sýnd vikmörk og marktækni. Lesendum er bent á að taka þennan fyrirvara við túlkun á einstökum tölum sem settar eru fram.

II. NIÐURSTÖÐUR

II. 1 BAKGRUNNSÞÆTTIR

Þjóðerni

Alls voru hinir 1171 þáttakendur frá 25 þjóðlöndum og er skiptingin eins og fram kemur í töflu II.1.1.

ÞJÓÐERNI	Tíðni	%	Þjóðerni	Tíðni	%
Þýskaland	400	34,2	Lúxemborg	4	0,3
Frakkland	212	18,1	Kanada	4	0,4
Holland	121	10,3	Finnland	3	0,3
Austurríki	112	9,6	Ungverjaland	3	0,3
Sviss	91	7,8	Pólland	2	0,2
Bretland	82	7	Ísrael	2	0,2
Danmörk	34	2,9	Möltu	1	0,1
Svíþjóð	24	2,0	Hvíta-Rússland	1	0,1
Belgía	24	2,0	Japan	1	0,1
Ítalía	19	1,6	Grikkland	1	0,1
Bandaríkin	11	0,9	Suður-Kórea	1	0,1
Noregur	8	0,7	Tékkland	1	0,1
Ástralía	6	0,5	svara ekki	2	0,2
			Alls	1171	100

Tafla II.1.1 Þjóðerni þáttakenda, raddað eftir fjölda.

Ef þjóðernisskipting í úrtaki er borin saman við gistinætur erlendra ferðamanna í júlí og ágúst 1995, kemur í ljós að hlutfall þjóðverja er í samræmi við gistinætur þessa tvo mánuði, 33,7%. Gistinætur Frakka eru 9,7% en herra hlutfall Frakka í úrtaki má skýra með því að þeir eyða meiri tíma úti á landi, heldur en í Reykjavík og því eru hlutfallslega meiri líkur til að hitta þá í íslenskri náttúru, sérstaklega á hálendinu, þar sem þeir eru sá hópur sem hlutfallslega eyðir mestum tíma af dvöl sinni þar og mikill hluti úrtaks var tekinn. Gistinætur Svisslendinga eru 5,3%, en þeir eru t.d. lengur í Reykjavík og skýrir það ef til vill að hlutfall þeirra er lægra í úrtaki. Hlutfall Breta í gistináttum er 8,6 % sem er í nokkru samræmi við úrtak. Nokkuð ósamræmi er í hlutfalli meðal Norðurlandabúa, en þeir eru um 6% úrtaks en 16,3% gistinátta. Fámenni þeirra í úrtaki má skýra með því að rúmlega 70% gistinátta þeirra er á höfuðborgarsvæðinu og eru þeir því hlutfallslega lítið úti á landi. Austurríkismenn eru 9,6% úrtaks en einungis 2,5% gistinátta á þessu tveggja mánaða tímabili, en eyða að sama skapi litlum tíma á höfuðborgarsvæðinu, aðeins 33% gistinátta.

Ef lítið er til fjölda gistinátta og tekið tillit til þess hve löngum tíma viðkomandi þjóðir eyða á höfuðborgarsvæðinu, virðist úrtakið gefa nokkuð góða mynd af þýði. Dreifing tveggja þjóða skýrist þó síst, Hollendinga annars vegar og Ítala hins vegar. Hollendingar eru 10,3% úrtaks, en 2,3% gistinátta. Þeir eru meðal þeirra þjóða sem eyða hvað mestum tíma á hálendinu, þar sem stór hluti úrtaksins var tekinn og skýrir það hátt hlutfall þeirra af

úrtaki.¹⁴ Lítið hlutfall Ítala og Spánverja í úrtaki skýrist af tungumálaerfiðleikum. Ferðamenn af þessum þjóðernum treystu sér almennt ekki til að svara listum á þeim tungumálum sem boðið var upp á og því kemur fram kerfisbundin skekkja í úrtaki af þessum sökum.

Í heildina má því telja að úrtakið endurspeglir nokkuð vel þann hóp ferðamanna sem ferðast í náttúru Íslands yfir sumarmánuðina. Í útreikningum eru ekki gerðar ráðstafanir til að veða upp þá kerfisbundnu skekkju sem stafar af tungumálavandkvæðum þátttakenda.

Til frekari glöggvunar er þátttakendum einnig skipt eftir markaðssvæðum, í Norðurlönd, Norð-Vestur-Evrópu, Suður-Evrópu, Norður-Ameríku og önnur lönd. Sú skipting kemur fram í töflu II.1.2. Fáir einstaklingar eru frá Norður-Ameríku og öðrum löndum en skilgreind eru í skiptingu í markaðssvæði, ef miðað er við heildarfjölda ferðamanna sem til Íslands koma yfir sumarmánuðina. Tveir þættir eru vænlegir til skýringar, annars vegar dvelja einstaklingar af þeim markaðssvæðum styttra á Íslandi en úrtakið og hins vegar fara þeir síður á hálendið eða ferðast um náttúruna.¹⁵ Vegna þess hve fáir einstaklingar í úrtaki eru frá þessum markaðshópum, er vafasamt að alhæfa nokkuð um þessa hópa.

MARKAÐSSVÆÐI	Tíðni	%
Norðurlönd	69	5,9
N-V-Evrópa	834	71,3
S-Evrópa	233	19,9
N-Ameríka	16	1,4
Önnur lönd	17	1,5
Svara ekki	2	
Alls	1171	100

Tafla II.1.2. Þjóðerni þátttakenda, flokkað eftir markaðssvæðum.

Kyn

Kynjaskipting úrtaks var nokkuð jöfn, konur voru 49,4% úrtaks og karlar 50,6%. Í töflu III.1.3. kemur fram kynjaskipting með tilliti til markaðssvæða.

KYN		N-lönd	N-V-Evr.	S-Evrópa	N-Ameríka	Annað	Alls
karlar	Fjöldi	33	432	109	8	9	577
	% af dálki	47,8%	51,8%	46,8%	50%	56,3%	49,4%
konur	Fjöldi	36	402	124	8	7	591
	% af dálki	52,2%	48,2%	53,2%	50%	43,8%	50,6%
Heildarfjöldi á markaðssvæði		65	829	231	16	17	1158
% af heildarfjölda		5,9%	71,4%	19,9%	1,4%	1,4%	100%

Tafla II.1.3. Kynjaskipting eftir markaðssvæðum.

¹⁴ Sjá gistináttaskýrslur Hagstofu Íslands 1995.

¹⁵ Sjá nánar umræðu um þátttakendur, kafla II.1.

Munur á kynjaskiptingu milli markaðssvæða er ekki mikill, mesti munur er 6,3%, en kynjaskipting er mjög jöfn á öllum svæðum.

Aldur

Miðað var við að hafa þátttakendur á fullorðinsaldri, en dreifingin var mikil, yngsti þátttakandi var 14 ára og sá elsti 76 ára. Meðalaldur úrtaksins var rétt rúmlega 36 ár, miðgildi 33 ár og staðalfrávikidið var 12,7 ár. Í töflu II.1.4. er úrtaki skipt í fimm aldursflokka, þar sem þeir eru bornir saman við aldursdreifingu innan markaðssvæða.

MARKAÐSSVÆÐI		N-lönd	N-V-Evr.	S-Evrópa	N-Ameríka	Annað	Alls
14-24 ára	Fjöldi	17	153	19	3	5	197
	% af dálki	24,6%	18,6%	8,2%	20%	29,4%	17%
25-34 ára	Fjöldi	20	316	96	1	4	437
	% af dálki	29%	38,3%	41,6%	6,7%	23,5%	37,8%
35-44 ára	Fjöldi	13	152	50	3	2	220
	% af dálki	18,8%	18,4%	21,6%	20%	11,8%	19%
45-59 ára	Fjöldi	14	165	51	3	5	238
	% af dálki	20,3%	20%	22,1%	20%	29,4%	20,6%
60-76 ára	Fjöldi	5	38	15	5	1	64
	% af dálki	7,2%	4,6%	6,5%	33,3%	5,9%	5,5%
Heildarfjöldi á markaðssvæði		69	824	231	15	17	1156
% af heildarfjölda		6%	71,3%	20%	1,3%	1,5%	100%

Tafla II.1.4. Aldur eftir markaðssvæðum.

Aldursskiptingin er fremur jöfn, nema í síðasta aldursflokkinum, 60-76 ára, þar eru einungis 5,5% þátttakenda. Flestir eru í aldursflokki 25-34 ára, 37,8%. Hlutfalls ungs fólks, þ.e. 14-24 ára er hæst meðal Norðurlandþjóðanna og annara markaðssvæða en sérstaklega eru tiltekin. Þá er skiptingin fremur jöfn, utan hvað elsti aldurshópurinn er fámennastur. Norður-Ameríkumenn skera sig þó nokkuð úr, með hlutfallslega marga í elstu og yngstu aldurshópunum, þó er ekki marktækur munur vegna þess hve fáir einstaklingar í úrtaki koma þaðan.

Menntun

Þátttakendum var gefinn kostur á þremur svarmöguleikum þegar menntun var annars vegar. Í fyrsta lagi var grunnenntun, í öðru lagi framhaldsmenntun, menntaskóli eða verkmenntun einhvers konar. Í þriðja lagi var háskólamenntun af einhverju tagi. Þátttakendur reyndust vera fremur menntaðir, um helmingur með háskólamenntun af einhverju tagi og 44% með framhaldsskólamenntun.

MENNTUN		Norður- lönd	N-V- Evrópa	Suður- Evrópa	Norður- Ameríka	Annað	Alls
grunnmenntun	Fjöldi	6	60	10	2	0	78
	% af dálki	9,2%	7,2%	4,3%	12,5%	0%	6,7%
framh.menntun	Fjöldi	36	411	56	3	5	511
	% af dálki	55,4%	49,6%	24,2%	18,8%	29,4	44,1%
hásk.menntun	Fjöldi	23	357	165	11	12	568
	% af dálki	35,4%	43,1%	71,4%	68,8%	70,6	49,1%
Heildarfjöldi á markaðssvæði		65	829	231	16	17	1158
% af heildarfjölda		5,6%	71,59%	19,9%	1,4%	1,5%	100%

Tafla II.1.5. Menntunarstig eftir markaðssvæðum.

Lítill munur er á milli menntunar fólks eftir markaðssvæðum, en Norðurlandabúar og fólk frá Norð-Vestur-Evrópu virðist hlutfallslega vera síður með hálskólamenntun af einhverju tagi og þá frekar með framhaldsskólamenntun.

Lengd ferðar

Spurt var um lengd ferðar á tvennan hátt, annars vegar hve viðkomandi hefði verið lengi á Íslandi og hins vegar hve löngum tíma viðkomandi hyggðist eyða í allt á Íslandi. Meðaldagafjöldi sem svarendur höfðu þegar eytt á Íslandi voru rúmlega 10 dagar, en úrtakið miðaðist við að viðkomandi hefði a.m.k. eytt þremur dögum á Íslandi, til að einstaklingurinn gæti betur gert upp hug sinn varðandi þau málefni sem spurt var um í könnuninni. Tíðasta gildi var 7 dagar, þá 14 dagar, staðalvillan var 0,38 og staðalfrávikíð 11,85. Sá sem lengst hafði verið á Íslandi þegar hann svaraði listunum hafði þegar eytt tæpu ári á landinu. Meðaltal á lengd dvalartíma var rúmlega 19 dagar, en heildarlengd dvalartíma miðað við markaðssvæði kemur fram í töflu II.1.6.

LENGD DVALAR		Norður- lönd	N-V- Evrópa	Suður Evrópa	Norður- Ameríka	Annað	Alls
3 - 7 dagar	Fjöldi	7	12	2	1	0	22
	% af dálki	10,9%	1,5%	0,9%	16,3%	0%	2%
8 - 14 dagar	Fjöldi	37	272	69	6	4	388
	% af dálki	57,8%	34,2%	30,4%	37,5%	23,5%	34,6%
15 - 21 dagar	Fjöldi	12	341	127	7	7	494
	% af dálki	18,8%	42,8%	55,9%	43,8%	41,2%	44,1%
22 dag. og lengur	Fjöldi	8	171	29	2	6	216
	% af dálki	12,5%	21,5%	12,8%	12,5%	35,3%	19,3%
Heildarfjöldi á markaðssvæði		64	796	227	16	17	1120
% af heildarfjölda		5,7%	71,1%	20,3%	1,4%	1,5%	100%

Tafla II.1.6. Lengd dvalar eftir markaðssvæðum.

Lengd dvalar er flokkuð í fernt, vikutíma eða styttra, ein til tvær vikur, tvær til þrjár og lengur. Flestir, eða rúmlega 44% eru tvær til þrjár vikur og mjög fáir eru styttra en eina viku. Sjáanlegur munur milli markaðssvæða er að dreifing Norðurlandabúanna er með öðrum hætti en annara Evrópubúa. Tæplega 70% þeirra eru tvær vikur eða skemur, á meðan

60-70% annara Evrópubúa eru tvær vikur eða lengur á landinu. Erfitt er að túlka dreifingu N-Ameríkubúa og fólks frá öðrum löndum en skilgreind eru, þar sem svo fáir þátttakendur eru þaðan.

Tekjur

Svör varðandi tekur eru að nokkru leyti skekkt. Mismunandi er hvaða viðmið viðkomandi notar varðar tekjur, hvort nettó eða brúttó tekjur eru gefnar upp. Getur það munað miklu svo að fremur má líta á þessar upplýsingar um tekjur sem viðmið fremur en að túlka þær beint sem áreiðanlegar upplýsingar. Nokkuð margir svara þessari spurningu ekki, enda eru upplýsingar um tekjur margra trúnaðarmál. Í töflu II.1.7. koma fram flokkaðar tekjur, þar sem viðkomandi eru flokkaðir í þrjá hópa, lágtekjuhóp, millitekjuhóp og hátekjuhóp. Tekjuhópar eru settir fram með tilliti til markaðssvæða. 67,5% aðspurðra svöruðu tekjuspurningunni, en nokkuð margir voru við nám og með mjög litlar tekur. Tíðustu gildi voru 110 þús. ísl. kr. á mánuði, en þar á eftir komu 120 þús., 130 þús. og 132 þús. krónur. Meðaltekjurnar voru rétt rúmlega 146.494 ísl. kr. á mánuði, hæsta gildi var 901 þús. kr., staðalvillan var 3908,6 og staðalfráviknið 109.998,4 Tekjur svarenda voru því mjög breytilegar og 57 einstaklingar svöruðu því til að þeir hefðu engar tekjur. Þrjátíu og átta einstaklingar skýrðu það með námi og tvær konur með því að þær væru heimavinnandi og hefðu því engar tekjur. Aðrir gáfu engar skýringar. Margir námsmenn erlendis fá styrki frá hinu opinbera sem þeir telja sem tekjur. Því eru nokkrir með óvenjulega lágar tekjur, allt frá 13 þúsundum króna á mánuði.¹⁶ Nokkrir nefndu að þeir hefðu nógu háar tekjur til að koma til Íslands, og aðrir sögðu einfaldlega „of lágar“. Ef þátttakendum er skipt í þrjá tekjuhópa, lágtekjufólk, millitekjufólk og hátekjufólk og skipting í hópa látin ráðast eftir dreifingu, þannig að þriðjungur er í hverjum hóp, er skiptingin við 100.000 kr. og 160.000 kr.

TEKJUHÓPAR		Noður- lönd	N-V- Evrópa	Suður- Evrópa	Norður Ameríka	Annað	Alls
Lágtekjuhópur	Fjöldi	12	205	32	2	3	254
<100.000 ísl. kr.	% af dálki	21,1%	37,1%	18,9%	40%	42,9%	32,1%
Millitekjuhópur	Fjöldi	14	179	74	1	1	269
100-159.999 kr.	% af dálki	24,6%	32,4%	43,8%	20%	14,3%	34%
Hátekjuhópur	Fjöldi	31	169	63	2	3	268
>160.000 ísl. kr.	% af dálki	54,4%	30,6%	37,3%	40%	42,9%	33,8%
Heildarfjöldi á markaðssvæði		57	553	169	5	7	791
% af heildarfjölda		7,2%	69,9%	21,4%	0,6%	0,9%	100%

Tafla II.1.7. Tekjuhópar eftir markaðssvæðum.

Tafla II.1.7. sýnir að skipting í tekjuhópa er ekki nákvæmlega jöfn, en það skýrist af því að fleiri en eitt gildi lentu í þeirri upphæð sem skildi hvern þriðjung að og er munurinn mestur 1,9%. Breytingar á hlutfalli milli markaðssvæða skýrast af því að svörunin við

tekjuspurningu var einungis 67,5% og er brottfall innan ólíkra markaðssvæða mismunandi mikið.

Norðurlöndin skera sig úr hvað varðar dreifingu milli tekjuhópa, rúmlega helmingur þeirra sem svara eru í hátekjuhóp, eða með 160 þús. íslenskar krónur eða meira í mánaðarlaun. Vafasamt er að draga nokkrar ályktanir af tveimur síðustu markaðshópunum, þar sem um mjög fáa einstaklinga er að ræða. Dreifing meðal íbúa N-V-Evrópu er nokkuð jöfn milli tekjuhópa og Suður-Evrópubúar hafa nokkuð jafna dreifingu, þó millitekjuhópur sé nokkuð áberandi, en 43,8% þeirra lenda í millitekjuhóp.

Kostnaður við ferð

Svarendur voru beðnir um að meta hve mikið ferðin kostaði í heildina fyrir viðkomandi. Rétt er að taka fram að þær niðurstöður eru einungis til viðmiðunar, þar sem ferðamaðurinn á í mörgum tilfellum erfitt með að meta nákvæmlega kostnað við ferð, í sumum tilfellum er talað við viðkomandi snemma í ferðinni og getur hann þar af leiðandi átt í erfiðleikum með að meta þann kostnað sem kemur til síðar í ferðinni. Viðkomandi telur allan kostnað til, far til Íslands, og hve miklu hann telur að hann eyði hér á landi. Þá er erfitt að meta hve mikið hlutfall af þessu fjármagni streymir inn í íslenska hagkerfið, einhver hluti fer til erlendra aðila, erlendra ferðaheildsala eða ferðaskrifstofa, erlendra fararstjóra, sumir ferðamannanna birgja sig upp af erlendum vörum fyrir komuna, kaupa erlendar vörur meðan verið er hér o.s.frv. Það er ljóst að þessir þættir skipta máli, og má því telja þessi gögn um kostnað í ferð sem viðmið, en þau eru í raun mat viðkomandi á heildareyðslu í ferðinni allri.

Meðaleyðslan var um 160.000 ísl. kr. í ferðinni, staðavillan um 2121 og staðalfrávikidið um 69.190. kr. 132.000 kr. eyðsla var tíðasta gildi, og þá 176.000 kr. Til hægðarauka er eyðslan flokkuð í þrjá hópa, há - eyðsluhóp, mið - eyðsluhóp og lág - eyðsluhóp¹⁷ og er um þriðjungur úrtaks í hverjum hóp. Skiptingin er um 130.000 ísl. kr. og 173.000 ísl. kr. Tafla II.1.8. sýnir skiptingu í eyðsluhópa og hvernig eyðsla er eftir markaðssvæðum.

EYÐSLUHÓPAR		Norður- lönd	N-V- Evrópa	Suður- Evrópa	Norður Ameríka	Annað	Alls
Lágeyðsluhópur	Fjöldi	25	274	47	3	4	353
<130.000 ísl. kr.	% af dálki	39,7%	35,8%	22,1%	33,3%	36,4%	33,2%
Millieyðsluhópur	Fjöldi	20	241	89	1	3	354
130-173.000 kr.	% af dálki	31,7%	31,5%	41,8%	11,1%	27,3%	33,3%
Háeyðsluhópur	Fjöldi	18	251	77	5	4	355
>173.000 ísl. kr.	% af dálki	28,6%	32,8%	36,2%	55,6%	36,4%	33,4%
Heildarfjöldi á markaðssvæði		63	766	213	9	11	1062
% af heildarfjölda		5,9%	72,1%	20,1%	0,8%	1%	100%

Tafla II.1.8. Eyðsluhópar eftir markaðssvæðum.

¹⁷ Þetta er nokkuð algeng skipting í greiningu á ferðamönnum, í low-profit tourists, medium-profit og high-profit tourists.

Skiptingin í eyðsluhópa milli markaðssvæða er mjög svipuð og er einnig mjög jöfn milli hópa.

Fyrri ferðir til Íslands - skipulag ferðar

Stærstur hluti úrtaksins, eða 85,2% hafði aldrei komið áður til Íslands, 7,2% höfðu einu sinni komið áður til landsins og 2,8% höfðu komið tvisvar áður. 4,5% höfðu komið þrisvar sinnum eða oftár og þess voru jafnvel dæmi að viðkomandi hefði komið átta sinnum, tíu sinnum og jafnvel tólf sinnum áður. Meðaltal á fyrri ferðum til Íslands er 0,5 ferðir.

Þátttakendur voru einnig spurðir að því hvernig ferðin væri skipulögð, hvort viðkomandi væri í hópferð, hvort leiðsögumaður væri íslenskur o.s.frv. Flestir reyndust vera í hópferð með íslenskum leiðsögumanni, eða 46,9%. Næst komu hópferðir með erlendum fararstjórum en 27,7% úrtak ferðaðist með því fyrirkomulagi. 19,5% voru á eigin vegum og 5,8% í hópferð án leiðsögumanns.

Ef lítið er á nokkrar bakgrunnsbreytur til frekari greiningar kemur í ljós að lítilsháttar frávik eru innan þeirra en niðurstöður koma fram í töflu II.1.9. Svör eru fleiri en úrtak því þátttakendum var gefinn kostur á að merkja við fleiri en einn svarmöguleika og nokkrir ferðast á fleiri en einn veg, koma t.d. bæði í hópferð með íslenskum fararstjóra og eyða svo hluta ferðalagsins með því að ferðast á eigin vegum. Hlutfallstölur sem koma fram er hlutfall af þátttakendum, þ.e. hve margir hafi nefnt tiltekinn svarmöguleika.

BAKGRUNNUR	á eigin vegum	í hóp án leiðsagnar	í hóp m. erl. leiðs.	í hóp m. ísl. leiðs.	annað	Alls
<i>kyn</i>						
karlar - fjöldi / %	315 / 53,6%	42 / 7,1%	99 / 16,8%	143 / 24,3%	4 / 0,7%	588
konur - fjöldi / %	245 / 42,5%	25 / 4,3%	134 / 23,3%	188 / 32,6%	0 / 0%	576
<i>aldur</i>						
14-24 ára	112 / 57,1%	12 / 6,1%	39 / 19,9%	37 / 18,9%	0 / 0%	196
25-34 ára	244 / 56%	26 / 6%	82 / 18,8%	93 / 21,3%	2 / 0,5%	436
35-44 ára	114 / 51,8%	13 / 5,9%	39 / 17,7%	63 / 28,6%	1 / 0,5%	220
45-59 ára	77 / 32,2%	15 / 6,3%	57 / 23,8%	92 / 38,5%	1 / 0,4%	239
60-76 ára	12 / 19,7%	0 / 0%	13 / 21,3%	38 / 62,3%	0 / 0%	61
<i>menntun</i>						
grunnmenntun	30 / 39%	2 / 2,6%	19 / 24,7%	28 / 36,4%	0 / 0%	77
framhaldsmenntun	270 / 53%	23 / 4,5%	114 / 22,4%	115 / 22,6%	1 / 0,2%	509
háskólamenntun	259 / 45,6%	42 / 7,4%	97 / 17,1%	182 / 32%	3 / 0,5%	568
<i>markaðssvæði</i>						
N-lönd	43 / 62,3%	9 / 13%	2 / 2,9%	18 / 26,1%	0 / 0%	69
N-V-Evrópa	424 / 51%	57 / 6,9%	215 / 25,9%	149 / 17,9%	4 / 0,5%	831
S-Evrópa	81 / 35,1%	0 / 0%	11 / 4,8%	147 / 63,6%	0 / 0%	231
N-Ameríka	4 / 26,7%	1 / 6,7%	0 / 0%	11 / 73,3%	0 / 0%	15
Önnur lönd	9 / 52,9%	0 / 0%	4 / 23,5%	5 / 29,4%	0 / 0%	17
Fjöldi svara	233	67	331	561	4	1193
hlutfall svara	19,5%	5,8%	27,7%	46,9%	0,3%	

Tafla II.1.9. Fyrirkomulag ferða eftir bakgrunni.

Fleiri karlar ferðast á eigin vegum og fleiri konur í hóp, hvort heldur sem er með erlendum eða íslenskum fararstjóra. Því yngra sem ferðafólk er, því líklegra er það til að ferðast á eigin vegum án leiðsagnar og hinir elstu, þ.e. 60 ára og eldri fara fremur í hópferð með íslenskum fararstjórum en aðrir. Lítil munur er á milli menntunarhópa, en ákveðið mynstur kemur aftur á móti í ljós þegar litið er til markaðssvæða. Norðurlandabúar virðast ferðast mikið á eigin vegum, ferðafólk frá N-V-Evrópu er einnig mikið fyrir það, en einnig að ferðast í hópum með erlenda fararstjóra. Suður-Evrópubúar ferðast gjarnan í hóp með íslenskan fararstjóra. Varasamt er að draga nokkrar ályktanir af N-Ameríkönnum og ferðafólki frá öðrum löndum vegna smæðar hópanna.

Tilgangur ferða og ástæða fyrir komu

Megintilgangur ferða er mjög fjölbreytilegur meðal úrtaksins og voru alls skráðar 73 ólíkar ástæður fyrir tilgangi ferða,¹⁸ alls 2062 atriði, en í töflu II.1.10. eru þau flokkuð niður í nokkra þætti. Margir nefna fleiri en eitt atriði og því er fjöldi svara hærri en úrtakið sjálft er. Hlutfallstölur sýna hve mikill hluti úrtaks nefnir málaflokkinn, hve mörg prósent ferðamanna.

Málaflokkur	Fjöldi	%	Málaflokkur	Fjöldi	%
náttúran	420	36,8%	dýralíf/fuglalíf	47	4,1%
jarðfr./landufr.	381	33,4%	fri	35	3,1%
sjá/kynnast Íslandi	340	29,8%	sjá e-ð nýtt/öðruvisi	29	2,5%
landslagið	229	20,1%	gróðurfar/gróðurleysi	28	2,5%
útivist/íþróttastundun	244	21,4%	fólksfæð/afskekkt	20	1,8%
fólkið	81	7,1%	ljósmyndun	19	1,7%
saga/menning	60	5,3%	kyrðin	15	1,3%
þættir í náttúru tilteknir	55	4,8%	hreinleiki	11	1%
annað	48	4,2%	Alls	2062	180,7%

Tafla. II.1.10. Tilgangur ferðarinnar til Íslands.

Flestir nefna náttúruna sjálfa sem tilgang ferðarinnar, eða 36,8% úrtaksins og 20% nefna landslag. Þá nefna 4,8% aðra þætti í náttúru, eða eiginleika hennar, eins og ósnortna náttúru, nálægð við náttúruna, hverir, eldvirknisvæði o.fl. Margir nefna einnig jarðfræði eða landafræði sem ástæðu fyrir komu sinni, og nokkur fjöldi var jafnvel í námstengdri ferð, þar sem jarðfræði var viðfangsefnið. Nokkuð margir nefna einnig útivist og íþróttastundun, en gönguferðir, klifur, hjólréiðar og hestamennska teljast til þessa þáttar. Alls nefndu 7,1% hinna erlendu ferðamanna fólkið, eða Íslendinga og 5,3% koma til að kynnast sögu eða menningu landsins. Náttúran og þættir henni tengdir virðast vera mjög ráðandi í huga erlendra ferðamanna þegar tilgangur ferða til landsins er annars vegar.

¹⁸ Sjá nánar viðauka II

Áhugi fólks á Íslandi vaknar með ólíkum hætti og var í könnuninni spurt um hvað vakið hefði áhuga viðkomandi á Íslandi. Í töflu II.1.11. eru svörin flokkuð niður, líkt og áður.

Málaflokkur	Fjöldi	%	Málaflokkur	Fjöldi	%
alltaf langað til að koma	607	53,1%	fyrirlestur/myndasýn.	15	1,3%
rád frá vini	351	30,7%	fyrri heimsóknir	15	1,3%
bækur um Ísland	248	21,7%	íslenski hesturinn	12	1%
sjónvarp/blaðagrein	187	16,4%	náttúra og annað henni tengt	9	0,8%
upplýs. frá ferðaskrifst.	70	6,1%	saga/menning	6	0,5%
fræðil. áhugi/nám	45	3,9%	dýralíf/fuglalíf	5	0,4%
v/ vina eða fjölskyldu	20	1,7%	vinna/viðskipti	4	0,3%
annað	20	1,7%	Alls	1635	143%

Tafla. II.1.11. Hvað vakti áhuga viðkomandi á Íslandi.

Sumir nefndu fleiri en eitt atriði, enda geta margir samvirkandi þættir vakið áhuga viðkomandi á Íslandi. Stærstur hluti ferðamanna nefndi að ferð til Íslands væri eitthvað sem þá hefði alltaf langað til að gera, væri gamall draumur. Þetta bendir til þess að fólkið hafi haft vitneskju um Ísland og haft hugmynd um landið sem hugsanlegan stað til að ferðast til. Þá eru margir sem segja að vinir hafi ráðlagt þeim að koma til Íslands, eða 30,7% úrtaks. Slíkt getur gefið vísbendingu um að Ísland njóti í miklum mæli góðs af vitnisburði ánægðra ferðamanna sem hvetji vini og ættingja til að ferðast til Íslands. Aðrir sterkir áhrifaþættir eru bækur um landið, sjónvarpsþættir og blaðagreinar, auk upplýsinga frá ferðaskrifstofum.

Ferðamáti

Fjölbreytni þess hóps sem kemur til Íslands á ári hverju er mikil. Það sem meðal annars er ólíkt með ferðafólki, er hvernig það ferðast. Sumir ferðast um landið með rútu, aðrir á hestum og enn aðrir á tveimur jafnfjótum, svo dæmi sé nefnt. Þátttakendum var gefinn kostur á að nefna fleiri en einn ferðamáta, þar sem oft notast einn og sami einstaklingurinn við margs konar ferðamáta. Því eru tölurnar hærri en fjöldi þátttakenda en í töflu II.1.12. koma fram tengsl nokkurra bakgrunnspátta við ólíka ferðamáta. Hlutfallstölur sem sýndar eru gefa til kynna hlutfall af úrtaki, þ.e. hve mikill hluti þátttakenda hafi svarað tilteknum svarmöguleika.

Ljóst er að nokkuð stór hluti úrtaks ferðast með rútu í ferð sinni, en tæplega 62% úrtaks nefnir rútu sem ferðamáta. Ef litið er á kynjaskiptingu, kemur í ljós að karlar ferðast fremur á hjóli eða á puttanum en konur koma frekar í hestaferðir eða ferðast í rútu en karlar. Ef litið er á aldursskiptingu, kemur í ljós að nokkur munur er á milli aldurshópa. Elstu ferðamennirnir ferðast fremur með rútu en aðrir, og engir þeirra fara á puttanum eða ferðast á hjóli, sem er ferðamáti sem yngsti hópurinn kys fremur en aðrir. Menntun virðist ekki

tengjast ferðamáta á afgerandi hátt, þó kemur í ljós að þeir sem minnst eru menntaðir vilja ekki þuða eins mikið í leyfinu, ferðast síður á hjóli, á puttanum eða gangandi. Ef lítið er á skiptingu í markaðssvæði, kemur í ljós að Norðurlandabúar ferðast frekar á bílum en aðrir, sem fer vel við þær niðurstöður að þeir ferðist fremur á eigin vegum en aðrir. Nokkuð hátt hlutfall þeirra ferðast einnig á hestum, ef miðað er við önnur markaðssvæði. Suður-Evrópubúar ferðast gjarnan með rútu, rúmlega 76% þeirra ferðast með rútu meðan á dvöl þeirra á Íslandi stendur. Eins og fyrr segir er erfitt að meta áreiðanleika gagna um ferðafólk frá Norður-Ameríku og öðrum heimshlutum en nefndir okkum um markaðssvæði, vegna þess hve þeir eru fáir í úrtaki.

BAKGRUNN.	eigin bíll eða leigður	gangandi	hestar	rúta	á putt- annm	hjól	annað	Alls
kyn								
karlar	186 / 31,5%	158 / 26,7%	25 / 4,2%	350 / 59,2%	42 / 7,1%	49 / 8,3%	13 / 2,3%	577
konur	182 / 31,5%	142 / 24,6%	46 / 8%	375 / 65%	26 / 4,5%	17 / 2,9%	40 / 6,8%	591
aldur								
14-24 ára	52 / 26,4%	69 / 35%	18 / 9,1%	126 / 64%	23/11,7%	23/11,7%	5 / 2,5%	197
25-34 ára	143 / 32,7%	139 / 31,8%	24 / 5,5%	263 / 60,2%	38 / 8,7%	29 / 6,6%	33 / 7,6%	437
35-44 ára	83 / 37,7%	54 / 24,5%	14 / 6,4%	119 / 54,1%	6 / 2,7%	7 / 3,2%	11 / 5%	220
45-59 ára	78 / 32,8%	28 / 11,8%	12 / 5%	152 / 63,9%	0 / 0%	7 / 2,9%	4 / 1,7%	238
60-76 ára	12 / 18,8%	8 / 12,5%	3 / 4,7%	54 / 84,4%	0 / 0%	0 / 0%	0 / 0%	64
menntun								
grunnmenntun	25 / 31,6%	8 / 10,1%	5 / 6,3%	46 / 58,2%	0 / 0%	0 / 0%	6 / 7,6%	79
framhaldsm.	158 / 30,9%	128 / 25%	31 / 6,1%	300 / 58,7%	31 / 6,1%	39 / 7,6%	33 / 6,5%	511
háskólamennt.	183 / 32,3%	162 / 28,6%	33 / 5,8%	371 / 65,4%	36 / 6,3%	27 / 4,8%	14 / 2,5%	567
markaðssv.								
N-lönd	36 / 52,2%	17 / 24,6%	10/14,5%	34 / 49,3%	0 / 0%	2 / 2,9%	8 / 11,6%	69
N-V-Evrópa	272 / 32,7%	222 / 26,7%	45 / 5,4%	484 / 58,1%	56 / 6,7%	59 / 7,1%	43 / 5,2%	833
S-Evrópa	55 / 23,7%	52 / 22,4%	16 / 6,9%	178 / 76,7%	12 / 5,2%	1 / 0,4%	2 / 0,9%	232
N-Ameríka	3 / 18,8%	2 / 12,5%	0 / 0%	13 / 81,3%	0 / 0%	0 / 0%	0 / 0%	16
Önnur lönd	3 / 17,6%	6 / 35,3%	0 / 0%	14 / 82,4%	0 / 0%	4 / 23,5%	0 / 0%	17
Fjöldi svara	369	300	71	725	68	66	53	1652
Hlutfall svara	22,3%	18,2%	4,3%	43,9%	4,1%	4%	3,2%	

Tafla II.1.12. Ferðamáti eftir bakgrunni.

Gisting

Ferðafólkið gaf upp hvernig gistingu það notaðist við á Íslandi. Viðkomandi var gefinn kostur á að taka fram fleiri en einn kost, þar sem oft er notast við margs konar gistimáta í einni og sömu ferðinni. Vegna þessa eru gildin fleiri en úrtakið. Tíðnin sem skráð er í töflu II.1.13. sýnir hve oft viðkomandi gistimáti hefur verið tiltekinn af ferðafólkinu.

Flestir, eða 74,7% notast einhvern tímann við tjald í ferðinni, rúmlega 30% eru einhvern tímann í svefnpokaplássu eða bændagistingu og tæplega 30% í skálum. Nokkur munur kemur fram milli hópa, t.d. gista elstu gestirnir frekar á hótélum en aðrir aldurshópar og yngri fólkið notast fremur við tjald. Hlutfall þeirra sem gista á einkaheimilium er hæst meðal Norðurlandabúa og það vekur athygli að tæplega helmingur þess hóps sem kemur frá Suður-Evrópu, notast við bændagistingu eða svefnpokaplássu í ferðinni. Lítil munur er á milli menntunaráhópa og ekki er teljandi munur milli kynja.

BAKGRUNNUR	hótel	bændagist. svefnp.pláss	skálar	tjald	einka- heimili	húsbíll	Alls
<i>kyn</i>							
karlar	98 / 16,6%	171 / 29%	158 / 26,8%	456 / 77,4%	29 / 4,9%	19 / 3,2%	589
konur	104 / 18,1%	199 / 34,7%	177 / 30,8%	413 / 72%	30 / 5,2%	18 / 3,1%	574
<i>aldur</i>							
14-24 ára	25 / 12,8%	46 / 23,5%	51 / 26%	159 / 81,1%	17 / 8,7%	2 / 1%	196
25-34 ára	45 / 10,3%	137 / 31,4%	128 / 29,4%	370 / 84,9%	21 / 4,8%	10 / 2,3%	436
35-44 ára	49 / 22,4%	72 / 32,9%	60 / 27,4%	163 / 74,4%	9 / 4,1%	8 / 3,7%	219
45-59 ára	47 / 19,9%	93 / 39,4%	69 / 29,2%	145 / 61,4%	11 / 4,7%	15 / 6,4%	236
60-76 ára	30 / 46,9%	19 / 29,7%	22 / 34,4%	24 / 37,5%	1 / 1,6%	2 / 3,1%	64
<i>menntun</i>							
grunnenntun	20 / 25,3%	19 / 24,1%	18 / 22,8%	53 / 67,1%	5 / 6,3%	4 / 5,1%	79
framhaldsmennt.	79 / 15,6%	150 / 29,6%	143 / 28,2%	381 / 75,1%	30 / 5,9%	22 / 4,3%	507
háskólamenntun	98 / 17,3%	196 / 34,6%	170 / 30%	428 / 75,5%	24 / 4,2%	11 / 1,9%	567
<i>markaðssv.</i>							
N-lönd	20 / 29,4%	20 / 29,4%	19 / 27,9%	45 / 66,2%	13 / 19,1%	2 / 2,9%	68
N-V-Evrópa	122 / 14,7%	233 / 28%	243 / 29,2%	640 / 77%	28 / 3,4%	31 / 3,7%	831
S-Evrópa	47 / 20,3%	109 / 47%	64 / 27,6%	165 / 71,1%	14 / 6%	4 / 1,7%	232
N-Ameríka	9 / 60%	3 / 20%	3 / 20%	6 / 40%	3 / 20%	0 / 0%	15
Önnur lönd	3 / 18,8%	3 / 18,8%	5 / 31,3%	13 / 81,3%	1 / 6,3%	0 / 0%	16
Fjöldi svara	202	370	335	870	59	37	1873
Hlutfáll svarenda	17,4%	31,8%	28,8%	74,7%	5,1%	3,2%	

Tafla II.1.13. Gistimáti eftir bakgrunni.

II. 2. GRUNNSPURNINGAR - LANDIÐ ALLT

Áhugaverðustu hlutirnir á Íslandi og í náttúru Íslands

Alls voru sett fram 1824 tilsvör við spurningunni um hvað viðkomandi finndist vera áhugaverðast á Íslandi. Í töflu II.2.1. eru þau sett fram flokkuð og kemur fram fjöldi tilsvara sem fellur undir hvern málaflokk og í framhaldi af því hve mikill hluti úrtaks nefndi þennan tiltekna málaflokk. Þátttakendur gátu nefnt fleiri en eitt atriði og því er samanlögð hlutfallstala hærri en eitt hundrað.

Málaflokkur	Fjöldi	%	Málaflokkur	Fjöldi	%
náttúran	390	35,2%	viðáttan	42	3,8%
landslagið	264	23,8%	hreinleikinn	41	3,7%
eldfjöll/eldvirknisvæði	173	15,6%	fossar/ár	40	3,6%
fjölbreytt landslag	124	11,2%	tilteknir staðir	33	3%
annað tengt náttúru	122	11%	kyrrð	31	2,8%
jarðfræði	105	9,5%	allt	26	2,3%
hverir/háhitasvæði	85	7,7%	birtan/litir	25	2,3%
jöklar	76	6,9%	fjöllin	25	2,3%
fólkið	61	5,5%	saga/menning	23	2,1%
dýralíf/fuglalíf	57	5,1%	útivist/sport	12	1,1%
fólksfæð/óbyggðir	48	4,3%	annað	21	1,9%
			Alls	1824	164,6%

Tafla. II.2.1. Hvað er áhugaverðast á Íslandi.

Tafla II.2.1. skýrir sig að mestu leyti sjálf en það sem er mest áberandi er að náttúra og þættir henni tengdir eru ríkjandi í því sem ferðafólk tiltekur sem áhugaverðustu hlutina á Íslandi. Þrjátíu og þrír nefndu tiltekna staði á Íslandi og voru Landmannalaugar, Öskjussvæðið, Krafla og Mývatnssvæðið tíðast nefnd. Í almennum athugasemdum var náttúra Íslands einnig mjög áberandi og notar fólk sterk lýsingarorð til að koma til skila upplifun sinni. Í þeim þætti sem nefnist *fólkið* eru mörg ólík atriði tiltekin. Lítil þjóð og þó svo nútímaleg heillar einn, á meðan annar nefnir „gama safnvörðinn á minjasafninu að Skógum” sem það áhugaverðasta í Íslandsferðinni.

Þátttakendur voru einnig spurðir sérstaklega hvað heillaði þá mest í náttúrunni sjálfri. Alls voru skráð 1538 svör, en þau eru flokkuð í töflu II.2.2. Taflan skýrir sig að mestu sjálf, en sést vel hve fjölbreyttir þeir þættir í náttúru Íslands eru sem heilla ferðafólk. Þeir tilteknu staðir á landinu sem tíðast eru nefndir eru Landmannalaugar, Mývatn, Öskjussvæðið, Krafla og Námaskarð.¹⁹


¹⁹ Sjá nánar óflokkuð svör í viðauka II

Málaflokkur	Fjöldi	%	Málaflokkur	Fjöldi	%
eldfjöll/eldvirknisvæði	152	15,7%	hálendið/óbyggðir	43	4,4%
fjölbreytt landslag	138	14,2%	andstæður	42	4,3%
hverir/háhitavæði	127	13,1%	fjöllin	42	4,3%
ósnortin	118	12,2%	hreinleiki	39	4%
jöklar	107	11%	kyrrðin	32	3,3%
víðáttan	93	9,6%	jarðfræðin	30	3,1%
fossar/ár	84	8,7%	fólksfæð	21	2,2%
birtan/litir	75	7,7%	harðgerð náttúrunnar	20	2,1%
tilteknir staðir	65	6,7%	sjórinn/ströndin	18	1,9%
gróðurfar	61	6,3%	auðnin	16	1,6%
landslagið	59	6,1%	óvænt/öðruvísi	13	1,3%
dýralíf/fuglalíf	51	5,3%	fegurðin	13	1,3%
allt	49	5%	loftslag/veðrabrigði	10	1%
annað	20	2,1%	Alls	1538	158,4%


Tafla. II.2.2. Hvað heillar viðkomandi mest í náttúrunni.

Náttúra Íslands og umhverfismál

Náttúra landsins er ofarlega í huga þeirra ferðamanna sem leið sína leggja til landsins og mikið er gert úr náttúrunni við markaðssetningu á ferðum til Íslands. Þá er gjarnan lögð áhersla á hreinleika náttúrunnar og hve óspillt hún er. Til að komast að álitum þeirra erlendu ferðamanna sem upplifa íslenska náttúru á einn eða annan hátt, var spurt um hvort viðkomandi væri sammála því að náttúra Íslands væri óspillt og hvort íslensk náttúra uppfyllti væntingar svarenda. Myndir II.2.1 og 2 sýna niðurstöðuna.




Mynd II. 2. 1. Náttúra Íslands er óspillt.²⁰




Mynd II. 2. 2. Íslensk náttúra uppfyllir væntingar viðkomandi.²¹

85,8 % voru frekar sammála eða alveg sammála því að íslensk náttúra teldist vera óspillt. Þá telja 75,2% að íslensk náttúra uppfylli væntingar sínar. Þetta bendir til þess að sú ímynd sem gefin er af landinu í auglýsingum erlendis geri ekki óþarflega mikið úr íslenskri náttúru og að hún standist þær kröfur og væntingar sem erlendir ferðamenn gera til hennar.

Reyndar eru náttúra og umhverfismál ofarlega í hugum erlendra ferðamanna sem ferðast í náttúru Íslands og 94,6% þeirra eru fremur sammála eða alveg sammála því að viðkomandi sé umhverfissinnaður einstaklingur. Íslensk ferðapjónusta fær einnig ágætiseinkunn, þar sem 62,8% eru fremur sammála eða alveg sammála því að ferðapjónusta á Íslandi sé almennt umhverfisvæn.




Mynd II. 2. 3. Viðkomandi telur sig vera umhverfissinnaður einstakling.²³




Mynd II. 2. 4. Ferðapjónusta á Íslandi er umhverfisvæn.²²

Viðhorf til stöðu Íslendinga almennt í umhverfismálum er nokkuð lakari, en þó telja 59,7% að staða Íslendinga sé góð eða mjög góð. Nokkur fjöldi hér er hlutlaus og skýrist það að hluta til af því að fólk telur sig ekki hafa nægilega góðar upplýsingar til að taka afstöðu, en í heildina má þó segja að útkoman sé nokkuð jákvæð fyrir Íslendinga. Margir gera þó athugasemdir við umgengni Íslendinga í náttúrunni og telja að landinn setji ferðafólki reglur sem þeir fari ekki sjálfir eftir.



Mynd II. 2. 5. Hvernig er staða Íslendinga í umhverfismálum.²⁴



Mynd II. 2. 6. Hvernig er staða Íslendinga í sorplosunarmálum.²⁵

²² Sjá spurningu nr. 27 í viðauka I


²³ Sjá spurningu nr. 26 í viðauka I

Ferðafólk verður að losa sig við sorp á ferðum sínum og virðast erlendir ferðamenn vera nokkuð ánægðir með almennt ástand sorplosunarmála, 63,4% telja það vera í góðu eða mjög góðu ástandi. Aftur er hér stór hluti hlutlaus og skýrist það að hluta til af því að fólk telur sig ekki hafa nægilegar upplýsingar um það hvað verður af sorpinu. Margir nefna að flokkun sorps sé ábótavant og eins að ruslakörfur mættu vera fleiri. Ferðamenn vilja sjá safnkörfur fyrir endurvinnanlegt sorp og nokkrir minnst á að góð hugmynd væri að hafa nestisumbúðir ferðahópa margnota.


Upplýsingar og leiðsögn.

Þeir erlendu ferðamenn sem leið sína leggja um Ísland á ári hverju ferðast á ólíkan máta og með mismunandi hugarfari. Þeir hafa einnig misgóðan aðgang að leiðsögn og upplýsingum um landið sem þeir sækja heim.

Spurt var um gæði upplýsinga um menningu og sögu annars vegar og hins vegar um gæði upplýsinga um náttúru landsins. Útkoman er nokkuð góð, 43,4% telja gæði upplýsinga um menningu og sögu vera góð og 18,8% mjög góð. Þá telja 51,5% ferðafólksins að gæði upplýsinga um náttúru landsins vera góð og 26% vera mjög góð. Þá skal hafa það í huga að gæði upplýsinga fyrir hverjum og einum er afar sveigjanlegt hugtak og að hér er einungis um að ræða huglægt mat einstaklingsins hverju sinni. Einstaklingar eða hópar leita að ólíkum upplýsingum og hafa áhuga á ólíkum þáttum sem viðkoma menningu, sögu og náttúru landsins.



Mynd II. 2. 7. Gæði upplýsinga um menningu og sögu.²⁶



Mynd II. 2. 8. Gæði upplýsinga um náttúru landsins.²⁷

Þegar fjallað er um þætti sem varða gæði upplýsinga um menningu, sögu og náttúru, vakna gjarnan spurningar um hvaða hópar ferðamanna hafa minnstar upplýsingar og hverjir telji sig standa vel varðandi upplýsingar. Ef litið er til ferðafyrirkomulags, í hvernig ferðum

²⁴ Sjá spurningu nr. 19 í viðauka I

²⁵ Sjá spurningu nr. 17 í viðauka I

²⁶ Sjá spurningu nr. 16 í viðauka I

erlendu gestirnir eru, kemur í ljós að nokkur munur er milli hópa. 85,3% þeirra sem ferðast í hóp með íslenskum leiðsögumönnum telja þær upplýsingar sem þeir hafa um náttúru Íslands góðar eða mjög góðar. Hlutfallið er eilítið lægra meðal annarra hópa og er munurinn nokkur ef litið er til þeirra sem telja sig hafa mjög góðar upplýsingar um náttúru Íslands. Tafla II.2.3 sýnir hlutfall milli hópa, en þar sem svo fáir einstaklingar ferðast með öðru ferðafyrirkomulagi en tiltekið er, er niðurstaðan meðal þeirra ekki marktæk.

GÆÐI UPPLÝSINGA	á eigin vegum	í hóp án leiðs.	í hóp m. erl. leiðs.	í hóp m. ísl. leiðs.	annað	Alls
mjög slæm	2 / 0,4%	0 / 0%	1 / 0,4%	2 / 0,6%	0 / 0%	5
slæm	31 / 5,6%	0 / 0%	2 / 0,9%	4 / 1,2%	0 / 0%	37
hlutlaus	112 / 20,4%	22 / 33,3%	47 / 20,3%	42 / 12,9%	0 / 0%	217
góð	305 / 55,5%	38 / 57,6%	102 / 44,2%	163 / 50%	2 / 28,6%	591
mjög góð	100 / 18,2%	6 / 9,1%	79 / 34,2%	115 / 35,3%	5 / 71,4%	299

Tafla II.2.3. Gæði upplýsinga um náttúru Íslands eftir ferðafyrirkomulagi.


Þegar litið er á gæði upplýsinga um menningu og sögu kemur einnig í ljós nokkur munur, 81% þeirra ferðamanna sem ferðast undir leiðsögn íslensks fararstjóra telur gæði upplýsinga um sögu og menningu Íslands vera góð eða mjög góð. 53,7% þeirra sem ferðast í hóp með erlendan leiðsögumann telja sig hafa góðar eða mjög góðar upplýsingar um sama efni, 53,7% þeirra sem ferðast á eigin vegum og 42,4% þeirra sem ferðast í hóp án leiðsagnar. Í töflu II.2.4. kemur fram hlutfall milli hópa.

GÆÐI UPPLÝSINGA	á eigin vegum	í hóp án leiðs.	í hóp m. erl. leiðs.	í hóp m. ísl. leiðs.	annað	Alls
mjög slæm	10 / 1,8%	0 / 0%	10 / 1,8%	3 / 0,9%	0 / 0%	14
slæm	38 / 6,9%	2 / 3%	38 / 6,9%	4 / 1,2%	0 / 0%	53
hlutlaus	206 / 37,5%	36 / 54,5%	2,6 / 37,5%	55 / 16,9%	1 / 14,3%	365
góð	234 / 42,6%	23 / 34,8%	234 / 42,6%	175 / 53,7%	1 / 14,3%	499
mjög góð	61 / 11,1%	5 / 7,6%	61 / 11,1%	89 / 27,3%	5 / 71,4%	216

Tafla II.2.4. Gæði upplýsinga um sögu og menningu eftir ferðafyrirkomulagi.

Það má því telja að leiðsögn skipti nokkru máli og að íslenskir leiðsögumenn komi vel til skila upplýsingum um náttúru, menningu og sögu, að álitu ferðafólksins. Mikið hlutfall hlutlausra bendir ef til vill til þess að fólk eigi erfitt með að meta gæði þeirra upplýsinga sem það hefur undir höndum um menningu og sögu. Íslenskir fararstjórar fá þakkir fyrir góða frammistöðu frá mörgum í athugasemdum.

Töluverðu máli skiptir hvaða mynd ferðamenn gera sér af landinu fyrir komuna. Þær upplýsingar sem þeir fá fyrir komuna verða til þess að þeir hafa tiltekna væntingar. Hvernig þær standast svo kemur í ljós þegar ferðamaðurinn kemur til landsins. Spurt var um hvort viðkomandi ferðamaður teldi að Ísland væri markaðssett sem ævintýraland í hans heimalandi. Sú mynd virðist vera ríkjandi, 75,2% eru fremur eða alveg sammála slíkri mynd af markaðssetningu Íslands.




Mynd II. 2. 9. Ísland er markaðssett sem ævintýraland í heimalandi viðkomandi.²⁸


Einn þýskur ferðalangur staðfestir þessa mynd af Íslandi: „Í Þýskalandi er Ísland land ævintýranna og þess vegna er spennandi að eyða sumarfríinu hér.“ Margir láta í ljósi ótta varðandi að ævintýraljóminn muni hverfa með frekari uppbyggingu í náttúrunni. Eins og áður hefur komið fram, virðist ímynd íslenskrar náttúru standast væntingar ferðafólks.

Vega- og mannvirkjagerð.

Ferðamannaíðnaður byggir í miklum mæli á samgöngum af einhverju tagi. Hér á Íslandi er vegakerfið það sem helst mæðir á og erlendir ferðamenn kynnast vegakerfinu gjarnan af eigin raun, af ferðum sínum með rútum, af hjólum, eða á eigin bílum, svo dæmi sé nefnt. Spurt var um álit viðkomandi á vegakerfinu á Íslandi. Skiptar skoðanir voru um ástand vegakerfisins, en flestir voru þó hlutlausir 39,1% en nokkrir þeirra sem töldu vegakerfið vera slæmt tóku það sérstaklega fram að vegakerfið væri í svipuðu ástandi og þeir hefðu gert sér hugmyndir um og vildu ekki neinar úrbætur.



Mynd II. 2. 10. Álit viðkomandi á vegakerfinu á Íslandi.²⁹




Mynd III. 2. 11. Betri vegir ættu að verða lagðir til þess að bæta aðgang að hálandinu.³⁰

²⁸ Sjá spurningu nr. 24 í viðauka I

²⁹ Sjá spurningu nr. 18 í viðauka I

Þegar spurt var hvort leggja ætti betri vegi til að bæta aðgang að hálendinu, kom nokkuð afgerandi útkoma, flestir voru alveg ósammála þeirri hugmynd, eða 52%. Alls 71,1% voru því alveg ósammála eða frekar ósammála því að bæta ætti vegi til að auðvelda aðgang að hálendi Íslands.

Erlendir ferðamenn töldu almennt ekki rétt að byggja mannvirki nálægt áhugaverðum stöðum í náttúru Íslands. Þegar spurt var um hvort viðkomandi teldi rétt að byggja mannvirki nálægt áhugaverðum stöðum í náttúru Íslands voru 80,6% frekar ósammála eða alveg ósammála slíku. Eins og síðar verður rætt um telja reyndar margir að byggingar dragi nokkuð úr náttúrulegri ímynd staða. Ýmsir gerðu athugasemdir við þetta málefni og bentu á að þeir væru fyrst og fremst hér vegna náttúrunnar, ekki bygginga.



Mynd II. 2. 12. Byggja ætti byggingar nálægt áhugaverðum stöðum í náttúrunni.³¹

Vonbrigði á Íslandi

Ferðafólkið var spurt að því hver væru mestu vonbrigði þess í Íslandsferðinni. Nefna mátti fleiri en eitt atriði og því er hlutfallstala yfir 100%. Fjöldamörg atriði voru nefnd, en þau sem oftast voru nefnd eru sett upp í töflu II.2.5. þar sem sjá má algengustu atriði sem nefnd voru og skiptingu meðal ólíkra hópa ferðamanna.

Alls höfðu 317 þátttakendur ekki yfir neinu að kvarta, eða 27% úrtaks og má það teljast góð niðurstaða. Þeir þættir sem helst voru nefndir utan þeirra þátta sem fram koma í töflu II.2.5. eru maturinn og samgöngur. Þá kvarta margir yfir tjaldstæðum, hreinlætisaðstöðu þar, að borga þurfi fyrir sturtur, eða að þær séu of fáar. Þá er einnig kvartað um hávaða á tjaldstæðum, að það vanti stað til að hittast og borða nesti o.s.frv.³² Það sem fólk nefnir aðallega í athugasemdum sínum er verðlagið, sem fólki finnst hátt, margir taka það þó fram að fríið á Íslandi sé vel þess virði að borga þetta verð fyrir það.

³¹ Sjá spurningu nr. 21 í viðauka I

³² Sjá nánar viðauka III, athugasemdir ferðafólksins.

BAK-GRUNNUR	verðlag	ekki neitt	umgengni í nátt.	veðurfar	fjöldi ferðam.	vegir	annað	Alls
kyn								
karlar	315 / 55,6%	142 / 25%	36 / 6,3%	64 / 11,3%	59 / 10,4%	44 / 7,8%	92 / 16,2%	567
konur	274 / 49,8%	175 / 31,8%	22 / 4%	79 / 14,4%	55 / 10%	35 / 6,4%	92 / 16,7%	550
aldur								
14-24 ára	102 / 53,7%	47 / 24,7%	10 / 5,3%	33 / 17,4%	36 / 18,9%	19 / 10%	30 / 15,8%	190
25-34 ára	245 / 58,7%	102 / 24,2%	21 / 5%	68 / 16,2%	49 / 11,6%	29 / 6,9%	66 / 15,7%	421
35-44 ára	93 / 44,9%	58 / 28%	16 / 7,7%	21 / 10,1%	15 / 7,2%	20 / 9,7%	47 / 22,7%	207
45-59 ára	120 / 52,6%	79 / 34,6%	10 / 4,4%	19 / 8,3%	10 / 4,4%	8 / 3,5%	29 / 12,7%	228
60-76 ára	25 / 42,4%	25 / 42,2%	1 / 1,7%	1 / 1,7%	3 / 5,1%	3 / 5,1%	11 / 18,6%	59
menntun								
grunnenntun	37 / 50%	22 / 29,7%	3 / 4,1%	9 / 12,2%	4 / 5,4%	5 / 6,8%	15 / 20,3%	74
frámhaldsmennt.	248 / 50,8%	139 / 28,5%	33 / 6,8%	58 / 11,9%	60 / 12,3%	37 / 7,6%	69 / 14,1%	488
háskólamenntun	302 / 55,5%	149 / 27,4%	21 / 3,9%	75 / 13,8%	48 / 8,8%	36 / 6,6%	99 / 18,2%	544
markaðssv.								
N-lönd	24 / 36,9%	21 / 32,3%	2 / 3,1%	8 / 12,3%	5 / 7,7%	9 / 13,8%	20 / 30,8%	65
N-V-Evrópa	404 / 51%	225 / 28,4%	53 / 6,7%	97 / 12,2%	93 / 11,7%	49 / 6,2%	123 / 15,5%	729
S-Evrópa	142 / 62,3%	60 / 26,3%	2 / 0,9%	37 / 16,2%	14 / 6,1%	18 / 7,9%	33 / 14,5%	288
N-Ameríka	9 / 56,3%	6 / 37,5%	1 / 6,3%	0 / 0%	2 / 12,5%	2 / 12,5%	2 / 12,5%	16
Önnur lönd	8 / 57,1%	5 / 35,7%	0 / 0%	1 / 7,1%	0 / 0%	1 / 7,1%	6 / 42,9%	14
Fjöldi svara	589	317	58	143	114	79	184	1484
hlutfall svara	52,7%	28,4%	5,2%	12,8%	10,2%	7,1%	16,5%	132,9%

Tafla II.2.5. Vonbrigði erlendra ferðamanna á Íslandi, flokkuð eftir bakgrunni.

Munur milli kynja hvað varðar vonbrigði er mjög lítill, sem og munur milli menntunar- og aldurshópa. Ef litið er á markaðssvæði, kemur í ljós að verðlag veldur Norðurlandabúum hvað síst vonbrigðum, en þeir eru tiltölulega óánægðari með vegi en aðrir, sem og önnur atriði. Í þeim flokki eru umkvörtunarefni eins og Reykjavík og aðrir þéttbýlisstaðir, Íslendingar, maturinn og upplýsingar fyrir ferðamenn.

Margir hinna erlendu ferðamanna benda einnig á nokkur atriði í umgengni Íslendinga um náttúruna og mengun af manna völdum. Fólk hefur tekið eftir bílhraejum við bóndabæi og á víðavangi og undrast margir þann sið landans að láta bíla sína ganga að óþörfu, þegar þeir eru ekki í notkun. Ökulag íslenskra ökumanna er einnig gagnrýnt, þeir sagðir vera tillitslausir. Íslendingar ollu hluta fólks einnig vonbrigðum með því að vera tregir til að tala við þá, en margir telja mikilvægt að kynnast og ræða við innfædda á ferðalögum til að kynnast sögu, menningu og viðhorfi þjóðarinnar. Sumir nefndu að unglingar væru ókurteisir en alls nefndu tuttugu og einn ferðamaður Íslendinga sem mestu vonbrigði í ferðinni, á einn eða annan hátt, sem ekki getur talist hátt hlutfall.³³

II. 3. NÁTTÚRUPERLUR

Lagðir voru spurningalistar fyrir 998 ferðamenn við níu ólíkar náttúruperlur á Íslandi. Hér á eftir fara heildrænar niðurstöður úr þeim hluta spurningalistanna, auk samanburðar milli náttúruperlna. Þeir staðir sem skilgreindir voru sem náttúruperlur eru Skaftafell, Ásbyrgi, Vesturdalur, Hveravellir, Landmannalaugar, Askja, Herðubreiðalindir, Mývatn og Geysir. Samanburður milli náttúruperlna getur verið mjög gagnlegur og má þar sjá hvaða atriði eru til eftirbreytni við náttúruperlur og hvað má bæta. Þessi rannsókn er sérstök að því leyti að ferðamaðurinn leggur mat á náttúruperluna og umhverfi hennar þegar hann er staddur á staðnum og hefur því gott tækifæri til að veita og meta þá þætti sem spurt er um í rannsókninni. Hver þessara staða hefur sín sérkenni sem laða að ferðamenn, en einnig er aðstaða á hverjum stað með ólíkum hætti og sitt sýnist hverjum um framtíðaruppbyggingu á stöðunum. Samanburður milli staða er hentugur til að hafa til hliðsjónar til að veita og meta hvern stað fyrir sig, en eins og áður sagði er hver staður með sín sérkenni og ef til vill er erfðast að bera saman staði í náttúrunni, þar sem aðstæður vegna náttúrulegra skilyrða eru með ólíkum hætti. Ber því að taka samanburði með ákveðnum fyrirvara og líta á niðurstöður varðandi einstakar náttúruperlur sem vísbendingar fremur en staðreyndir.

Listarnir voru lagðir fyrir á níu náttúruperlum og kemur fjöldi þátttakenda við hverja perlu fram í töflu II.3.1. Hún sýnir að fjöldi þátttakenda við hverja náttúruperlu er afar mismunandi og helgast það af mörgum þáttum. Rannsóknarhópur lagði einungis einu sinni fyrir lista í Herðubreiðarlindum og á Öskjussvæðinu. Mjög fáir voru á því svæði þegar listar voru settir fyrir, enda hafði ferðafólk teppst á svæðinu vegna hlaups í Kreppu og rannsóknarhópur ekki komist á staðinn. Þessa daga sem rannsóknin var lögð fyrir reyndust vera frábrugðnir öðrum dögum sumarsins, sökum þess hve fáir gestir voru á staðnum. Þátttakendur eru flestir á Mývatni, þá á Hveravöllum og í Landmannalaugum.


NÁTTÚRUPERLUR	Fjöldi	%
Skaftafell	121	12,12%
Ásbyrgi	111	11,12%
Vesturdalur	8	0,8%
Landmannalaugar	193	19,34%
Hveravellir	220	22,04%
Askja	12	1,2%
Herðubreiðalindir	50	5%
Mývatn	244	24,45%
Geysir	39	3,9%
Heildarfjöldi	998	100%

Tafla II.3.1. Náttúruperlur og fjöldi þátttakenda.


Í samanburði er Ásbyrgi og Vesturdalur talið sem ein náttúruperla, Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum og Öskjussvæðið er talið með Herðubreiðarlindum.

Náttúruperlan og umgengni gesta

Ferðamaðurinn var spurður um álit á staðnum. Náttúruperlurnar fengu almennt mjög góða einkunn, 85,4% þeirra kunnu vel eða mjög vel við viðkomandi náttúruperlu. Þá telja flestir að umgengni gesta um staðina sé góð, 66,2% telja að umgengnin sé góð eða mjög góð. Þó nefna nokkrir í athugasemdum umgengni gesta, eða að fjöldi ferðamanna sé þegar of mikill á svæðinu.



Mynd II. 3. 1. Afstaða til staðarins almennt.³⁴



Mynd II. 3. 2. Hvernig er umgengni gesta um staðinn?³⁵

Í töflu II.3.2. er gerður samanburður milli staða, þar sem hlutfall þeirra sem svara hverjum svarmöguleika á hverjum stað kemur fram.

NÁTTÚRUPERLA	Hvernig fannst viðkomandi staðurinn					Hvernig er umgengni gesta um staðinn				
	mj. neikv.	neikv.	hlutlaus	jákv.	mj. jákv.	mj. slæm	slæm	hlutlaus	góð	mj. góð
Þjóðgarðar										
Skattafell	0%	0,9%	14,3%	53,6%	31,3%	0%	0%	30%	54,5%	15,5%
Jökulsárgljúfur	0%	0%	12,6%	38,7%	48,6%	0%	0,9%	34%	44,3%	20,8%
Staðir á hálendi										
Landmannalaugar	0,5%	1,1%	5,3%	34,8%	58,3%	0%	1,1%	28,7%	47,5%	22,7%
Hveravellir	0%	2,5%	10,5%	49%	38%	0,5%	2,6%	28,5%	47,2%	21,2%
Herðubreiðalindir	0%	3,4%	25,9%	25,9%	44,8%	1,9%	1,9%	32,1%	37,75	26,4%
Staðir á láglandi										
Mývatnssvæðið	0,5%	1,8%	13,4%	40,6%	43,8%	0,5%	2%	32,7%	50,2%	14,6%
Geysir í Haukadal	0%	5,6%	33,3%	33,3%	27,8%	0%	5,7%	60%	31,4%	2,9%
Hlutfall svara	0,2%	1,7%	12,7%	41,4%	44%	0,3%	1,7%	31,8%	47,3%	18,8%

Tafla II.3.2. Samanburður á náttúruperlum. Afstaða til staðarins og hvernig fólk telur umgengni gesta um staðinn háttað.


³⁴ Sjá spurningu nr. 33 í viðauka I

³⁵ Sjá spurningu nr. 36 í viðauka I


Fremur lítill munur er milli staða, en ef til vill er áhugaverðast að líta á hverjir eru mjög jákvæðir gagnvart náttúruperlunum annars vegar og hverjir telja að umgengni gesta um staðinn sé mjög góð. Þar kemur nokkur munur í ljós og er hægt að velta fyrir sér af hverju hann stafí. Landmannalaugar fá mjög góða einkunn, sem og Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum.

Öryggismál og hreinlæti

Öryggismál hafa nokkuð verið í umræðunni undanfarin ár á Íslandi. Fjöldamörg dæmi eru um að ferðamenn slasist í náttúru Íslands, enda er margt að gæta. Erlenda ferðafólkið gaf náttúruperlunum yfirleitt góða einkunn, 57,5% telja að öryggismál séu í góðu eða mjög góðu lagi á viðkomandi stað. Staðirnir fá nokkuð góða einkunn hvað varðar hreinlæti en 66,6% telja það í góðu eða mjög góðu lagi.



Mynd II. 3.3. Hvernig er öryggismálum á staðnum háttað?³⁷



Mynd II. 3.4. Hvernig finnst þér hreinlæti staðarins?³⁶

NÁTTÚRUPERLA	Ástand öryggismála				Ástand hreinlætis					
	mj. slæmt	slæmt	hlutlaus	gott	mj. gott	mj. slæmt	slæmt	hlutlaus	gott	mj. gott
Þjóðgarðar										
Skaftafell	0%	5,6%	35,2%	49,1%	10,2%	0,9%	1,8%	25,2%	47,7%	24,3%
Jökulsárgljúfur	3,8%	11,4%	30,5%	41%	13,3%	0%	0,9%	28,2%	40,9%	30%
Staðir á hálendi										
Landmannalaugar	2,3%	9,2%	37%	39,9%	11,6%	1,2%	4,7%	26,7%	46,5%	20,9%
Hveravellir	0%	3,1%	28,6%	43,8%	24,5%	1,6%	2,7%	26,6%	46,3%	22,9%
Herðubreiðalindir	0%	7,7%	44,2%	40,4%	7,7%	1,9%	0%	37%	29,6%	31,5%
Staðir á láglendi										
Mývatnssvæðið	1,5%	5,4%	33,5%	43,8%	15,8%	1%	6,6%	22,8%	43,1%	26,4%
Geysir í Haukadal	0%	16,7%	44,4%	33,3%	5,6%	0%	11,1%	77,8%	5,6%	5,6%
Hlutfall svara	1,3%	7%	34,1%	42,7%	15%	1%	3,8%	28,6%	42,4%	24,2%

Tafla II.3.3. Samanburður á náttúruperlum. Ástand öryggismála og hreinlætismála.

³⁶ Sjá spurningu nr. 35 í viðauka I


³⁷ Sjá spurningu nr. 34 í viðauka I

Ef litið er á samanburð á milli staða hvað varðar öryggismál og hreinlætismál kemur t.d. í ljós að Hveravellir koma mjög vel út hvað varðar öryggismál og Mývatnssvæðið og Skaftafell hvað varðar hreinlætismál. Niðurstöður varðandi þessa þætti koma fram í töflu II.3.3. Í athugasemdum voru stígar við fessa nefndir í sambandi við öryggismál og þótti nokkuð upp á skorta að frágangur væri viðunandi. Margir nefndu einnig að fleiri ruslakörfur vantaði á ferðamannastaði og aðstöðu til flokkunar sorps.


Þá er áberandi í athugasemdum hve margir minnst á salernisaðstöðu, sturtur og þvottaaðstöðu, sem hluti sem betur mega fara á stöðunum. Í Landmannalaugum og Hveravöllum var nokkuð beðið um búningsaðstöðu og sturtur og áberandi var hve margir kvörtuðu yfir verðinu á sturtum í Þjóðgörðunum.

Merkingar og upplýsingar

Merkingar og aðgangur að upplýsingum um einstaka staði og við hverja náttúruperlu er með ólíkum hætti. Fólk var jákvætt út í merkingar og skilti á staðnum, sem og hvernig aðgengi að upplýsingum um staðinn væri háttað. Þá ber þess að geta að listarnir voru vanalega settir fyrir á fjölmennustu ferðamannastöðunum þar sem mikið er lagt upp úr merkingum og upplýsingum fyrir ferðamenn. Margir gerðu athugasemdir um merkingar við áhugaverða staði, kvörtuðu yfir að ef skilti væru til staðar, væru skýringar á fáum tungumálum, enda er staðreyndin sú að merkingar og skýringar eru oft einungis á íslensku og ensku, tungumálum sem hluti ferðamannahópsins skilur ekki.



Mynd II. 3. 5. Hvernig eru merkingar og skilti á staðnum?³⁸



Mynd II. 3. 6. Hvernig er aðgengi að upplýsingum um staðinn?³⁹

Þjóðgarðarnir fá hvað besta einkunn hvað varðar merkingar og aðgengi að upplýsingum um Skaftafell virðist í huga ferðafólksins vera mjög gott. Íslenskum leiðsögumönnum var hrósað í athugasemdum, og einnig var skálavörðum og landvörðum hrósað fyrir vinsamlegt viðmót og fyrir að gefa greinargóðar upplýsingar.

³⁸ Sjá spurningu nr. 37 í viðauka I

Upplýsingamiðstöðinni á Mývatni er hrósað og vísa nokkrir til hennar og leggja til að sett verði á stofn jöklasafn í Skaftafelli með upplýsingum um mótun og myndun jökla. Þá minnst margir á að gönguleiðir mættu vera betur merktar og meira mætti vera um kort með gönguleiðum, þar sem fjarlægðir og göngutími kæmi fram. Margir virðast hafa rekið sig á að finna ekki nógu nákvæm göngukort og einnig vill ferðafólkið fá greinargóðar upplýsingar um veðurspár í upplýsingamiðstöðvum. Upplýsingar um jarðfræði staða og gróðurfar, auk merkinga og upplýsinga um viðkvæm svæði svo fólk geti varast að valda tjóni í náttúrunni væru einnig vel þegnar af ferðafólki. Á Mývatni minnst nokkrir á að betri merkingar mættu vera til staðar við göngustíga, sem og að meiri upplýsingar mættu vera við áhugaverða staði við vatnið.


NÁTTÚRUPERLA	Merkingar og skilti á staðnum					Aðgengi að upplýsingum um staðinn				
	mj. slæmar	slæmar	hlutlaus	góðar	mj. góðar	mj. slæmt	slæmt	hlutlaus	gott	mj. gott
<u>Þjóðgarðar</u>										
Skaftafell	0%	6,3%	16,1%	57,1%	20,5%	0,9%	7,2%	12,6%	57,7%	21,6%
Jökulsárgljúfur	0,9%	5,5%	30,9%	43,6%	19,1%	1,9%	6,5%	28%	48,6%	15%
<u>Staðir á hálendi</u>										
Landmannalaugar	3,8%	8,2%	34,1%	40,1%	13,7%	1,7%	13,3%	27,2%	41,7%	16,1%
Hveravellir	0%	8,8%	34,2%	42%	15%	1%	6,2%	33,7%	49,2%	9,8%
Herðubreiðalindir	0%	5,4%	44,6%	37,5%	12,5%	0%	16,4%	43,6%	29,1%	10,9%
<u>Staðir á láglendi</u>										
Mývatnssvæðið	1%	7,8%	30,6%	48,5%	12,1%	0%	7,2%	22,7%	50,7%	19,3%
Geysir í Haukadal	2,9%	0%	48,6%	22,9%	25,7%	2,9%	2,9%	35,3%	35,8%	23,5%
Hlutfáll svara	1,2%	7,2%	31,9%	44,2%	15,5%	1%	8,6%	27,2%	47,2%	16%

Tafla II.3.4. Samanburður á náttúruperlum. Merkingar og aðgengi að upplýsingum.


Byggingar og mannvirki við náttúruperlurnar

Umræða meðal Íslendinga um uppbyggingu á ferðamannastöðum í náttúru Íslands hefur verið mikil, en hér er spurningunni um afstöðu ferðamannanna velt upp. Skiptar skoðanir voru um hvort ferðamaður teldi að byggingar og mannvirki drægju úr upplifun hans á viðkomandi stað sem náttúruperlu. 36,2% töldu að svo væri í miklum eða mjög miklum mæli en 53,9 töldu að slíkt væri í litlum mæli eða alls ekki. Þá voru þátttakendur einnig beðnir að meta hvort nokkuð annað drægi úr upplifun þeirra á staðnum. Athygli vekur að 37% töldu að svo væri í miklum eða mjög miklum mæli.

Þegar litið er til viðhorfa ferðafólksins til þess hvort mannvirki dragi úr gildi staðarins, sem og hvort eitthvað annað dragi úr gildi staðarins, er áhugavert að Skaftafell annars vegar og Geysir og Herðubreiðalindir hins vegar virðast skera sig eilítið frá öðrum náttúruperlum. Sjá má samanburð milli staða í töflu II.3.5.



Mynd II. 3. 7. Finnst viðkomandi að byggingar og önnur mannvirki dragi úr upplifun hans á staðnum.⁴⁰



Mynd II. 3. 8. Finnst viðkomandi að eitthvað annað dragi úr upplifun hans á staðnum sem náttúruperlu.⁴¹

NÁTTÚRUPERLA	Mannvirki draga úr gildi staðarins					Er annað sem dregur úr gildi staðarins				
	alls ekki	lítið	hlutlaus	mikið	mj. mikið	alls ekki	lítið	hlutlaus	mikið	mj. mikið
<u>Þjóðgarðar</u>										
Skaftafell	23,9%	43,1%	8,3%	19,3%	5,5%	38,9%	25,9%	16,7%	12%	6,5%
Jökulsárgljúfur	20,2%	23,9%	11,9%	22%	22%	21,5%	36,4%	19,6%	15,9%	6,5%
<u>Staðir á hálendi</u>										
Landmannalaugar	22,4%	36,6%	9,8%	14,8%	16,4%	26,8%	32,4%	19%	10,6%	11,2%
Hveravellir	19,8%	34,5%	12,7%	18,3%	14,7%	30,4%	27,7%	14,7%	15,7%	11,5%
Herðubreiðalindir	15,8%	33,3%	1,8%	14%	35,1%	19%	29,3%	10,3%	17,2%	24,1%
<u>Staðir á láglendi</u>										
Mývatnssvæðið	17,6%	31,9%	11,1%	19,9%	19,4%	20,3%	26,2%	20,3%	22,3%	10,9%
Geysir í Haukadal	11,4%	37,1%	0%	17,1%	34,3%	22,9%	37,1%	8,6%	17,2%	20%
Hlutföll svara	19,8%	34,1%	9,9%	18,2%	18%	26,3%	29,7%	17,2%	15,7%	11,3%

Tafla II.3.5. Samanburður á náttúruperlum. Draga mannvirki, eins og byggingar og stígar úr gildi staðarins og er eitthvað annað sem dregur úr gildi staðarins?

51,4% ferðamanna sem staddir voru á Geysi töldu að mannvirki drægju úr gildi staðarins, og 37,2% töldu að eitthvað annað drægi úr gildi staðarins. 49,1% þeirra sem voru í Herðubreiðalindum töldu að mannvirki dragi úr gildi staðarins og 41,3% töldu að eitthvað annað drægi úr gildi staðarins. Hlutfall sömu svara var lægst í Skaftafelli, 24,8% töldu að mannvirki af einhverju tagi drægi úr gildi staðarins og 18,5% þar töldu að eitthvað annað drægi úr gildi staðarins.

Ferðafólkið sem taldi að eitthvað annað drægi mikið eða mjög mikið úr gildi staðarins, var gefinn kostur á að nefna þá þætti sem þeir voru að vísa til á hverjum stað og voru margir ólíkir hlutir nefndir. Það sem helst er áberandi í þeim athugasemdum er að margir nefndu Kísilverksmiðjuna á Mývatni og flugvöllinn þar sem dæmi um mannvirki sem drægu úr gildi staðarins. Aðrir hlutir sem fólk minnst á eru byggingar, girðingar, rafmagnslínur og fjöldi ferðamanna, svo dæmi séu nefnd. Einn ferðamaðurinn segir: „ég kom til að sjá náttúruna, ekki byggingar..”

Þó fólk virðist almennt vera á móti byggingu mannvirkja, eru margir tjaldbúar sem minnst á að heppilegt væri að hafa skýli á tjaldstæðum þar sem leita mætti skjóls í veðrum,

⁴⁰ Sjá spurningu nr. 39 í viðauka I

þurrka þvott, elda, matast og hitta aðra ferðalanga. Tveir ganga jafnvel svo langt að vilja fá bar í Skaftafelli, þar sem hægt væri að hitta aðra og spjalla á kvöldin. Þá lýsa margir yfir furðu sinni á að jarðhiti skuli ekki vera nýttur í heitar sturtur á tjaldstæðum.

Náttúrugjald

Viðhaldi á stöðum í náttúru Íslands hefur á stundum verið ábótavant og hefur mikið verið rætt um svokallað náttúrugjald, að fólk borgi fyrir aðgang að svæðum og að féð verði notað til viðhalds á svæðinu. Þátttakendur svöruðu hvort þeir væru tilbúnir til að borga náttúrugjald að svæðunum sem þeir voru staddir á hverju sinni. Var svarendum gefinn kostur á að nefna þær upphæðir sem þeir væru tilbúnir til að borga, ef einhverjar voru.

NÁTTÚRUPERLA	Nei	já, engin framlög nefnd	50 kr.	100 kr.	500 kr.	1000 kr.	frjáls framlög
<u>Þjóðgarðar</u>							
Skaftafell	66,1%	2,7%	2,7%	12,5%	5,4%	0,9%	9,8%
Jökulsárgljúfur	55,1%	0,9%	2,8%	14%	5,6%	4,7%	16,8%
<u>Staðir á hálendi</u>							
Landmannalaugar	57%	0,5%	2,2%	17,2%	12,9%	3,8%	6,5%
Hveravellir	50,3%	1%	3,1%	18,5%	12,3%	2,6%	12,2%
Herðubreiðalindir	52,6%	1,8%	1,8%	24,6%	3,5%	0%	15,8%
<u>Staðir á láglandi</u>							
Mývatnssvæðið	57,5%	0,5%	2,2%	17,2%	8%	1,4%	7,1%
Geysir í Haukadal	40,5%	0%	8,1%	21,6%	13,5%	5,4%	10,8%
Hlutfall svara	55,6%	1,1%	3,9%	17,3%	9,3%	2,5%	10,3%

Tafla II.3.6. Samanburður á náttúruperlum. Náttúrugjald.

Þegar litið er á það hlutfall sem dregið er fram í töflu II.3.6, er ef til vill notadryggt að beina kastljósinu að hlutfalli þeirra sem á annað borð vilja borga náttúrugjald og þeirra sem eru á móti slíku gjaldi. Ef heildarafstaða er höfð til hliðsjónar, kemur í ljós að 55,6% eru á móti náttúrugjaldi og þá 44,4% sem telja slíkt koma til greina. 17,3% nefna 100 kr. sem mátulega upphæð og næst mest fylgi er við frjáls framlög, en 10,3% eru fylgjandi slíku. Ef litið er til einstakra náttúruperlna, kemur í ljós að hlutfallið er nokkuð jafnt, en þó er 25,6% munur milli staða þegar mest er. Flestir eru á móti slíku gjaldi í Skaftafelli, eða 66,1%, en hvað fæstir við Geysi, 40,5%.

Áhugavert er að velta upp spurningunni um hvaða hvatar liggi að baki svörnum um náttúrugjald, metur fólk náttúrugjald á stöðunum með tilliti til mikilfengleika náttúrunnar, með tilliti til þess hve viðkvæmur staðurinn er og sérstakur eða jafnvel hvort eitthvað megi bæta á staðnum, að náttúrugjald sé góð hugmynd vegna þess hve aðstæður á staðnum megi bæta. Fjöldamargir ræddu hugmyndina um náttúrugjald í athugasemdum og kom þar í mörgum tilfellum fram mjög sterk andstaða við hugmyndina. Nokkrir töldu að nú þegar væri nógu dýrt að vera á stöðunum, eðlilegt væri að líta á gjöld fyrir tjaldstæði og þjónustu sem nokkurs konar náttúrugjald. Aðrir nefna að þeir væru tilbúnir til að borga slíkt gjald ef það færi til verndunar náttúrunnar.

II. 4. HÁLENDISSPURNINGAR

Sérstakir spurningalistar sem vörðuðu hálendið voru lagðir fyrir þá ferðamenn sem voru að ferðast á hálendinu. Þeir staðir á hálendinu sem listar voru lagðir fyrir á voru Hveravellir, Landmannalaugar, Herðubreiðarlindir, Nýidalur, Askja og Árbúðir. Spurningarnar beindust að almennri upplifun fólks á hálendinu og afstöðu þess til uppbyggingar þar. Þátttakendur höfðu ferðast mismikið um hálendið, sumir höfðu ferðast víða, en aðrir minna. Alls svörðu 589 einstaklingar hálendislistum og kemur dreifing þeirra fram í töflu II.4.1.

STAÐSETNING	Tíðni	%
Hveravellir	220	37,35%
Landmannalaugar	193	32,77%
Nýidalur	102	17,32%
Herðubreiðarlindir	50	8,59%
Askja	12	2%
Árbúðir	12	2%
Alls	589	100%

Tafla II.4.1. Staðsetning og fjöldi svarenda á hálendi.

Jákvæðustu þættirnir varðandi hálendið

Þáttakendum var gefinn kostur á að nefna það sem þeim þætti best varðandi hálendi Íslands. Flokkuð svör koma fram í töflu II.4.2.⁴² en sumir nefndu fleiri en eitt atriði og því er heildarhlutfallstala hærri en 100%.


Málaflokkur	Fjöldi	%	Málaflokkur	Fjöldi	%
landslagið	104	23,6%	hverir/háhitasvæði	19	4,3%
ósnortin náttúra	98	22,2%	fegurðin	18	4,1%
fólksfæð/afskekkt	86	19,5%	auðnin	18	4,1%
viðáttan	58	13,2%	harðgerð náttúrunnar	15	3,4%
náttúran	53	12%	eldfjöll/eldvirknisvæði	13	2,9%
kyrrðin	39	8,8%	jarðfræðin	12	2,7%
fjölbreytt landslag	31	7%	fjöllin	12	2,7%
jöklar	28	6,3%	allt	10	2,3%
hreinleikinn	26	5,9%	þjónusta	8	1,8%
gróðurfar	25	5,7%	fossar/ár	8	1,8%
litirnir	22	5%	tilteknir staðir	6	1,4%
annað	27	6,1%	Alls	736	166,9%

Tafla II.4.2. Hvað er best varðandi hálendið.


Fjöldamörg atriði voru nefnd, þeir tilteknu staðir sem nefndir voru, voru Sprengisandur, Hvítárnes, Nýidalur og Öskjuvatn. Landslagið og tiltekin einkenni náttúrunnar heilla ferðafólk, hvert á sinn hátt og er því slík flokkun einungis til glöggvunar.

Vegagerð og mannvirkjagerð á hálendi

Vega- og mannvirkjagerð á hálendi Íslands hefur verið umdeild og sitt sýnist hverjum í þeim efnum. Á að halda hinni sérstöku náttúru sem óspilltastri og halda mannvirkjagerð í lágmarki eða ætti að leyfa sem flestum að njóta þess sem hálendið býður upp á og bæta vegi og aðgengi í því skyni? Í rannsókninni var m.a. spurt að því hvort auka ætti fjölda vega á hálendi Íslands. Viðhorf til þeirrar hugmyndar var mjög neikvætt og voru 82,6% hinna erlendu ferðamanna alveg eða frekar ósammála þeirri hugmynd. Þá var einnig spurt um afstöðu til þess að bæta gæði þeirra vega sem fyrir eru á hálendinu. Afstaðan til þeirrar hugmyndar var einnig fremur neikvæð, þó ekki eins afgerandi og varðandi þá hugmynd að auka fjölda vega á hálendinu. 68,8% voru frekar eða alveg ósammála því að bæta ætti gæði þeirra vega sem fyrir eru á hálendi Íslands. Einn tekur sérstaklega fram að honum finnst hálendisvegir vera hluti af náttúrunni og landslaginu og þá eigi ekki að bæta, annar nefnir að náttúra hálendisins eigi að vera nokkurs konar verðlaun fyrir þá sem virkilega nenni að hafa fyrir því að ferðast um það. Þeim sem svöruðu spurningunni játandi var gefinn kostur á að nefna þær leiðir sem bæta mætti. Alls nefndu tuttugu og níu Sprengisandsleið, tuttugu og sjö Kjalveg og tíu einstaklingar leiðina frá Mývatni upp til Öskju, en þetta voru þær leiðir sem oftast voru nefndar.⁴³



Mynd II.4.1. Ætti að auka fjölda vega á hálendinu.⁴⁴



Mynd II.4.2. Bæta ætti gæði þeirra vega sem eru til staðar á hálendinu.⁴⁵


Á hálendi Íslands er stærsta óbyggða svæði í Evrópu allri og hálendið allt er mjög víðfemt. Margir ferðamenn ferðast á eigin vegum og verða því að treysta á þær leiðbeiningar sem gefnar eru í upplýsingaritum, í upplýsingamiðstöðvum og merkingar á vegum. Fólk var

⁴³ Sjá nánar flokkaðar athugasemdir í viðauka III


⁴⁴ Sjá spurningu nr. 48 í viðauka I

⁴⁵ Sjá spurningu nr. 50 í viðauka I

fremur jákvætt varðandi vegamerkingar á hálendinu, 54,7% voru fremur eða alveg sammála því að vegamerkingar á hálendinu væru góðar. Í athugasemdum nefna nokkrir að vegmerkingar mættu vera betri og nokkrir minnst á að upplýsingar um hvar megi finna bensínstöðvar á hálendinu megi vera aðgengilegri. Nokkuð skiptar skoðanir eru varðandi hvort brúa eigi vatnsföll á hálendinu, en þó telja flestir að slíkt eigi ekki að gera, 61,2% eru alveg eða fremur ósammála þeirri hugmynd. Af samtölum við ferðamenn mátti ráða að þeim þætti mikið til þess koma að fara yfir óbrúaðar ár og því myndu brýr draga úr þeirri ævintýrlegu upplifun sem ferðalag á hálendinu er.




Mynd II.4.3. Vegamerkingar á hálendinu eru góðar.⁴⁶




Mynd II.4.4. Brúa á vatnsföll á hálendinu.⁴⁷

Þá hefur landinn einnig fjallað mikið um rafmagnslínur og uppistöðulón á hálendinu. Margir voru hlutlausir gagnvart þeirri fullyrðingu að rafmagnslínur væru truflandi þáttur í umhverfi og náttúru á hálendi Íslands og heldur fleiri hallast að því að vera ósammála slíku, en skiptingin er annars nokkuð jöfn. Svo skiptar skoðanir geta að hluta skýrst af staðsetningu viðkomandi hverju sinni.



Mynd II.4.5. Rafmagnslínur eru truflandi þáttur í umhverfi og náttúru á hálendinu.⁴⁹



Mynd II.4.6. Uppistöðulón auka gildi ferðamannastaða.⁴⁸

⁴⁶ Sjá spurningu nr. 60 í viðauka I


⁴⁷ Sjá spurningu nr. 49 í viðauka I

⁴⁸ Sjá spurningu nr. 59 í viðauka I


⁴⁹ Sjá spurningu nr. 58 í viðauka I

Þegar spurt var hvort uppistöðulón ykju á gildi ferðamannastaða á hálendi Íslands, voru flestir alveg ósammála því, eða 45,4% aðspurðra. Nokkuð margir eru hlutlausir og getur það bent til að fólk hafi ekki leitt hugann að viðfangsefninu. Engir nefna uppistöðulón í athugasemdum sínum um hálendið en nokkrir nefndu rafmagnslínur. Einn ferðalangur benti á að rafmagnslínur væru nauðsynlegar til að uppfylla kröfum nútímapjóðfélaga og því væri óraunhæft að ætlast til að hvergi væri rafmagnslínur að finna í náttúrunni.

Þá var einnig vikið að því hve mikil uppbygging á hálendinu ætti að vera og með hvaða svipmóti. 32,2% voru alveg ósammála því að ferðamannamannvirki ættu öll að hafa sama svipmót eða yfirbragð. Annars voru einnig margir hlutlausir og skiptingin milli annara svarmöguleika var nokkuð jöfn. Af þeim sem skrifuðu athugasemdir um hálendið, var sú skoðun mjög almenn að ekki ætti að hrófla við náttúrunni, og að halda ætti allri uppbyggingu í lágmarki.



Mynd II.4.7. Ferðamannamannvirki eiga öll að hafa sama svipmót/yfirbragð.⁵⁰



Mynd II.4.8. Fjölga ætti þjónustumiðstöðvum á hálendinu.⁵¹

Einnig var spurt hvort viðkomandi væri sammála eða ósammála því að fjölga ætti þjónustumiðstöðvum á hálendinu. 55,8% voru alveg eða frekar ósammála. Fólk var gefinn kostur á að tiltaka hvaða þjónusta ætti að vera til staðar í þjónustumiðstöðvum á hálendinu og kemur fjöldi þeirra sem nefndi hvert atriði fram í töflu II.4.3. Sumir nefna fleiri en eitt atriði og því er hlutfallstala yfir hundrað. Nokkrir gerðu sérstakar athugasemdir við þessa spurningu og ítrekuðu þá skoðun sína að ekki ættu að vera fleiri þjónustumiðstöðvar á hálendinu. Margir nefna salerni og í athugasemdum kemur einnig fram að margir eru á þeirri skoðun að salernisaðstöðu á hálendinu megi bæta.

⁵⁰ Sjá spurningu nr. 58 í viðauka I

⁵¹ Sjá spurningu nr. 62 í viðauka I

<i>Þjónusta</i>	Fjöldi	%
salernisaðstaða	316	68,4%
tjaldstæði	251	54,3%
skálar og eldunaraðstaða	249	53,9%
neyðarskýli	214	46,3%
leiðsögn og upplýsingar	118	25,5%
verslun	106	22,9%
bensínsala	69	14,9%
veitingastaður	43	9,3%
annað	8	1,7%
Heildarfjöldi atriða	1374	297,4%

Tafla. II.4.3. Hvaða þjónusta á að vera til staðar í þjónustumiðstöðvum á hálendinu.

Þá var spurt að því hvort nokkur mannvirki mættu vera til staðar án þess að hugtakið „ósnortið víðerni” glataði merkingu sinni í huga viðkomandi. Mikill minnihluti, eða 15,1% telja að engin mannvirki megi vera til staðar, á meðan 84,9% telja að mannvirki af einhverju tagi megi vera til staðar. Var fólki gefinn kostur á að nefna þau mannvirki sem mættu vera til staðar. Þau mannvirki sem nefnd voru koma fram í töflu II.4.4. Flestir, eða 86,3% nefna skála, 53,8% nefna slóða, 21,3% nefna girðingar og 17,9% nefna þjónustumiðstöðvar. Þó fólk nefni sömu atriðin eru hugmyndir manna gjarnan ólíkar. Sumir sem nefna girðingar hafa í huga varnargirðingar til að vernda tiltekin svæði gegn ágangi, meðan aðrir hafa í huga svipaðar girðingar og þegar eru til staðar á hálendinu. Þá er einnig mismunandi hvað fólk á við með „þjónustumiðstöð” og þá þjónustu sem þar eigi að vera til staðar, eins og fram kom hér að framan. Þá nefnir einn að gjarnan megi vera McDonald's hamborgarastaður á hálendinu.


<i>Málaflokkur</i>	Fjöldi	%
skálar	385	86,3%
slóðar	240	53,8%
girðingar	95	21,3%
þjónustumiðstöðvar	80	17,9%
vegir	69	15,5%
rafmagnslínur	62	13,9%
annað	19	4,9%
annað	48	4,2%
Heildarfjöldi atriða	950	213%

Tafla. II.4.4. Hvaða mannvirki mega vera til staðar án þess að hugtakið „ósnortið víðerni” glati merkingu sinni.


Ferðamenn og fjöldi

Þröng, eða ofsetningur er vel þekkt vandamál á mörgum vinsælum ferðamannastöðum. Ferðamennirnir sjálfir valda kostnaði með veru sinni og í framhaldi af því verður staðurinn ekki eins mikils virði og annars. Ef ferðafólk kemur til Íslands til að njóta einveru og kyrrðar, er mikilvægt að vera ekki stanslaust umkringdur hundruðum ferðamanna. Slíkt er auðsjáanlega erfðleikum bundið ef fjöldi ferðamanna er yfirþyrmandi. Í rannsókninni var spurt hvort að of mikið af ferðamönnum væri á hálendinu. Flestir voru ekki á því, 49,5% voru frekar eða alveg ósammála slíkri fullyrðingu, enda eru mjög margir sem nefna einveru og fólksfæð sem mesta aðráttarafl landsins.

Þá var einnig sett fram sú fullyrðing að mikill fjöldi ferðamanna dragi úr upplifun fólks á hálendinu sem „ósnortinnar víðáttu“. Flestir voru sammála því, 64,2%, sem bendir til þess að ferðafólkið sætti sig við nokkurn fjölda annara ferðamanna á afskekktum svæðum, en upplifi þau síður sem algerlega ósnortið víðerni. Með fjölgun ferðamanna á hálendinu geta aðstæður því breyst á þann veg að töfrar hálendisins hverfi fyrir þann hóp fólks sem í dag leitar þangað.



Mynd II.4.9. Of mikið er af ferðamönnum á hálendinu⁵²




Mynd II.4.10. Mikill fjöldi ferðamanna dregur úr upplifun viðkomandi á hálendinu sem „ósnortins víðernis.“⁵³

Skiptar skoðanir komu fram við hugmyndinni um að takmarka ætti aðgang ferðamanna að hálendi Íslands, en þó voru flestir ósammála, 49,4% voru frekar eða alveg ósammála þeirri hugmynd. Margir leggja mikið upp úr því að Íslendingar geri sem minnst til að laða erlenda ferðamenn til landsins, aðrir telja að kringumstæður hér séu með þeim hætti að fjöldaferðamennska eigi aldrei eftir að festa rætur á Íslandi; „Ég get imyndað mér að Íslendingar vilji auka ferðamannastrauminn til að auka lífsgæði sín - blessunarlega fyrir mig og mína líka mun vedurfarið og verðlagið líklega aldrei ýta undir fjöldaferðamennsku á Íslandi.“


⁵² Sjá spurningu nr. 52 í viðauka I

⁵³ Sjá spurningu nr. 61 í viðauka I

Þá var einnig sett fram sú hugmynd að takmarka ætti mannvirkjagerð við tiltekin svæði og þannig að vernda önnur svæði, halda þeim „ósnortnum.“ Sú hugmynd féll í góðan jarðveg og 72,1% voru fremur eða alveg sammála því.




Mynd II.4.11. Takmarka ætti aðgang ferðamanna að hálendinu.⁵⁴



Mynd II.4.12. Vernda ætti tiltekin svæði á svæðinu gegn röskun og halda þeim „ósnortnum.“⁵⁵

Slæm umgengni í hinna viðkvæmu náttúru Íslands hefur mörgum verið áhyggjuefni og hafa margir kennt hinum erlendu gestum um, fáfræði þeirra og hugsunarleysi. Flestir töldu sig þó vera upplýsta um þær umgengisreglur sem hafðar eru til hliðsjónar í umgengni á hálendi Íslands. 88,7% voru frekar eða alveg sammála því að þeir væru meðvitaðir um umgengisreglur á hálendinu. Margir erlendu gesta gagnrýndu utanvegaakstur jeppa og töldu hjólför utan slóða lýti í náttúrunni.



Mynd II.4.13. Viðkomandi er meðvitaður um þær umgengisreglur sem eru við lýði á hálendi Íslands.⁵⁶

Reyndar má benda á að margar þjódur eru komnar mun lengra á veg í umhverfisvernd en Íslendingar og að mörgum sem til landsins koma er mjög umhugað um umhverfismál og náttúruvernd. Þá eru Íslendingar ekki ætíð til fyrirmyndar varðandi umgengni í náttúrunni

⁵⁴ Sjá spurningu nr. 56 í viðauka I

⁵⁵ Sjá spurningu nr. 57 í viðauka I

og má nefna sem dæmi að tveir þátttakendur tiltóku utanvegaakstur Íslendinga sem dæmi um þau atriði sem mestum vonbrigðum ollu í Íslandsferðinni.

Náttúrugjald inn á hálendi Íslands

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir væru fylgjandi því að borga gjald fyrir aðgang að hálendinu og var gefinn kostur á að tiltaka upphæð. Heldur fleiri voru á móti hugmyndinni, en afstaða til náttúrugjalds inn á hálendið kemur fram í töflu II.4.5. með tilliti til bakgrunns.

BAKGRUNNUR	Nei	já, engin framlög nefnd	50 kr.	100 kr.	500 kr.	1000 kr.	frjáls framlög
kyn							
karlar	51,3%	1,5%	1,7%	6,9%	15,8%	12,6%	10,2%
konur	50,2%	0,7%	1,6%	10,1%	16,9%	7,6%	13,1%
aldur							
14-24 ára	44,1%	2,6%	3,1%	10,3%	14,4%	8,2%	17,4%
25-34 ára	49,5%	0,7%	2,1%	8,8%	19,4%	11,5%	8,1%
35-44 ára	48,4%	1,4%	0,5%	8,3%	16,6%	13,4%	11,5%
45-59 ára	60,6%	0,4%	0,9%	5,2%	12,6%	7,8%	12,6%
60-76 ára	57,1%	1,8%	0%	12,5%	14,3%	1,8%	12,5%
menntun							
grunnenntun	53,9%	0%	3,9%	6,6%	11,8%	9,2%	14,5%
frámhaldsmenntun	44,9%	1,2%	1,6%	11,2%	17,6%	9,8%	13,8%
háskólamenntun	55,6%	1,3%	1,3%	6,5%	15,85	10,6%	9%
markaðssvæði							
N-lönd	55,2%	1,5%	3%	4,5%	19,4%	9%	7,5%
N-V-Evrópa	39,6%	1,1%	1,3%	10,4%	20,3%	12,9%	14,4%
S-Evrópa	90,8%	0,9%	2,2%	1,3%	1,3%	1,3%	2,2%
N-Amerika	38,5%	7,7%	0%	23,1%	0%	0%	30,8%
Önnur lönd	43,8%	0%	6,3%	12,5%	25%	6,3%	6,3%
Hlutfall svara	50,7%	1,1%	1,7%	8,5%	16,2%	10,1%	11,6%

Tafla II.4.5. Afstaða til náttúrugjalds inn á hálendið eftir bakgrunni.

Það kemur í ljós að fremur lítill munur er á milli hópa, nema hvað Suður-Evrópubúar eru almennt á móti slíku gjaldi, eða 90,8%. Þeir sem eldri eru virðast einnig vera fremur á móti náttúrugjaldi en þeir sem yngri eru. Flestir þeirra sem eru tilbúnir til að borga slíkt gjald telja að 500 krónur væri hæfilegt gjald en næst flestir nefna frjáls framlög. Margir taka það fram að Ísland sé nógu dýrt land, þó ekki sé farið að rukka sérstaklega fyrir náttúruna, þó öðrum virtist koma það á óvart að slíkt væri ekki gert. Einn telur að náttúran sé sameign allra jarðarbúa og því geti Íslendingar ekki látið fólk borga fyrir að njóta hennar.

Vonbrigði á hálendi Íslands

Þátttakendum var gefinn kostur á að nefna helstu vonbrigði sem þeir höfðu orðið fyrir á hálendinu. Flokkuð svör koma fram í töflu II.4.6., heildarhlutfallstala er yfir 100%, þar sem fólki var gefinn kostur á að tiltaka fleira en eitt atriði.

Málflokkur	Fjöldi	%	Málflokkur	Fjöldi	%
ekki yfir neinu að kvarta	285	53,9%	vegir	31	5,9%
veðrið	73	11,4%	gistaðstaða	30	5,5%
fjöldi ferðamanna	53	10%	göngustígar	27	5,1%
þjónusta	47	8,9%	upplýs. fyrir ferðafólk	25	4,7%
gróðurleysi	39	7,4%	slæm umgengni	21	4%
annað	10	2,1%	<i>Alls</i>	641	121,2%

Tafla. II.4.6. Hvað olli helst vonbrigðum varðandi hálendið.

Það sem helst vekur athygli er að yfir helmingur svarenda segjast ekki hafa yfir neinu að kvarta á hálendinu, en veðráttan, fjöldi ferðamanna og þjónusta er það sem fólk nefnir helst. Hægt er að telja gistaðstöðu og upplýsingar fyrir ferðafólk til þjónustu, en um 5% nefna þessa tvo þætti.

III. UMRÆÐA

Aðferðir

Þær aðferðir sem notaðar voru við rannsóknina gáfust almennt vel, góð svörun lista og mikill fjöldi athugasemda eru dæmi um það. Þá voru viðbrögð frá ferðamönnum mjög góð, fólk var ánægt með að fá tækifæri til að koma skoðunum sínum og viðhorfum á framfæri. Oft sköpuðust umræður um ýmis atriði tengd ferðamennsku, náttúru og umhverfismálum þegar listarnir voru lagðir fyrir. Fólk vildi oftast en ekki tjá sig um einstaka þætti sem spurt var um í listunum og fannst einn kross ekki nægjanlegur til að lýsa afstöðu sinni. Athugasemdir sýna að margir vilja benda á þætti sem betur megi fara í ferðaþjónustu á Íslandi, en einnig þakka margir fyrir sig, að fá tækifæri til að koma til Íslands og njóta náttúrunnar. Það er trú okkar að þær aðferðir sem notast var við hafi að mörgu leyti sannað gildi sitt við rannsóknir á ferðamennsku. Einnig að áhersluþættir rannsóknarinnar hafi verið tímabærir og höfðu margir aðilar sem vinna í ferðaþjónustu á orði að löngu væri kominn tími til að kanna þætti sem varða umhverfismál og náttúru í íslenskri ferðaþjónustu.

Náttúran og umhverfismál

Íslensk náttúra uppfyllir væntingar ferðamannanna og er greinilega það sem heillar þá mest á Íslandi. Yfirleitt telja þeir íslenska náttúru vera hreina og ómengaða og er það einn mikilvægasti þátturinn í huga fólks þegar íslensk náttúra er annars vegar. Tæplega 86% ferðamanna telja íslenska náttúru vera óspillta og 75% telja að náttúran hafi uppfyllt væntingar þeirra. Margir ólíkir þættir íslenskrar náttúru heilla, en það sem hvað oftast er nefnt eru eldfjöll og eldvirknisvæði, hverir og háhitasvæði, jöklar, víðáttan og hvað náttúran er ósnortin. Íslensk náttúra hefur ólíkar hliðar fyrir þá sem vilja njóta hennar og fjölbreytileiki hennar er ofarlega í hugum margra, sem telja að öll þau náttúruundur sem hér finnist skapi paradís fyrir náttúruunnendur, þar sem allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi. Margir tóku fram að íslensk náttúra hefði gert mikið meira en að standast væntingar þeirra, hún hefði verið mun stórfenglegri en þeir hefðu nokkurn tímann getað hugsað sér.

Þó hér sé dýrt að ferðast, er fólk tilbúið til að borga þetta háa verð fyrir að njóta náttúrunnar á Íslandi. Þegar hugað er að stöðu Íslands sem ferðamannalands í framtíðinni er mikilvægt að huga að því að vernda náttúruna sem best, þar sem

hreinleiki hennar og sérstaða er nokkuð sem erlendir ferðamenn finna ekki annars staðar og gera því Ísland að áfangastað sínum.

Flestir þátttakenda telja sig vera umhverfissvæna einstaklinga og allmargir virðast velta þessum málum fyrir sér. Margar athugasemdir eru gerðar um umgengni og umhverfismál, þeirra á meðal var einn sem las Íslendingum pistilinn: „Það sem ég hef tekið eftir varðandi viðhorf Íslendinga í umhverfismálum er að þeir krefjast mikils frá ferðamönnum en er sjálfum alveg sama um náttúruna, keyrandi um allt á risajoppum, hendandi rusli á vegina o.s.frv. Ég held að það sé vegna þess að þeir geta láðað ferðamenn að með lofordum um hreina náttúru og þeir reyna að láta ferðamenn trú á því að Ísland sé sérstaklega hreint með því að minna þá stanslaust á að hugsa vel um umhverfið á ferðum sínum. Ég held að eina ástæðan fyrir því að Ísland er ennþá svona hreint sé sú að það er svo fátt fólk sem býr hérna en ekki vegna þess að Íslendingar séu með svo frábæra stefnu í umhverfismálum.” Margir aðrir telja Íslendinga geta bætt frammistöðu sína á sviði umhverfismála. Bílar sem látnir eru ganga að ástæðulausu, utanvegaakstur og það að Íslendingar fari ekki að þeim umgengnisreglum sem settar eru til verndar náttúrunni, vekja t.d. athygli erlendra ferðamanna.

Þá er ferðafólki í sumum tilfellum gert erfitt fyrir að hugsa sem best um umhverfið á ferðum sínum, er ekki gefinn kostur á að flokka sorp, ferðahópar nota óumhverfissvænar nestisumbúðir og oft á ferðafólk erfitt með að nálgast upplýsingar um umgengnisreglur í náttúrunni. Margir nefna einnig að losun og flokkun sorps sé ábótavant. Almennt eru ekki gerðar athugasemdir um rusl á víðavangi, þó nokkrir minnst á bílhræ á víðavangi og ósnyrtilega böndabæi. Almennt virðast þó ferðamenn vera nokkuð ánægðir með ástand sorplosunarmála og stöðu ferðapjónustunnar í umhverfismálum.

Í tengslum við spurninguna um stöðu Íslendinga í umhverfismálum tjáðu margir rannsakendum að erfitt væri fyrir þá að svara þessari spurningu þar sem þeir töldu sig ekki hafa nægilegar upplýsingar um viðhorf og stefnu Íslendinga í umhverfismálum. Spurningu um hvort ekki mætti fræða fólk betur um þau mál var varpað fram, en hún er sérstaklega íhugunarverð í ljósi þess hve margir hinna erlendu ferðamanna telja sig vera umhverfissvæna einstaklinga. Einn virtist þó vera nokkuð vel inni í umræðu um umhverfismál og uppbyggingu á Íslandi: „Maður kemur til Íslands vegna fegurðarinnar, einangrunarinnar og kyrrðarinnar. Ísland er mjög sérstakt að geta boðið upp á allt þetta þrennt. Ég vona bara að umhverfisverndarsinnar muni hafa sitt að segja í framkvæmdum sem verið hafa til umræðu. T.d. virkjun Dettifoss og notkun lands til iðnaðar á Mývatnssvæðinu.”

Upplýsingar og merkingar.

Alls nefna 19,5% ferðamanna að upplýsingar fyrir ferðamenn séu mestu vonbrigðin í Íslandsferðinni og virðist sem margt megi bæta í þeim efnum. Upplýsingar eru gagnlegar fyrir margra hluta sakir og benda nokkrir á að upplýsingar séu besta tækið til að bæta umgengni í náttúrunni. Þegar fólk fær upplýsingar um náttúruna og hve viðkvæm hún er, batni umgengni og fólk sýni aðgát. Léleg umgengni stafi oft en ekki af fáfræði. Slíkt getur verið raunin og merkingum á á ferðamannastöðum á Íslandi virðist að mörgu leyti vera ábótavant, ekki síst á öðrum tungumálum en ensku. Skilti og leiðbeiningar eru gjarnan einungis á íslensku og ensku, en hluti ferðamannahópsins skilur þau tungumál ekki og því eru þær merkingar sem til staðar eru, algerlega gagnslausar fyrir nokkurn hluta ferðamannahópsins.

Nokkrir kvarta yfir því að erfitt sé að ná í sérhæfðar upplýsingar um gróðurfar, jarðfræði, dýralíf o.fl. Þá komu einnig ábendingar um að samræma mætti upplýsingabæklinga og bæta bæði innihald og framsetningu þeirra. Margir vildu komast yfir nákvæmari kort og kort með gönguleiðum, einnig að merkja mætti hve langan tíma það tæki að fara tilteknar gönguleiðir. Einn minntist sérstaklega á að í mörgum tilvikum væri nánari útskýringa þörf, oft væru skilti um að í nágrenninu væru áhugaverðir staðir en þegar þangað væri komið væru engar útskýringar um hvað gerði staðinn áhugaverðan.

Það vekur athygli að þeir sem ferðast með íslenska fararstjóra eru hlufallslega ánægðari með upplýsingar sínar, ekki hvað síst um upplýsingar um menningu og sögu en aðrir. Ísland státar af heillandi sögu og ekki má gleyma hinum þjóðlega arfi, sögur af draugum, huldufólki og álfum hafa í gegnum tíðina skemmt fólki á ferð um landið. Einungis 62% ferðafólksins taldi sig hafa góðar upplýsingar um menningu og sögu og myndu eflaust margir ferðamenn þiggja upplýsingar úr fortíð og nútíð um þjóðina sem byggir landið.

Upplýsingar eru mjög mikilvægar þegar öryggismál eru annars vegar. Það kemur fyrir að ferðafólk slasist á ferðum sínum, enda flestir ekki vanir þeim kringumstæðum sem ríkja hér. Nokkrir bentu á að það vantaði upplýsingar um hættu fjallana og aðstæður á gönguleiðum og tveir voru jafnvel órólegir yfir því að hafa engar upplýsingar um neyðarviðbrögð og flóttaleiðir ef eldgos hæfist. Þetta gefur ef til vill vísbendingar um skort á grunnupplýsingum um þær aðstæður sem ríkja hér á landi. Veðurguðirnir setja oft strik í reikninginn þegar fólk ferðast um Ísland og voru margir sem minntust á að á ferðamannastöðum vantaði upplýsingar um veðurspár.

Í umræðu um hvernig hægt væri að koma upplýsingum til ferðamanna benti einn á að gagnlegt væri að hafa grundvallarupplýsingar um umgengni í náttúrunni í flugvélum sem flytja ferðamenn til landsins, þær væru í senn fræðandi og áhugaverðar.

Fjöldi ferðamanna

Fólksfæð er þáttur sem heillar mjög marga á Íslandi og mikill fjöldi ferðast um lítt eða óbyggð svæði og sækjast eftir kyrrð og ró í heimsókn sinni á Íslandi. Rannsóknarfólk ræddi við marga stórborgarbúa, sem beinlínis voru komnir til landsins til að komast frá fólksfjölda og er fjöldi ferðamanna þynir í augum margra. Hollensk hjón á miðjum aldri sögðust t.d. hafa flúið fólksfjöldann á Mývatni og farið í Laxárdal. Eldri hjón frá Belgíu flúðu einnig Hveravelli af sömu sökum og leituðu í kyrrðina í Þjófadölum. Margir minnst á fjölda ferðamanna á vinsælum ferðamannastöðum, einn sem var neikvæður gagnvart ferðamönnum, leit þó þannig á málið: „Ég þoli ekki fjölda ferðamanna, en ég er einn af þessum ferðamönnum sjálfur, hvað get ég sagt?“ Alls nefndu rúmlega 10% mikinn fjölda ferðamanna sem mestu vonbrigðin í Íslandsferðinni og allmargir nefndu sérstaklega í athugasemdum að þeir myndu síður koma til Íslands ef ferðamönnum fjölgar til muna. Þá létu margir í ljós þá ósk sína að Íslendingar gerðu sem minnst til þess að laða að fleiri ferðamenn.

Margir láta í ljósi þann ótta að með fjölgun ferðamanna muni landið missa aðdráttarafl sitt og ævintýraljóma. Það er því mikilvægt að dreifing ferðamanna verði með þeim hætti að álag verði ekki of mikið á tiltekna vinsæla ferðamannastaði ef mikil fjölgun verður á ferðamönnum á Íslandi í nánustu framtíð. Sumir nefndu jafnvel að vinsælir staðir þyldu ekki frekari fjölda ferðamanna, þegar væri því marki náð að náttúran hljóti skaða af. Hugsanlegar lausn við að fást við mikla fjölgun ferðamanna er að leitast við dreifa komum ferðamanna jafnar yfir árið allt og hamla því að álagið verði of mikið yfir hásumarið þegar umferðin er mest. Þá er einnig möguleiki að stuðla að meiri dreifingu ferðamanna um landið, t.d. að láta fólk staldra við í einstökum héruðum. Einn þýskur ferðalangur sem var í fimmta skipti á Íslandi og hafði ferðast um landið þvert og endilangt taldi t.d. Vestfirði vera áhugaverðasta svæði landsins, svæði sem lítill hluti alls ferðamannahópsins heimsækir í dag. Þá er þriðji kosturinn einnig mögulegur, að stuðla að því að vinsælir staðir þoli betur ágang ferðamanna, taki við fleira fólki án þess að náttúran skaðist. Slíkt er hægt með upplýsingum og reglum um umgengni, með því að vanda gerð stíga og með reglulegu viðhaldi, svo fátt eitt sé nefnt.

Þjónusta við ferðamenn

Þjónusta við ferðamenn fær mjög misjafna dóma. Mikilvægur þáttur í slíku mati fólks er hvernig væntingar ferðafólk gerir til þjónustu. Vonbrigði koma til þegar væntingar eru of miklar, en margir gera takmarkaðar kröfur um aðstæður og aðbúnað á ferðamannastöðum og eru ánægðir með hið einfalda. „*Þetta er nóg fyrir mig.*“ sagði svissneskur ferðalangur sem ferðaðist um hálendið einsamall með lítinn bakpoka og eins manns tjald sem hann hafði fengið á tilboðsverði á bensínstöð. Því minna umstang, því betra. Ein segir í Landmannalaugum: „*Hér er of mikið af fjöldaferðamennsku, fólk sem vill of mikinn lúxus*“, sem getur bent til að þess að ferðavenjur þeirra sem eru nægjusamir fari ekki alltaf saman með öðrum sem vilja fá eitthvað meira. Í þessu sambandi heldur einn því fram að þeir sem raunverulega dýrki náttúruna, þurfi ekki mikil þægindi.

Aðrir einblína á ólíka þætti þjónustu, minnst er á að það vanti sjampó á hótélherbergi á sumarhótel og að klósett ætti að vera inn af hverju herbergi fyrir sig. Upplýsingar um hvernig aðstæður eru fyrir hendi á hverjum stað eru því mikilvægar til að gera væntingar ferðafólks raunhæfar. Margir ferðamenn sem leggja upp í ferðir á hálendinu gera t.d. ráð fyrir að þar sé hægt að kaupa nauðsynjavöru og kemur fyrir að einstaklingar verða matarlausir á afskekktum stöðum. Þegar rannsakendur voru staddir á Hveravöllum um mitt sumar, voru einmitt þrjár hjólreiðaferðalangar frá Sviss búnir með allan sinn mat og höfðu átt von á að finna verslun á staðnum. Rannsakandi sagðist hafa von um að geta bjargað einhverju matarkyns og hafði í huga pakka af þurrmat og kínverskum núðlum sem hann átti nóg af. Þegar leið að kvöldi kom þrenningin með óskalista, sem var eftirfarandi:

*1 bottle 2l Pepsi, 5 loaf of big bread, 3 glasses of marmelade,
1 bottle of spiritus, 12 Snickers, 9 ABT Rautt Jardab. mjolk*

Það er skemmst frá því að segja að þrenningin fékk hvorki áfengi né súkkulaði en hins vegar nokkra pakka af núðlunum góðu. Í könnuninni kemur fram að nokkur hópur fólks telur að á hálendinu mætti selja nauðsynjavörur. Mikið hefur verið rætt um byggingu þjónustumiðstöðva og ljóst er að nokkur hópur fólks vill gjarnan fá meiri þjónustu. Í rannsókninni kemur þó fram að almennt er fólk á móti byggingu sérstakra þjónustumiðstöðva, bæði á hálendinu og við áhugaverða staði í náttúrunni. Hins vegar telja margir að bæta mætti þjónustu á þeim stöðum sem þegar er einhver þjónusta til staðar. Nefna þar flestir að bæta mætti salernisaðstöðu, sturtur, þvottaaðstöðu og að heitt vatn megi gjarnan vera til staðar á tjaldsvæðum. Í athugasemdum sínum nefna margir að þeim finnist þeir fá lítið fyrir það gjald sem tekið er af þeim fyrir aðstöðu.

Nokkrir einstaklingar ganga lengra í óskum sínum en aðrir og vilja gjarnan fá bari og kvöldskemmtanir við ferðamannastaði.

Vega- og mannvirkjagerð

Ferðafólk virðist vera nokkuð á móti því að byggja eigi mannvirki, s.s. hótél og þjónustumiðstöðvar nálægt áhugaverðum stöðum, eða 80% úrtaks. Margir óttast að byggingar mannvirkja verði til þess að íslensk náttúra missi sérstöðu sína og hið ósnortna yfirbragð sem í dag einkennir hana og í mörgum tilvikum er helsta ástæðan fyrir heimsókn ferðamanna til landsins. Mikill fjöldi ferðamanna lætur í ljós áhyggjur sínar í þessum efnum og biðlar sérstaklega til Íslendinga um að halda landinu áfram ósnortnu. Margir eru þeirrar skoðunar að mannvirki skaði ávallt ásjón náttúrunnar, í meiri eða minni mæli.

Þegar niðurstöður varðandi viðhorf ferðafólks til vegakerfisins eru skoðaðar, kemur í ljós að skiptar skoðanir eru um ágæti vegakerfisins. Margir þeirra sem telja vegakerfið slæmt, segja að það sé einmitt það góða við það. „*Þetta eru frábærir sveitavegir, þetta eru ekki vegir, heldur eitthvað allt annað!*” Nokkrum kemur gott ástand vegakerfisins á óvart en aðrir taka í annan streng og einn líkir ástandi vega á Íslandi við brandara. Minnst er á að útskot vanti á vegi, áningarstaði fyrir ferðamenn þar sem hægt sé að stoppa, njóta umhverfisins og snæða nesti.

Nokkuð hefur verið rætt um vegalagningu á hálendinu og þegar ferðamenn voru inntir álitis á því málefni kom í ljós að mikill meirihluti reyndist því andvígur að fjölga vegum á hálendinu, svo og að bæta gæði núverandi vega og slóða. Erfiðar samgöngur á hálendi Íslands virðast í huga erlendra ferðamanna sem um hálendið ferðast vera eitt af einkennum þess og hafa visst aðdráttarafl. Fólk vill lenda í ævintýrum og þessar aðstæður eru ef til vill vel til þess fallnar að gefa ferðafólki þá tilfinningu að það sé að gera eitthvað einstakt. Í samræmi við þetta eru flestir einnig andvígir því að brúa eigi vatnsföll á hálendinu.

Þar sem Ísland virðist gjarnan vera markaðssett í öðrum löndum sem ævintýraland, passa þessar hugmyndir vel saman. Í því sambandi má nefna að einn Þjóðverji sagðist jafnvel hafa verið varaður sterklega við því að fara til Íslands til að ferðast á eigin vegum um Íslands, það væri of hættulegt.

Með mikilli uppbyggingu fyrir ferðamenn, missir landið ef til vill töfra sína fyrir ákveðinn hluta þess hóps sem hingað sækir í dag: „*Ef Íslandi verður breytt fyrir ferðamenn með hótélum og fullkomnum götum, öruggum fossum o.fl. þá mun ég ferðast í öðrum löndum t.d. í Grænlandi*” Ferðafólkið telur að það muni ef til vill ekki leiða af

sér að færri ferðamenn sækja landið heim, heldur muni ólíkir hópar koma frá því sem í dag er. Sumir þeirra gestanna óttast að með breytingum á samsetningu ferðamannahópsins sem komi í kjölfar víðtækarar uppbyggingar fyrir ferðamenn, muni náttúran frekar bera skaða af, hingað sækja fólk með öðruvísi ferðavenjur og ólík viðhorf til náttúrunnar en ferðafólk í náttúrunni í dag.

Hálendið

Hálendið skipar sérstakan sess í hugum margra ferðamanna sem landið sækja heim og hafa margir mjög ákveðnar skoðanir hvað hálendið varðar. Í athugasemdum og umræðum við ferðamenn kom fram að mörgum er mjög umhugað að hálendið haldi hinu „ósnortna“ yfirbragði sínu. Láta margir í ljósi ótta við að uppbygging og aukin þjónusta við ferðamenn á hálendinu verði til þess að það missi hið „ósnortna“ yfirbragð sem heillar fólk í dag. Almennt var ferðamönnum umhugað um að tilteknum svæðum væri haldið ósnortnum og vilja 72% þeirra að röskun í náttúrunni sé bundin við afmörkuð svæði. Fjöldi ferðamanna á hálendi Íslands virðist yfirleitt ekki vera vandamál í dag, en flestir eru þó sammála um að mikill fjöldi ferðamanna dragi úr upplifun á hálendinu sem ósnortins víðernis. Eins og niðurstöður varðandi vegalagningu á hálendinu gefa til kynna, eru margir sem eru á móti bættu aðgengi á hálendinu. Sumir lögðu mikla áherslu á slíkt, töldu jafnvel að hálendið væri að vissu marki óaðlaðandi fyrir stóran hluta ferðamannahópsins í dag og að þeir sem virkilega vildu komast upp á hálendið, gætu ferðast þar þrátt fyrir takmarkaðar samgöngur. Einn taldi jafnvel að mikilfengleiki hálendisins ætti að vera eins konar umbun fyrir þá sem leggðu á sig að ferðast þar. Þá líta sumir skipulagðar hópferðir á hálendinu hornauga og margir telja að ef þjónusta verði bætt að einhverju marki komi upp mörg vandamál sem fylgi auknum ferðamannastraumi á svæðin.

Flestar athugasemdir varða þær skoðanir að halda eigi öllu óbreyttu, að hrófla við sem minnstu. Hins vegar vekur athygli að 84,9% hálendisferðalanga telja að mannvirki af einhverju tagi megi vera til staðar, þó að svæði teljist í huga viðkomandi vera ósnortið víðerni. Það bendir ef til vill til að hugtakið hafi að einhverju marki ólíka merkingu fyrir erlenda ferðamenn er það hefur í huga Íslendinga. Nefna flestir skála sem dæmi um mannvirki sem megi vera til staðar. Þegar rætt er um þjónustumiðstöðvar er áberandi að sú þjónusta sem fólk telur að eigi að vera til staðar þar er fremur einföld, meirihlutinn nefnir salernisaðstöðu, tjaldstæði og skála með eldunaraðstöðu og til samanburðar má nefna að einungis 9,3% telja veitingastaðir eigi að vera í þjónustumiðstöðum á hálendinu.

Í athugasemdum nefna nokkrir að girðingar og bílför utan vega séu lýti í umhverfinu en þegar fólki var gefinn kostur á að nefna helstu vonbrigði sín á hálendinu, vekur athygli að yfir helmingur ferðafólksins tekur fram að það hafi ekki hafa yfir neinu að kvarta.

Náttúruperlur.

Listar voru m.a. lagðir fyrir á stöðum sem skilgreindir voru sem náttúruperlur. Þeir staðir voru Landmannalaugar, Hveravellir, Mývatn, Ásbyrgi, Skaftafell, Geysir, Herðubreiðalindir, Vesturdalur og Askja, allt vel þekktir áningarstaðir ferðamanna í náttúru Íslands. Rannsóknin leiddi í ljós að fólk gefur öllum þessum stöðum mjög góða dóma varðandi hreinlæti, umgengni og öryggismál. Þegar allir staðirnir eru teknir saman eru um 85% ferðamanna ánægðir með þann stað sem dvalist er á. Samanburður milli staða er að mörgu leyti erfiður, þar sem hver staður byggir á ólíkum þáttum í náttúrunni sem laða að ferðamenn, en margir nefna atriði sem betur megi fara á hverjum stað fyrir sig. Byggingar og mannvirki voru títt nefnd, í heildina töldu 36,2% að byggingar og mannvirki drægu úr upplifun þeirra á staðnum sem náttúruperlu. Í ábendingum um hvað betur mætti fara á stöðunum var þjónusta á tjaldsvæðum títt nefnd, þvottaaðstaða, hreinlætisaðstaða, sturtur, sorptunnur, þurrkunarherbergi og skýli eru áberandi í því sem fólk við betrubæta eða setja upp. Í Landmannalaugum og á Hveravöllum vekur athygli að fremur fáir minnst á að búningsaðstöðu vanti. Einn hafði á orði að það væri eins og að tjalda á flugstöð á Mývatni en flugumferð yfir svæðinu angrar marga, auk þess sem margir töldu flugvöllinn og iðnaðarstarfsemi trufla umhverfi Mývatns. Í Ásbyrgi eru nokkrir sem minnst á að innra tjaldstæðið megi missa sín og á Hveravöllum vilja nokkrir fá möguleika til að geta keypt nauðsynjavöru, eða litla búð. Í Skaftafelli minnst nokkrir á að kjörið væri að hafa „náttúruhús“ á svæðinu með upplýsingum um náttúruna, jarðfræði og ekki síst jökla, myndun þeirra og hreyfingu.

Upplýsingar og merkingar voru gagnrýndar á einn eða annan hátt á öllum stöðunum, að upplýsingar og merkingar mætti bæta, fjölga mætti tungumálum á skiltum og bæta kort og göngustíga. Landverðir og skálaverðir fá gjarnan hrós frá ferðamönnum fyrir að vera vel að sér og gefa góðar upplýsingar.

Fólkið

Þó rannsóknin hafi aðallega beinst að náttúru og umhverfi, kom í ljós að hlýlegt viðmót og hjálpsæmi fólks er mörgum ferðamönnum dýrmæt og muna margir eftir smágreiðum sem þeir hafa fengið í Íslandsdvölinni. Ferðalangar kynnst oftast best þeim einstaklingum sem starfa beint við ferðaþjónustu og fengu margir sem starfa í greininni hrós og þakkir: „Íslenski rútubílstjórinn okkar var einstaklega vingjarnlegur og hjálpsamur, nokkuð sem er sjaldgæft í heiminum og þess vert að taka sérstaklega fram.”

Almennt telja hinir erlendu gestir Íslendinga standa sig vel í umhverfismálum, eða tæplega 60%. Þó gagnrýna sumir landann fyrir umgengni í náttúrunni og telja að þeir fari ekki eftir þeim umgengnisreglum sem þeir setji sjálfir erlendum ferðamönnum og nokkrir minnst á umgengni jeppafólks um landið í því sambandi. Margir harma að fá ekki tækifæri til að kynnst landsmönnum, að undanskildu fólki sem starfar beint við ferðaþjónustu. Íslendingar yfirleitt góða dóma sem hjálpsamt og vinalegt fólk, með nokkrum undantekningum þó. Afstaða sumra ferðamanna kristallast ef til vill í eftirfarandi athugasemd fransks ferðamanns; „Stórkostlegt landslag, en bros frá heimamönnum myndi ekki saka.”

9. **Übernachtungsort**
 (Wenn mehr als eine Möglichkeit zutrifft, nummerieren Sie bitte mit 1, 2, 3 nach Häufigkeit)
- Hotel Hutten Zelt
 Bauernhof Jugendherberge privat
 Andere Übernachtung, welche? _____
10. Was ist der Hauptgrund Ihrer Reise nach Island? (Z.B. Interesse an Geologie oder an Land und Leuten, Besuch von Freunden, sportliche Aktivitäten u.s.w.) _____

Lieber Gast,
 dieser Fragebogen ist Teil eines größeren Projektes über Island, die isländische Natur und den Fremdenverkehr, an dem der Verein "Menschen und Umwelt" zusammen mit dem Isländischen Fremdenverkehrsverband arbeitet.
 Jede Frage ist von großer Bedeutung, und deswegen möchten wir Sie bitten, alle Fragen nach bestem Gewissen zu beantworten. Wir hoffen sehr, daß Sie zur Teilnahme an dieser Umfrage bereit sind.

Vielen Dank für die Zeit, die Sie uns zur Verfügung stellen!

David Bjarnason, R.A., Anthropologie
 Einar Skúlason, Student der Politikwissenschaft
 Erla H. Hjálmsd. B.A., Politik & Massenmedien

Kreuzen Sie jeweils das Ihrer Meinung nach zutreffende Feld an oder beantworten Sie die Fragen. Sie haben auch am Ende jedes Fragenkomplexes Raum für eigene Zusätze und Anmerkungen.

11. Wodurch wurde Ihr Interesse an einem Islandbesuch geweckt?
- Werbung Bücher über Island Empfehlung von _____
 Erwas, was ich schon Information im Bekannten
 immer machen wollte Reisebüro Artikel in Zeitschriften/
 _____ Zeitungen/Fernsends.
12. Was hat Sie in Island am meisten fasziniert?

13. Was hat Sie in Island enttäuscht?
 (Bei mehr als einer Ankreuzung bitte nach Wichtigkeit nummerieren)
- Touristeninformation Essen Isländer
 Allgemeiner Service Hohe Preise Landschaft
 Straßen Verkehrsverbindungen zu viele Touristen
 Wetter Umgang mit der Natur gar nichts
 Anderes, was? _____
14. Falls etwas Sie in der isländischen Natur besonders fasziniert hat, was war es?

Kreuzen Sie die zutreffende Antwort an.

- | | | | | |
|--|----------|----------|----------|------|
| | sehr | ziemlich | ziemlich | sehr |
| | schlecht | schlecht | normal | gut |
15. Wie waren die Informationen, die Sie über isländische Kultur und Geschichte bekommen haben?
-
16. Wie waren die Informationen, die Sie über die isländische Natur bekommen haben?
-

1. Staatsangehörigkeit (Land, Stadt bzw. Bezirk): _____
2. Geschlecht männlich weiblich
3. Alter (in Jahren) _____
4. Ausbildung Hauptschulabschluss weiterführende Schule/ Universitätsabschluss
 handverf. Ausbildung
5. Waren Sie schon einmal in Island?
 Nein
 Wenn ja, wie oft? _____
6. Wie lange waren sie in Island?
 Wieviel Zeit werden Sie insgesamt in Island verbringen? _____ Tage
 _____ Tage
7. Wie reisen Sie in Island?
- Gruppenreise mit ausländischem Gruppenreise mit isländischem
 Reiseleiter Reiseleiter
 Gruppenreise ohne Reiseleiter Privatreise ohne Reiseleiter
 Andere Reiseum, welche? _____
8. Welche Verkehrsmittel benutzen Sie?
 (wenn Sie mehr als eine Möglichkeit nutzen, nummerieren Sie bitte Nr. 1 das Hauptverkehrsmittel usw.)
- Privatwagen/Mietwagen Busreise Reittour
 zu Fuß per Anhalter Fahrrad
 Anderes, was? _____

28. Wenn Sie mit Privatwagen/Altenwagen fahren, bei welchen Tankstellen haben Sie getankt? (Wenn mehr als eine Möglichkeit zutrifft, bitte nach Häufigkeit nummerieren)

- Ols
- Shell
- Esso
- veif nicht
- Andere, welche? _____

29. Wie war die Bedienung an der Tankstelle?

- sehr unfreundlich
- ziemlich unfreundlich
- normal
- sehr freundlich
- ziemlich freundlich

30. Wie hoch ist Ihr monatliches Einkommen? (Bitte geben Sie die Währung an)

31. Wieviel wird Ihr Urlaub in Island insgesamt kosten?
(Bitte geben Sie die Währung an)

32. Raum für eigene Zusätze

Við þakklæti um aðstoðu þína og gættu þess að svara spurningum þessum í góðu trúnaði.

Staðsetning	_____
Hiti	_____
Vætur	_____
Dagsetning	_____
Aðrar athugasemdir	_____

sehr schlecht ziemlich schlecht normal ziemlich gut sehr gut

17. Wie ist es Ihrer Meinung nach um die Müllentsorgung an wichtigen Freizeitsorten in Island bestellt?

18. Wie beurteilen Sie das Straßensystem in Island?

19. Wie beurteilen Sie den isländischen Standard in Umweltfragen?

20. Wären Sie bereit, eine Naturschutzgebühr zu bezahlen, um Zugang zum Hochland zu erhalten?

- 50 Isl.kr./ 0,9 US\$/ 1 DM./ 4 Fr. £ 0,50
- 100 Isl.kr./ 1,8 US\$/ 2 DM./ 8 Fr. £ 1
- 500 Isl.kr./ 9 US\$/ 10 DM./ 40 Fr. £ 5
- 1000 Isl.kr./ 18 US\$/ 20 DM./ 80 Fr. £ 10
- Nach eigenem Ermessen

Im folgenden einige Behauptungen. Kreuzen Sie das zutreffende Feld an.

	nein	eigent- lich nein	neutral	eigent- lich ja	ja
21. In der Nähe von Naturattraktionen sollten z.B. Hotels und Servicezentren errichtet werden.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
22. Die isländische Natur hat alle meine Erwartungen erfüllt.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
23. Im Hochland sollten bessere Straßen gebaut werden, um den Zugang zu erleichtern.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
24. Island wird in meiner Heimat als Abenteuerland dargestellt.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
25. Meiner Meinung nach ist die isländische Natur unverschmutzt.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
26. Ich bin umweltbewußt.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
27. Tourismus in Island ist umweltfreundlich.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

43. Könnte man Ihrer Meinung nach hier in allerhöchster Umgebung etwas verbessern?

- Nein
 Wenn ja, was? _____

44. Raum für eigene Zusätze und Kommentare: _____

LANDSCHAFTLICHE ATTRAKTIONEN

Dieser Teil des Fragebogens bezieht sich auf den Ort, an dem Sie sich z.Zt. befinden. Kreuzen Sie bitte das zutreffende Feld an.

- | | sehr
schlecht | ziemlich
schlecht | normal | ziemlich
gut | sehr
gut |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------|--------------------------|--------------------------|--------------------------|--------------------------|
| 33. Wie gefällt Ihnen der Ort? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| 34. Wie stehe es an gefährlichen Stellen um die Absicherungen für Besucher? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| 35. Wie beurteilen Sie die Abfallensorgung an diesem Ort? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| 36. Wie finden Sie den allgemeinen Umgang an Ort? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| 37. Wie beurteilen Sie die Ausschäderung? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| 38. Wie ist Ihrer Meinung nach der Zugang zu Informationen über dieses Gebiet? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| 39. Glauben Sie, daß z.B. Gebäude und angelegte Wege in der unmittelbaren Umgebung die Attraktion schmälern? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| 40. Wie stark wird Ihrer Meinung nach das Naturerlebnis durch optische Beeinträchtigungen von Menschenhand getrübt? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |

41. Wenn Sie hier *ziemlich* bzw. *sehr* angekreuzt haben, erläutern Sie bitte, warum.

42. Wären Sie bereit, bei Naturwundern oder in Nationalparks Eintritt zu bezahlen?

- Nein
 Wenn ja, wieviel
- 50 Isl.kr./ 0,9 USS/ 1 DM/ 4 Fr. £ 0,50
 100 Isl.kr./ 1,8 USS/ 2 DM/ 8 Fr. £ 1
 500 Isl.kr./ 9 USS/ 10 DM/ 40 Fr. £ 5
 1000 Isl.kr./ 18 USS/ 20 DM/ 80 Fr. £ 10
 Nach eigenem Ermessen

55. Was ist Ihrer Meinung nach "unberührte Natur"? (Mehrfachkreuzungen möglich)

- keinerlei Eingriffe von Menschenhand
 Gewisse Eingriffe von Menschenhand dürfen vorhanden sein, ohne daß die Vorstellung von "unberührter Natur" verlorengeht. Welche?
 W. unberührten angebaute Straßen Pisten
 Stromleitungen Abzäunungen Servicezentren
 Anderes, was? _____

56. Der Zugang zu bestimmten Gebieten im Hochland sollte reguliert und eingeschränkt werden.

	nein	eigent- lich nein	neutral	eigent- lich ja	ja
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

57. Menschliche Eingriffe in die Natur sollten sich auf bestimmte Gebiete beschränken, damit andere unberührt bleiben.

<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
--------------------------	--------------------------	--------------------------	--------------------------	--------------------------	--------------------------

58. Gebäude u.a. im Zusammenhang mit Tourismus sollten einheitliche Architektur aufweisen.

<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
--------------------------	--------------------------	--------------------------	--------------------------	--------------------------	--------------------------

59. Steuereisen erhöhen den Reiz der Landschaft.

<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
--------------------------	--------------------------	--------------------------	--------------------------	--------------------------	--------------------------

60. Die Ausschließung auf den Hochlandstrecken ist gut.

<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
--------------------------	--------------------------	--------------------------	--------------------------	--------------------------	--------------------------

61. Zu viele Touristen beeinträchtigen die Vorstellung von "unberührter Natur" im Hochland.

<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
--------------------------	--------------------------	--------------------------	--------------------------	--------------------------	--------------------------

62. Es könnte mehr Servicezentren im Hochland geben.

<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
--------------------------	--------------------------	--------------------------	--------------------------	--------------------------	--------------------------

63. Wie sollte der Service an solchen Zentren beschaffen sein? (Mehrfachkreuzung möglich)

- Zeltplätze sanitäre Einrichtungen Information
 Cafeteria Geschäft Führungen
 Tankstelle Hüttenverkauf & Schutzhüte nur für Kochmöglichkeit ausgesprochene 'Nöjdill'
 Anderes, was? _____

64. Raum für eigene Zusätze: _____

FRAGEN IN BEZUG AUF DAS HOCHLAND

45. Was im isländischen Hochland hat Sie am meisten erfauscht? (Drei Ankreuzungen möglich; bitte priorisieren Sie nach Wichtigkeit, indem sie nummerieren)

- Touristeninformation Unterkunft Landschaft
 Unzuganglichkeit Vegetationslosigkeit zu viele Touristen
 Straßen Wetter Mangel an
 Müßiger Wege Umgang mit der Natur Servicezentren
 Anderes, was? _____ gar nichts

46. Bitte nennen Sie Ihre positiven Eindrücke in bezug auf das Hochland, und was Ihnen am besten gefallen hat.

Kreuzen Sie bitte das zutreffende Feld an.

47. Ich weiß, welche Umgangsregeln im isländischen Hochland gelten.

	nein	eigent- lich nein	neutral	eigent- lich ja	ja
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

48. Im Hochland sollten mehr Straßen angelegt werden.

<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
--------------------------	--------------------------	--------------------------	--------------------------	--------------------------	--------------------------


49. Auf den wichtigsten Strecken sollten die größten Flüsse überbrückt werden.

<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
--------------------------	--------------------------	--------------------------	--------------------------	--------------------------	--------------------------

50. Die bereits vorhandenen Straßen sollten ausgebaut werden, um den Zugang zu erleichtern.

<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
--------------------------	--------------------------	--------------------------	--------------------------	--------------------------	--------------------------

51. Für welche Strecken, die Sie bereits gefahren sind, könnte das zutreffen?



	nein	eigent- lich nein	neutral	eigent- lich ja	ja
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

52. Touristischer Andrang im isländischen Hochland ist zu groß.

<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
--------------------------	--------------------------	--------------------------	--------------------------	--------------------------	--------------------------

53. Die optische Beeinträchtigung durch Strommasten und -leitungen ist erheblich.

Upplýsingar og merkingar:

- Vantar upplýsingar um sögu staðarins.
- „Náttúruhús“ (sýningarsalur) eins og við Mývatn og Gullfoss - e.t.v. aðgangseyrir.
- Meiri upplýsingar um gróðurfar og dýralíf og jarðfræði í fleiri tungumálum. T.d. sýningarhús.
- Upplýsingamiðstöð/sýningarsal með upplýsingum um náttúruna: flóru landsins, jarðfræði, jöklafræði, umhverfisverndun - svipað og við Mývatn.
- Jökulsafn sem myndi útskýra hvernig jökullinn breytist og hreyfist er góð hugmynd.
- Skýringar varðandi myndun jöklanna.
- Vantar upplýsingar um náttúruna og umhverfið við upphaf gönguleiða (t.d. hvers vegna eru jöklarnir svartir?)
- Á stöðunum mætti vera kort með jarðfræðiupplýsingum. Merkingar á sumum gönguleiðum eru ekki nógu góðar.
- Gönguleiðir gætu verið bætтар.
- Það þarf að huga betur að eyðileggingu á göngustígum. Einn stígur bara fyrir þá sem eru að fara upp fjallið í stað þeirra sem eru að fara í fossa sem liggja lágt.
- Betri kort fyrir gönguleiðir og upplýsingaskilti.
- Betri kort.
- Erfitt að fá landakort yfir ákveðin svæði.
- Landakortin eru oft ónákvæm, á mörgum töflum/upplýsinga vantar fjarlægðir og göngutíma, að öðru leiti eru stígarnir vel lagðir og passa vel inn í náttúruna.
- Betri upplýsingar um rútuferðir um landið.
- Hálf tíma jökulferðin var mjög góð fyrir byrjendur.
- Of mörg skilti
- Ef til vill mættu vera meiri upplýsingar í búðum, á veitingahúsum o.sfrv. um náttúru svæðisins.
- Breiðir vegir og vegvísar minnka náttúruferðina
- Í upplýsingum um fuglalíf og fleira væri gott að hafa enskar tilvitnanir.
- Upplýs. á fleiri tungumálum.

Er eitthvað sem eyðileggur upplifun viðkomandi á staðnum sem náttúruperlu?:

- Háspennulínur eru lýti.
- Vandamálið felst einfaldlega í þeim fjölda fólks sem er að gera það sama og ég!!
- Mannvirki eyðileggja alltaf náttúruna.
- Staðurinn hefur orðið fyrir miklum áhrifum frá ferðamönnum.
- Minni uppbyggingu fyrir fjöldaferðamennsku

- Taka við færri ferðamönnum og banna stóra ferðahópa.

Ásbyrgi

Aðstaða og þjónusta:

- Þarf að vera hægt að kaupa drykkjarföng.
- Sjöppa.
- Flokkun á rusli og fleiri ruslatunnur. (2)
- Fleiri vaska til að þvo upp. (2)
- Of dýrt í sturtur. (5)
- Sturtarnar allt of dýrar, þið eigið nóg af heitu vatni, annars eruð þið í lagi.
- Fleiri klósett, vaska vantar á litla tjaldstæðið.
- Stækkun á aðstöðu til að vaska upp.
- Rafmagn fyrir húsbíla vantar.
- Hefur ekkert annað en gott um aðstöðuna að segja, tjaldstæðið og hreinlætisaðstaða eru skipulögð og hrein.
- Urðum fyrir truflunum vegna hávaða frá íslenskum unglingum.
- Aftara tjaldstæðið í Ásbyrgi passar ekki inn í umhverfið/landslagið.
- Hafa tjaldstæðin öll á einum stað.
- Fjarlægja tjaldstæðin bak við skóginn.
- Rækta ætti upp aftara tjaldstæðið.
- Núverandi tjaldstæði í skeifunni ætti að rækta upp með trjám (eins og það var áður).
- Tjaldstæði í skeifunni ætti að vera þar áfram.
- Vantar veg fyrir fótgangandi að vatninu.

Upplýsingar og merkingar:

- Það er gott að hafa merкта slóða/stíga og kort þar sem þeir eru merktir inn á - eins og við Mývatn og hér í Ásbyrgi.
- Vantar upplýsingar um staðinn.
- Upplýsingaskilti mættu vera á fleiri tungumálum. Til dæmis er skilti við Botnstjörn með upplýsingum um blóm einungis á íslensku.
- Vantar betri skýringar á ensku í merkingum. (2)
- Skiltum við göngustíga varðandi upplýsingar um plöntur og dýralíf ábótavant.
- Merkingar mættu vera öruggari, þ.e. yfirlit og kortaupplýsingar um staðina (á bílastæðum).

Er eitthvað sem truflar upplifun viðkomandi á staðnum sem náttúruperlu:

- Nýræktun skógar.
- Byggingarnar trufla myndina af ósnertri náttúru.
- Þegar maður upplifir náttúruna þá verður að vera þögn/ró, auk þess eru dýrin trufluð.
- Að hluta til afskipti og að hluta til ferðamenn. Byggingar í ósamræmi við náttúruna.
- Það gæti orðið þannig í framtíðinni með hótélum og öðrum byggingum, en er það ekki sem stendur.
- Símalínur.
- Eyðilegging á að hinu eiginlega aðdráttaraflí, náttúrunni.

Vesturdalur**Aðstaða og þjónusta:**

- Vantar sturtur. (4)
- Vantar að geta keypt mat og drykki.
- Tjaldstæði nálægt Dettifossi væri gott fyrir bakpokaferðalanga sem eru að koma að sunnan.

Náttúran og umhverfi:

- Umhverfið er frábært, gönguleiðin í gilinu frá Dettifossi (fyrstu 2 km.) er nokkuð hættuleg. Fallandi steinar á gönguleiðina.
- Ég er í fjórða skipti hér í Vesturdal og í fyrsta skipti sem ég sef hér. Fallegra/betra tjaldstæði sé ekki fyrir mér, einfaldlega draumur.

Landmannalaugar**Aðstaða og þjónusta:**

- Ætti að planta trjám til varnar gegn vindi. (2)
- Fint að hafa sturtur og ruslatunnur við inngang svæðanna.
- Betri aðstaða á tjaldsvæðum.
- Það væri gott að hafa einfalt skýli til þess að skýla sér fyrir regni og vindi þar sem hægt væri að elda og þurrka föt. (2)
- Hreinlætisaðstaða. (6)
- Þvottaaðstaða. (3)
- Byggja mætti yfir þvottaaðstöðu.
- Bæta þarf klósett og aðgang að þvottaaðstöðu
- Þak yfir vaska.
- Skálar með eldunaraðstöðu á tjaldstæðunum.
- Vantar sameiginlega aðstöðu á tjaldsvæðum, til nota í vondum veðrum og til að þurrka föt.
- Einföld aðstaða til þvotta/undir þaki. (2)
- Sturtur. (13)
- Vantar sturtur með heitu vatni
- Vantar skála við náttúruleg böð til að skipta um föt. (2)
- Ruslafötur og heitt vatn á tjaldstæðinu.
- Fleiri ruslatunnur og meira heitt vatn.
- Vantar ruslafötur og heitt vatn. Ferðamenn ættu að ganga betur um.
- Það mætti flokka ruslið betur hérna.
- Meira af heitu vatni.
- Vantar betri frágang á vatnsleiðslum.
- Vantar litla búð.
- Það er erfitt að komast áfram með hlaðið hjól, það þyrfti að byggja sérstaka brú yfir ána fyrir hjólreiðafólk.
- Létta ferð fyrir hjólreiðafólk.
- Laga jörðina/grasið á tjaldstæðinu. (2)

- Göngustígar.
- Það ætti að ríkja friður í skálanum eftir klukkan 11. Áttatíu og fjórir Spánverjar eru einfaldlega of mikið.

Er eitthvað sem dregur úr upplifun viðkomandi á staðnum:

- Fjöldi ferðamanna og byggingar.
- Byggingar og farartæki.
- Dreifa mætti tjaldsvæðum eða tjöldum þannig að þau myndi ekki hrúgu á tjaldsvæði og spilli náttúruvegurð.
- Landslagið hérna er frábært, en staðurinn (tjaldstaðið) eyðileggst og missir gildi sitt með auknum ágangi ferðamanna.
- Fólksfjöldinn á þessu svæði. (3)
- Rútur í lausangangi.
- Of miklar andstæður milli landslags og bygginga.
- Virkjun.
- Súrheysturnar á bóndabæjum áður en maður kemur til Landmannalauga.
- Fólk eyðileggur náttúruna.
- Bílastæðin eru illa staðsett, of nálægt náttúrperlunum.
- Það er of mikil mengun frá bílum og öðrum tækjum sem nota mengandi eldsneyti.

Upplýsingar og merkingar:

- Vantar söfn - með alls kyns þjónustu.
- Vantar upplýsingar um tímalengd gönguleiða.
- Ég les bækur um gróðurfar og jarðfræði áður en ég kem á staðina, þannig að ég býst ekki við upplýsingaskiltum í miðju landslaginu. Upplýsingar landvarða hafa ávallt verið gagnlegar.
- Vantar upplýsingar um náttúruna.
- Bæta má skilti og merkingar
- Fleiri upplýsingatöflur.
- Upplýsingarnar í skálanum á leiðinni til Þórsmerkur eru ófullnægjandi.
- Vegakort (Landmæl.) mættu vera nákvæmari.
- Kort með gönguleiðum var uppselt þó við hefðum komið áður en ferðamannatímabilið hófst.
- Þarf að merkja betur svæði með viðkvæmum gróðri (vel upplýst fólk vill forðast að eyðileggja náttúruna.)
- Merkja betur gönguleiðir (Háalda).
- Merkingar á gönguleiðum má bæta og upplýsingar um jarðfræðileg fyrirbæri.
- Merkja betur vegi.
- Merkja betur vegi, myndi koma í veg fyrir ónauðsynlega króka.
- Vil lítill kort yfir gönguleiðir með upplýsingum um lengd þeirra.
- Meiri upplýsingar t.d. um gróður og berglög á svæðinu, t.d. skipul. göngutúrar með leiðsögumanni.

Annad:

- Það er mjög fallett hérna.
- Takmarka ætti aðgang ferðahópa. (2)
- Takmarka ætti aðgang bíla stærri en 3,5 tonn.

- Þetta er ágætt eins og það er, stórt en lætur samt lítið yfir sér. Mikið betra en Skaftafell.
- Breytið sem minnstu.
- Fyrst og fremst ekki að byggja fleiri byggingar.
- Of mikill „fjölda“ferðamennska, fólk sem vill of mikinn lúxus.
- Vantar að öryggis sé gætt við hverri (heitt vatn).
- Umhverfið hér er frábært

Hveravellir

Aðstaða og þjónusta:

- Vantar gistiheimili
- Vantar eitthvað?...hef ekki hugmynd í augnablikinu en það hlýtur að vera eitthvað.
- Sturtur. (10)
- Klósett. (5)
- Sturtur og klósett vantar í skála.
- Fleiri klósett í skála. (7)
- Klósett vantar innandyra í skálunum en ekki í sérstökum húsum.
- Búningsaðstöðu vantar. (4)
- Rýmri gistaðstöðu fyrir hestahópa vantar.
- Tjaldsvæðin mjög dýr og bjóða upp á litla þjónustu.
- Vantar fleiri ruslatunnur.
- Hreinlæti er ábótavant.
- Laugin er alltof litil miðað við fjölda ferðamanna.
- Frábær heitur pottur.
- Stærri heitan pott. (2)
- Stærri laug, fleiri vegi.
- Hitamæli vantar í pottinn.
- Vöntun á heitu vatni á sumum tjaldsvæðum fyrir hreinlætisaðstöðu fyrir einstaklinga.
- Aðgang að vatni þarf að auðvelda.
- Litla búð sem selur mat og drykki. (3)
- Búð vantar.
- Búðir með nauðsynjavöru/litlar sjoppur. (3)
- Gera þarf kaup á nauðsynjavöru möguleg. (2)
- Vöntun á búðum með nauðsynjavörur sérstaklega vond fyrir hjólreiðamenn.
- Bygging hótels eyðilegði ánægjuna og ævintýralega upplifun.
- Ekki gera hótél eða búðir.
- Ekki gera stóra ferðamannamiðstöð. (2)
- Til að spilla engu ætti ekki að byggja þunglamalegar byggingar fyrir verslunarrekstur.
- Engar byggingar eða framkvæmdir fyrir verslun eða rekstur sem spillt gætu fyrir náttúrusýn.
- Vatnsleiðslur eru illa faldar.
- Betri vegi.
- Meiri þægindi.

Upplýsingar og merkingar:

- Vantar upplýsingar um staðinn. (2)
- Vantar meiri upplýsingar á erlendum tungumálum .
- Upplýsingar eru bara á ensku.

- Yfirléitt eru upplýsingar bara á ensku.
- Betri merkingar á leiðinni frá Þjófadölum.
- Vega- og ferðaupplýsingar vantar á ítölsku. (2)
- Vantar upplýsingamiðstöðvar.

Náttúra, umhverfi og annað:

- Ferðarútur geta tekið ferðamenn að skoða hvergi annars staðar, engin þörf að koma hér.
- Eftirlátið þennan stað tjaldferðalöngum, látið ferðamannarútur fara annað.
- Það ætti að láta náttúruna vera eins og hún er, ekki leyfa of mörgum ferðamönnum að koma hingað! (3)
- Þyrfti að gera sér vegi fyrir hjólreiðamenn.
- Göngustíga má bæta.

Er eitthvað sem dregur úr upplifun viðkomandi

á staðnum sem náttúruperlu:

- Byggingar of nálægt staðnum. (2)
- Of margir ferðamenn.
- Stígar eru nauðsynlegir, byggingar mættu vera lengra í burtu.
- Tjöld og bílar (farartæki).
- Bílastæði eru ljót.
- Vegi má bæta.
- Fjarlægja háspennulínur.
- Bílastæði er of nálægt.
- Mér líkar einfaldlega betur þegar staðir eru algerlega náttúrulegir
- Átroðningur, t.d. skemmdir á grænum svæðum.
- Staðurinn lítur ekki lengur náttúrulega út. (2)
- Finnst mannhöndin hafa eyðilagt náttúruna á staðnum. (5)
- Girðingar, brýr og skálar við heitar uppsprettur trufla.
- Girðingar og litlar brýr skemma heildarmynd.

Herðubreiðalindir

- Háspennulínurnar trufla upplifun í náttúrunni. (2)
- Vantar útskýringar fyrir ferðamenn (skilti og bæklingar).
- Betri klósettaðstöðu vantar.
- Heitt vatn og betri þvottaaðstaða.

Askja:

- Ég get notið náttúrunnar þó að það séu engir kaffistaðir, hótél. Ég get líka labbað að náttúruperlum, vegagerð á að takmarka sem mest til að spilla ekki náttúrunni. Gott að girða af svæði til varnar ágangi.
- Fækka ætti umferð einkabíla og auka rútu- og hjólreiðaumferð.
- Of litlar merkingar á göngustígum.
- 43. Þurrkunarherbergi fyrir föt og fólk væri gott
- 44. Öryggismál við Víti: Það ætti að loka leiðinni að Víti, margir ferðamenn leggja leið sína þangað og þegar veður er vont, rigning o.s.frv. er staðurinn hættulegur.

Mývatn

Aðstaða og þjónusta:

- Tjaldsvæðið mætti vera betur búíð.
- Fleiri sturtur. (4)
- Of fá almenningsklósett. (12)
- Hreinlætisaðstaða á tjaldstæðum.
- Fleiri klósett á tjaldstæðin og sturtur (hafið þið ekki nóg af heitu vatni?)
- Fleiri klósett og sturtur á tjaldstæðið.
- Fleiri sturtur á tjaldstæðið, það er líka eins og að tjalda á flugstöð hérna (á við mikla flugumferð í nágrenninu).
- Fleiri sturtur, klósett og betri sorphreinsun á tjaldstæðinu.
- Um tjaldsvæðið í Reykjahlíð: Það er betra að hafa eldunaraðstöðu.
- Eldunaraðstöðu vantar.
- Þurrkari fyrir þvott.
- Þvottaaðstaða. (2)
- Það væri mjög fint ef það væri aðstaða á tjaldstæðum til þess að bíða af sér regnið, annars er allt frábært.
- Skýli fyrir fólk sem er í tjöldum til þess að elda þegar rignir.
- Stórt skýli.
- Ég dvelst í Hraunbæ (??) í svefnpokapláss, mjög lítil herbergi, mjög hátt verð. Skítug og ljót bygging. Þetta gefur íslenskri svefnpokagistingu slæmt orð.
- Opíð eldstæði væri viðkunnanlegt. Á sumrin gæti maður grillað kjöt og pylsur þar. Gæti einnig verið þægilegt að hlýja sér þar á köldum kvöldum.
- Tjaldmöguleikar fyrir fólk sem þarf ekki á þjónustu að halda, er í húsbíl.
- Frekar dýrt.
- Fleiri ruslatunnur
- Betri og merkjanlegri sorphirðu.
- Hreinsistöðvar fyrir vatnið.
- Fleiri búðir með minjagripum.
- Náttúrulegan heitapott vantar.
- Ferðir með möguleikum á gönguferðum fyrir vant göngufólk, ódýrari ferðir með rútum.
- Ódýrari rútuferðir, betri tjaldstæði.
- Ódýran og einfaldan veitingastað.
- Betri stórmarkað fyrir buðu ferðamanna.
- Mætti vera auðveldara að versla. (2)
- Lækka verð á matvælum.
- Það var ekki hægt að kaupa brauð fyrr en hálf ellefu og það var uppselt klukkan fimm.
- Búðin gæti verið betri með meira af ferskum mat og fiski.
- Sérstaklega hreint og snyrtilegt. Mjög góðar gönguleiðir í nágrenninu.
- Staðbundnar samgöngur t.d. í sundlaugina vantar.
- Hafa rútuferðir 1-2svar á dag á helstu staðina á svæðinu.
- Ég nýt náttúrulegrar fegurðar staðarins og hygg að það sé þess virði að heimsækja hann. Samt sem áður gæti rútuþjónusta við vatnið hjálpað ferðafólki mikið, t.d. tveggja tíma ferð í kringum vatnið.

Upplýsingar og merkingar:

- Vantar upplýsingar um staðina. Það er ekkert við Námafjall og heldur ekki við "Hverfjall" - fari maður þaðan að Dimmuborgum eru engir skýringar á leiðinni. Fara þarf að bílastæðinu til að fá upplýsingar og átta sig á staðnum. Það er því meira gert fyrir bílafólk en göngufólk hvað þetta varðar. Það er mikil synd.
- Við Námafjall eru ekki nógu góða upplýsingar um hættur staðarins sérstaklega ef maður fer gangandi ofan við staðinn þar sem nánast engir kaðlar (línur) eru lengur. Þrátt fyrir þessa hnökra áttum við yndislegt frí hér.
- Það eru engar upplýsingar um hættuna sem stafar af eldfjöllum og brottflutningsleiðir..
- Annar hugsar líka um hver hættan sé á eldgosi eða virkni eldfjalla við Mývatn. Á e-ri upplýsingamiðstöð var honum sagt að sérfræðingar hefðu ekki vald til að láta loka svæði á tímum yfirvofandi hættu.
- Fólkið í upplýsingamiðstöðinni er hjálplegt og upplýsingarnar góðar, sem er nokkuð einstakt í heiminum og þess vert að nefna.
- Landvörðurinn gefur mjög góðar upplýsingar um svæðið.
- Meiri upplýsingar um náttúruverndun fyrir ferðamenn - reglur um aðgang til varnar náttúru landsins. (2)
- Upplýsingar um staðina mættu vera ýtarlegri.
- Kort af svæðinu vantar.
- Meiri upplýsingar um gönguleiðir.
- Í staðinn fyrir að leggja svo mikla áherslu á alls kyns rútuferðir með leiðsögn væri skynsamlegra að útbúa kort af staðnum með merktum leiðum.
- Fleiri kort á ferðamannasvæðum.
- Á kortum af landinu eru ekki allar gönguleiðir sýndar.
- Vantar nánari upplýsingar um staðina, sem mætti vera á spjaldi eða töflu.
- Merki með útskýringum og upplýsingum og fleiri gönguleiðir.
- Merkingar fyrir hjólreiðafólk.
- Betri merkingar og betri göngustíga.
- Hafa upplýsingar I meira miðsvæðis.
- Upplýsingarnar eru of langt í burtu. (2)
- Merkja umhverfið betur, upplýsingatöflur.
- Betri upplýsingaskilti fyrir markverða staði.
- Upplýsingar um gönguleiðir út frá staðnum.
- Á hótelinu ætti að vera fyrirlestur með myndum.
- Upplýsingatöflurnar eru mjög góðar.
- Ágætar upplýsingar.
- Töflur með kortum af stígum á svæðinu vantar.

Er eitthvað sem dregur úr upplifun viðkomandi**á staðnum sem náttúruperlu:**

- Lærið af bandarískum þjóðgörðum hvernig á að byggja á svona svæðum.
- Byggingar og sérhannaðar gönguleiðir og girðingar. Búa til „tilbúið“ umhverfi.
- Byggingar spilla fyrir villtri náttúrusýn á staðnum.
- Byggingar breyta opnu landslagi nema mikil varúð sé höfð í staðsetningu þeirra og efniviði.
- Fyrirferðamiklar byggingar.

- Ég kom til að sjá náttúruna, ekki byggingar.
- Rífið niður byggingar nálægt ferðamannastöðum.
- Byggingar vegna iðnaðar.
- Byggingar og vegir geta haft áhrif á fegurð landslagsins, „listaverkið” getur eyðilagst.
- Hvað hefur Reykjahlíð, 4 hæða hús við Mývatn að gera þarna?
- Hótel hliðina á fossunum, nei takk.
- Oft eru byggðar byggingar sem passa ekki inn í náttúruna.
- Bygging stórra hótela.
- Við Mývatn ætti ekkert manngert að vera, né iðnaðarvinnsla á svæðinu, slíkt skemmir náttúruna.
- Vegir, byggingar og eiginhandaáritanir (á örugglega við Hverfjall á Mývatni) trufla heildarmynd landslagsins.
- Byggingar og vegir eru nauðsyn en samt mega þau ekki skemma fyrir náttúrunni.
- Afmörkun vega og vegvísar eyðileggja ekki, byggingar eyðileggja náttúruna mjög mikið, hin ósnerta náttúra fer þá forgörðum.
- Á Mývatni og í Kröflu ætti ekki að leggja fleiri vegi eða byggja fleiri byggingar nálægt náttúruperlum annars verður of mikil truflun á náttúrulegu landslagi.
- Láta náttúruna eiga sig eins og hún er - landslagið missir sinn sjarma með byggingum og framkvæmdum.
- Byggingar spilla fyrir náttúrusýn og landslagi.
- Verksmiðja. (5)
- Gera Kröfluvirkjun minna sýnilega.
- Rafmagnslínur og staurar.
- Rafmagnslínur of áberandi.
- Gras sem sáð hefur verið í vegkant er út í hött.
- Hættið að planta grasi þar sem það á ekki að vera!
- Keyrt of hratt á veginum. Of mörg tjaldsvæði, of margt fólk.
- Flugvélar sem fljúga yfir vatnið og tjaldstæðið.
- Vegir og flugvöllur.
- Á leiðinni Krafla-Mývatn eyðileggur flugvöllurinn útsýnið á fjöllin og vatnið.
- Færið, eða fjarlægið flugvöllinn. Ekki stækka iðnaðarsvæði Kröflu.
- Minnka ætti flugumferð.
- Ekki byggja margra hæða hús og engar flugvélar.
- Ég var að vera brjáláður af flugunum, en ég vissi um það áður en ég kom.
- Ef tjaldstæðin verða stærri, verður að setja þau í felubúning, t.d. inn í trjálundi..
- Tjaldstæðið.
- Náttúran spillist af breytingum sem eru ekki frá náttúrunnar hendi.
- Of margir ferðamenn.
- Stórir ferðamannahópar trufla kyrrðina við Mývatn.
- Of margir ferðamenn á Mývatni.
- Fjarlægið rafmagnslínur og staura.
- Hús eða góðir vegir eru ekki þess virði að sjá.
- Merki siðmenningar, hávaði frá bílum, raflínumöstur, verksmiðjur.

Náttúra, umhverfi og annað:

- Vilji maður fara frá tjaldsvæðinu og framhá Grjótagjá, "Hverfjall" og Dimmuborgum er nauðsynlegt að fara eftir veginum til baka. Væri ekki hægt að hafa vegaslóða eða stig meðfram vatninu að Reykjahlíð?
- Rútuferð vantar að Dettifossi, ekki einungis tólar sem taka 12 klst.
- Vantar gönguleið í kringum vatnið. (2)
- Vantar göngustíg meðfram veginum.
- Við gengum frá Dimmuborgum til Reykjarhlíðar eftir veginum, stígur meðfram honum hefði gert gönguferðina mun ánægjulegri.
- Tjaldsvæðið við Mývatn er á fallegu svæði en "heilbrigðisstöðlum" mannvirkja er ábótavant.
- Það á að halda hlutunum eins og þeir eru, svo framarlega og það er hægt.
- Heitir pottar án klórs.
- Ferðamennirnir taka oft ekki tillit til náttúrunnar, þeir halda sig ekki á merktum leiðum og virðast illa upplýstir um viðkvæmni náttúrunnar.
- Ekki útsýnisferðir úr lofti.
- Þjóða upp á rútuferðir án leiðsagnar.
- Lýsir yfir óánægju með rútuferðina - dýr miðað við veitta þjónustu.
- Ef þið mynduð byggja lyftu á Mont Everest, myndi verða fullt af fólki. Mont Everest er fyrir fjallgöngufólk, það ætti ekki að vera of auðvelt fyrir fólk að komast á Mývatn.
- Allt of margar rútur keyra hér um, krefjist þess að fólk fari um á hestum, á hjólum eða labbandi, andrúmslofið á staðnum myndi verða mikið betra.
- Þegar ég kom hér í gær hafði ég ánægju af útsýninu, fegurðin hér við vatnið er mikil.
- Kláf vantar til að komast upp á fjallstoppa.
- Það ætti að vera minni ferðamannaíðnaður og meiri náttúra. Til þess að fá fullkomlega ánægju út úr þessum yndilslega stað verður að finna leið fyrir ferðamenn sem ferðast sjálfir til að sjá staðinn eins og hann er, en ekki þegar það eru 1000 manns út um allt.
- Þetta er mjög finn þjóðgarður, ég vona að hann verði áfram svona, það er auðvelt að komast hingað með rútu eða bíl, þetta er svo nálægt þjóðveginum.
- Hljóðeinangrun hjá verksmiðjunni.
- Það vantar áningarstaði við vegina umhverfis vatnið.
- Nauðsynlegt er að maðurinn grípi inni, t.d. til að vernda viðkvæm svæði.

Geysir

- Vantar frekari upplýsingar um háhitasvæðið, og göngustíga á milli hveranna til að vernda jörðina.
- Of hátt verð á matvælum og einnig er of hátt verð á tjaldstæðunum.
- Mætti bæta upplýsingar og upplýsingatöflur.
- Geysi má líkja við staði í Þýskalandi þegar eyðilegging staða er annars vegar.
- Það er búið að byggja bílastæði við Geysi, hvar annarsstaðar.. Hrikalegt.
- Ruslamál eru í ólestri á hóteli við Geysi.
- Meiri eldunarstöðu á tjaldsvæðum.
- Bílaumferð eyðileggur möguleikana á því að ljósmynda náttúruna.
- Búðin og byggingar eru mjög áberandi.
- Minni fjöldaferðamennsku.

- Klósettin á tjaldstæðunum mætti laga. Merkja betur gönguleiðirnar í kringum Geysi þannig að ferðamennt trampi ekki út um allt.
- Á aðalferðamannastöðum landsins er of mikið af búðum og öðrum byggingum.
- Of sterkar andstæður milli náttúru og siðmenningar.
- Það ætti að vera minni fjölduferðamennska.
- Það ætti að fjarlægja þetta nýja bílastæði.
- Þvottaðstaða á tjaldstæði
- Gott væri ef alls staðar væri þvottaðstaða á tjaldsvæðum.
- Ísland er mjög fallegt land með vingingarnlegu fólki, þó of margir ferðamenn hérna.

HÁLENDIÐ - ATHUGASEMDIR

Hvaða vegi má bæta?

- Ekki bæta neina vegi (5)
- Mér finnst að hálendisvegirnir séu hluti af náttúrunni og landslaginu og það ætti ekki að bæta þá.
- Það ætti alls ekki að bæta vegina. Svona vondir vegir og óbrúaðar ár tilheyrja ævintýrum á hálendinu, líka fyrir þá sem að ferðast með rútum.
- Það er í góðu lagi að hafa slóða á hálendinu.
- Alla vegi (4)
- Alla hálendisvegi, sléttara yfirborð.
- Alla hálendisvegi.
- Næstum allar
- Kjölur (27)
- Sprengisandsleið (29)
- Gæsavatnaleið (4)
- Dyngjuþjallaleið (2)
- Nýidalur-Askja
- Askja-Mývatn (10)
- Vegurinn að Öskju (4)
- Veiðivötn
- Kverkfjöll (4)
- Kaldidalur (6)
- Vík-Landmannalaugar (2)
- Selfoss-Landmannalaugar
- Landmannalaugar (7)
- Klaustur-Landmannalaugar
- Landmannalaugar
- Klaustur-Laki
- Emstrur
- Þórsmörk (5)
- Egilsstaðir-Reykjahlíð (2)
- Stígurinn að Nýjadal
- F12
- F30

Er eitthvað sem truflar viðkomandi á hálendinu?

- Slóði við rafmagnsvirkjun.
- Girðingar og tálmar. (2)
- Gamlar girðingar. (2)
- Girðingar. (2)
- Rusl og girðingar.
- Hótel eða tjaldsvæði of nálægt áhugaverðum stöðum (t.d. fossum).
- Væntanlegar byggingar.
- Skilti og stangir við vegi.
- „Verksmiðjur” - en þær eru nauðsynlegar.
- Verksmiðjur. (2)
- Virkjanir.
- Pípulagnir í fjallahlíðum.
- Heitavatsleiðslur eins og við Mývatn og Kröflu.
- Sum svæði eru það gróðurfarslega viðkvæm að fótspor geta skemmt, merkja ætti gönguleiðir svo allt verði ekki úttrampað.
- Háspennumöstur.
- För eftir bíla og mtorhjól utan vegar. (3)
- Slóðar eftir einkabíla utan vegar.
- Jeppar sem fara utan vegaslóða.
- Við höfum séð gömul bílhræ, en það gæti hafa verið áður en við komum að hálendinu.
- Stórir ferðamannahópar.
- Byggingar hótela og gistihúsa.
- Mannvirki fara ekki í taugarnar á mér svo framarlega sem að þau eru ekki of stór.
- Byggingar sem passa ekki inn í landslagið.
- Hingað til ekki tekið eftir neinu.
- Mögulega vegmerkingar með appelsínugulum stikum.
- Flugvellir.
- Þegar vegir á hálendinu eru lagðir ætti að halda fjarlægð til að vernda náttúruna.

Þjónusta á hálendinu

- Auka þjónustu (bensinstöðvar) og fjölga vegaslóðum.
- Bensín/nauðsynjavörur er erfitt að nálgast á hálendinu.
- Dýrt á tjaldsvæði miðað við veitta þjónustu.
- Tjaldsvæðin á hálendinu er góð.
- Miðað við íslenskt veðurfar eru tjaldsvæðin mjög illa búin. Sæmir ekki landi sem gefur sig út fyrir að vera hreint land, sérstaklega þegar haft er í huga jarðhitariðæmi landsins.
- Hreinlætisaðstöðu vantar.
- Of fá klósett á hálendinu. (2)
- Auðvelda þarf þeim lífið sem ferðast á eigin vegum á hálendinu.
- Nægjanlegt væri að hafa þurrklósett á hálendinu.
- Vantar sturtur. (2)
- Ekkert heitt vatn á tjaldstæðum þrátt fyrir heitu hverina.
- Of fáar bensinstöðvar. (3)

- Bætið og aukið hestaferðir.
- Breiðari stíga fyrir hjólreiðamenn.
- Fleiri einfalda skála sem hægt er að gista í og maður getur þurrkað fötin og dótið.
- Upplýsingar um bensinstöðvar á hálendinu eru mjög slæmar.
- Ekki fleiri þjónustumiðstöðvar. (3)
- Merktar gönguleiðir.
- Vantar McDonalds.
- Það ætti að vera hægt að fá göngukort hjá skálavörðum.
- Ég skil ekki hvers vegna má ekki tjalda frjálst í þjóðgörðum, mér finnst það fáránlegt að það þurfi að borga fyrir að tjalda.
- Mér finnst núverandi ástand mjög gott, mætti þó laga vegamót, merkja þau betur.
- Vegamerkingar voru af skornum skammti. (2)
- Upplýsingar á skiltum mættu a.m.k. vera á ensku.
- Betri merkingar á gönguleiðum vantar.
- Vantar upplýsingar á frönsku og fleiri ruslatunnur við ferðamannastaði.
- Vantar upplýsingar um hættur fjallanna.
- Þetta er frábært eins og það er!

Náttúran og verndun

- Varðveitið náttúruna. (2)
- Fjöllin eru mögnuð, varðveitið þau í þessari mynd en leyfið útlend. að njóta þeirra og virða þau (ganga vel um).
- Varðveitið sem mest og breytið engu til að laða að ferðamenn.
- Vernda náttúruna, upplýsa ferðamenn um hvernig þeim ber að haga sér gagnvart náttúrunni - jafnvel í gegnum flugfélögin.
- Ég er einungis meðvitaður um umgengnisreglur á hálendinu vegna reynslu minnar í óbyggðum Bandaríkjanna.
- Náttúran haldi uppruna sínum. (4)
- Leyfið náttúrunni að halda sér eins og hún er. Gefið nemum tækifæri á að rannsaka, skoða og dást að henni.
- Mér finnst það asnalegt að þurfa að borga gjald fyrir að tjalda á Fjallabaki, fólk sem tjaldar þar er meðvitað um það að skilja ekki eftir sig nein för.
- Fáir áningastaðir er góð lausn fyrir ósnortna náttúru.
- Fjöllin eru falleg og hreinni (ekki fallegrí) en í Sviss.
- Yndislegt að fara um hálendið, það kryddar ferðalagið og eykur ævintýraljómann.
- Haldið hálendinu eins og það er núna, ekki fleiri ferðamenn, ekki meira af ferðamannastöðum.
- Það ætti að ýta undir/bæta aðst. fyrir hinn umhverfisvæna ferðamáta - hjólreiðar.
- Þegar á heildina er lítið er hálendið ósnortið, lítið um infrastrukktúr, aðeins það nauðsynlega. Landslag, fossar og gróður.
- Haldið Íslandi ósnortnu (2)
- Fallegt land.
- Það ætti að vernda hálendið fyrir frekari breytingum, leyfa náttúrunni að vera eins og hún er.
- Heillandi náttúra.

- Vegna þess hve hálendið er viðkvæmt, verður að íhuga vel málið áður en uppbygging á sér stað.
- Verið svo væn að halda Íslandi eins og það er, ekki fleiri ferðamenn og ekki betri vegi.
- Þegar veður er gott er landið „meiriháttar fallegt”.
- Ekki breyta neinu á hálendi Íslands eða byggja etthvað þar.
- Allt annað gróðurfar er á hálendinu.
- Vona að Íslendingar passi að mannshöndin eyðileggi ekki náttúruna, þrátt fyrir að aukinn ferðamannastraumur sé óumflýjanlegur.
- Náttúran verði áfram „ósnortin” og glæsileg.

Aðgangur ferðafólks

- Mér finnst ekki þurfa að takmarka aðgang ferðamanna að hálendinu, það gerist af sjálfu sér (engin hótél, einungis vegaslóðar) og það er fínt eins og það er. Þægindi hins daglega lífs eiga ekki að finnast á fjöllum í fegurð og villtri náttúru. Fólk þarf að geta þjáðst til að kunna að meta það. Auðveldið því ekki aðgang að hálendinu.
- Það á ekki að takmarka aðgang fyrir hestamenn, en það á að takmarka aðgang fyrir göngufólk.
- Mismunandi mikill aðgangur að mismunandi svæðum.
- Of mikið af vegum og of góðum.
- Ég hef orðið fyrir miklum vonbrigðum með fjölda ferðamanna á hálendinu. Af samtölum við þá sem hafa komið hingað skildist mér að þetta ætti ekki að vera eins og á Costa del Sol, en mér finnst það hins vegar á góðri leið með að verða þannig. Stöðvið þessa þróun þá koma þetta fólk sem vill njóta ósnortinnar náttúru og rólegheita. Hótél og byggingar eru ekki til að bæta umhverfið. Ég hef hitt fullt af fólki sem að er sömu skoðunar og ég um þessi mál.
- Það ætti að takmarka aðgang, þó án þess raunverulega að takmarka, það ætti bara að vera óaðlaðandi fyrir meirihluta ferðamanna.
- Ekki þörf fyrir takmörkun ferðamanna því landið er þess eðlis að þess er ekki þörf - erfitt að ferðast um það.
- Ekki takmarka aðgang ferðamanna að náttúruperlum.
- Haldið göngustígum eins og þeir eru - takmarkið aðgang ferðamanna á bílum. Það gerist af sjálfu sér ef ekki er byggt og engin aðstaða er fyrir hendi og þá koma einungis göngugarpar sem meðhöndla náttúruna vel.
- Ef hægt er: engar skipulagðar hópferðir á hálendið.
- Betri vegir myndu væntanlega laða að fleiri ferðamenn á hálendið sem myndi koma niður á umhverfinu, en það er hlutur sem þarf að komast hjá. Þeir sem eru virkilega áhugasamir munu áfram komast upp á hálendið þó að það sé erfitt að komast þangað.

ALMENNAR ATHUGASEMDIR

Náttúra, uppbygging og ferðamennska

- Ísland þýðir óspillt náttúra, þannig á það að vera.
- Látið náttúruna í friði, náttúruunnendur eru fólk sem kemur alltaf aftur til Íslands. Þetta er reynsla mín af vinnu á ferðaskrifstofu. Þegar til lengri tíma er lítið þá má ekki bara hugsa um peninga.
- Verndun er mikilvægust.
- Ísland, land og þjóð, þarfnast náttúrunnar en náttúran þarfnast ekki Íslands.
- Reynið að halda Íslandi eins upprunalegu og hægt er.
- Náttúran fái að halda sínum uppruna.
- Sérstakleiki landslagsins felst í því hver ósnortið það er.
- Komin til Íslands til að njóta frábærrar, ósnortinnar náttúru.
- Látið náttúruna eiga sig eins og hún er - uppruninn á að njóta sín.
- Náttúran á að haldast óbreytt og óröskuð
- Varðveita villta náttúru
- Þetta er svo fallegt land að það ætti engu að breyta
- Láta náttúruna óáreiða - hún á að halda uppruna sínum.
- Ísendingar ættu að varðveita náttúruna, það er mjög mikilvægt fyrir framtíð þeirra.
- Verndið náttúruna. (2)
- Landið ykkar er mjög fallegt - reynið ávallt að varðveita það í þeirri mynd.
- Ef landinu verður breytt fyrir ferðamenn tapast aðdráttarafl landsins.
- Ég hef aldrei séð svona fallegt land með svo fjölbreytt landslagi. Þetta hefur verið frábær dvöl.
- Það ætti að fara varlega með íslenska náttúru, mörg önnur lönd geta ekki lengur státað af ósnortinni náttúru.
- Náttúran er fallegust þegar hún er ósnortin. (2)
- Það ætti að halda náttúrunni eins og hún er. (2)
- Manneskjan getur aldrei breytt náttúrunni þannig að það komi vel út.
- Það sem er heillandi við Ísland er hin ósnortna náttúra.
- Haldið náttúrunni eins ósnortinni og hægt er.**
- Finnst Ísland frábært (vægast sagt), náttúran býður upp á eitthvað sem ekki er hægt að segja með orðum og fólkið tekur tillit til náttúrunnar. Vill að Ísland verði óbreytt, ekki eins og löndin í suðri sem einblína á ferðamannaíðnað.
- Íslensk náttúra er óspillt, en verið varkár, hættan er til staðar.
- Íslensk náttúra er ósnortin, því nú kem ég aftur eftir 30 ár og lítið hefur breyst.
- Haldið Íslandi ósnortnu.
- Það sem gerir þetta land sérstakt er ósnortin náttúran.
- Náttúran haldi uppruna sínum, engar byggingar, engin verslun, ekki takmarkaður aðgangur, engir minjagripir.
- Ekki breyta neinu í náttúrunni.
- Leyfið náttúrunni að halda uppruna sínum.
- Halda náttúrunni eins og hún er. Friðsældin er góð tilbreyting frá suðrinu í Evrópu.
- Vonandi getið þið varðveitt fegurð og hreina náttúru landsins.

- Landið ykkar er yndislegt - haldið því hreinu og óbreyttu og haldið í ykkar síði og venjur.
- Landslagið er hreint magnað.
- Náttúran mun breytast.
- Náttúran er illa farin.
- Náttúruna á að varðveita handa komandi kynslóðum.
- Það er nóg af plássi til þess að ná til þess sem vekur áhuga, maður þarf ekki að standa í einhverri byggingu og horfa á úr fjarlægð.
- Truflun á upprunalegri villtri náttúru.
- Leyfa náttúrunni að vera eins og hún er.
- Vonandi helst náttúran eins ósnortin. (2)
- Því minni umgangur manna um landið - því minni spilling á náttúrunni.
- Þar sem ummerki eftir fólk sjást er búið að raska náttúrunni.
- Hin ósnerta náttúra er fallegust og hana er ekki hægt að bæta.
- Ísland er þekkt fyrir hreina náttúru, svo lengi sem manneskjan snertir hana því þá er hún ekki til meir.
- Þar sem fólk kemur til skjalanna, spillist náttúran.
- Allt sem gert er af manna höndum spillir náttúrunni.
- Að hafa náttúruna sem ósnortnasta, þannig að þeir sem vilja sjá ósnortna náttúru ættu að geta lagt á sig stuttan göngutúr.
- Ég kom til Íslands vegna þess að hér er allt náttúrulegt.
- Mér hefur fundist Ísland vera hreint, fallegt og ósnortið land. Ekki láta ferðamenskuna eyðileggja hina náttúrulegu fegurð þessa ótrúlega lands ykkar.
- Landið ykkar er með svo fjölbreytt landslag á tiltölulega litlu svæði. Við höfum átt frábært frí.
- Áhugaverðir og fallegir staðir hafa ekki verið eyðilagðir með markaðsvæðingu..
- Hrein náttúra miðað við Frakkland.
- Ísland á að halda uppruna sínum - ekki að reyna að auka ferðamannastrauminn á kostnað náttúrunnar.
- Það á að beina athyglinni að verndun landsins og fólksins, ekki að því hvað er þægilegt fyrir ferðamenn.
- Leyfið landinu að vera eins og það er.
- Fyrir tuttugu árum var íslensk náttúra óspillt, í dag er það ekki alveg svo, en eftir önnur 20 ár??
- Vegna þess að náttúran er fallegust í upphaflegri mynd, ekki byggja upp.
- Það má ekki hafa áhrif á upprunalega náttúru, þá er henni spillt.
- Einmitt ósnert náttúra er falleg.
- Óhreyfð náttúra hefur sérstök áhrif á mann.
- Varðveitið náttúruna.
- Gerið Ísland ekki að þjóðgarði.
- Girðingar, leggja vegi? Leyfið því græna að vera og „náttúruleikanum“ sem er einkennandi fyrir Ísland.
- Verndið náttúru ykkar, það er allt sem þið hafið.
- Náttúran á að vera náttúra.
- Leyfa náttúrunni og landslaginu að vera eins og það er.
- Gerið það sem ykkur hentar, ekki láta fólk frá öðrum löndum hafa áhrif ykkur. Haldið Íslandi ósnortnu.

- Meiri verndun náttúrunnar
- Gerið náttúruna ekki „ferðamannavinalægri.”
- Varðveitið uppruna náttúrunnar á svæðunum.
- Ísland er ótrúlega fallett land, Íslendingar eru til baka en vinalegir og hjálplegir og þegar veðrið er gott getur maðir notið hins himneska landslags.
- Leyfið náttúrunni að vera eins og hún er.
- Ég vil sjá ósnerta náttúru, ég reyni sjálfur að skilja engin för eftir mig.
- Ísland er svo sérstakt vegna ósnertrar náttúru.
- Ísland á að vera eins og það er, það er einmitt það sem geir það sérstakt.
- Ísland er landið til þess að fara í sumarfrí fyrir fylgismenn sjálfstæðs ferðamannaíðnaðar. Margir ferðamenn, biðraðir o.fl. sem tíðkast í Evrópu hefur ekki enn náð til Íslands.
- Ég get ímyndað mér að Íslendingar vilji auka ferðamannastrauminn til að auka lífsgæði sín - blessunarlega fyrir mig og mína líka mun veðurfarið og verðlagið líklega aldrei ýta undir fjöldaferðamennsku á Íslandi.
- Ég kann virkilega ekki við það, ef það er mögulegt að fara um bát á Jökulsárlón. Fyrir tíu árum var þetta fallegur og kyrrlátur staður og mér finnst að bátur bæti ekki neinu við þetta fallega lón. Mér finnst að aðdráttarafl Íslands liggi í náttúrunni og kyrrðinni, en ekki í skemmtunum fyrir ferðamenn. Það sem ég þarfnast virkilega ekki er hlaðborð uppi á Vatnajökli eða rútuferðir upp í skála á jöklinum. Ég sá auglýsingu um svona ferð. Vinsamlegast haldið Íslandi fyrir náttúruunnendur en ekki fyrir sérvitra túrista sem skemma úsýnið. (2)
- Áhrif af byggingum á náttúrulega fegurð fer eftir staðsetningu og hönnun bygginganna. Góður arkitektúr á réttum stöðum getur aukið, frekar en dregið úr náttúrulegri fegurð.
- Byggingar séu úr náttúrulegum efnum, viði frekar en steypu.
- Mjög ánægjulegt að það eru ekki hótél úti um allt.
- Of hröð þróun - ævintýraljóminn að hverfa.
- Ferðamannaíðnaðurinn á Íslandi ætti ekki að auka við sig, Ísland má ekki verða eins og önnur lönd.
- Ef mannvirki væru reist, þá væri það ekki lengur víðátta og það er einmitt hún sem er mest heillandi. (2)
- Mannvirki skaða upplifun náttúrunnar.
- Látið Ísland vera óháð ferðamönnum, það ætti ekki að aðlaga það ferðamönnum. Eins og það er núna er það mjög sérstakt. Ferðamaðurinn þarf að aðlaga sig að þessu og að íslenskrri menningu. Vinsamlegast látið það vera eins og það er.
- Farið varlega í uppbyggingu staða - náttúran á að halda sínum uppruna.
- Ísland er ennþá að stórum hluta ósnortið land, þess vegna ætti sem minnst að hrófla við því.
- Engin mannleg hönd hefur hreyft við landslaginu, maður má ekki sjá nein mannvirki.
- Uppbygging laðar að fleiri ferðamenn.
- Varðveita staðina eins og þeir eru, maður verður að ganga til að geta upplifað fegurðina - leyfið vegaslóðum að halda sér, endurnýjið ekki með nútíma vegum. (2)
- Ætti ekki að byggja hótél, eða nokkuð svoleiðis, til að halda þessari frábæru náttúru.
- Byggingar laða að sér fleiri ferðamenn og eyðileggur náttúruna sem á að vera óhreyfð.
- Það væri ekki hægt að koma byggingum fyrir í náttúrunni svo vel mætti fara.
- Verk mannsins hefur truflandi áhrif á heildaráhrif náttúrinnar.
- Það er einmitt það að landið er ósnert sem gerir það svona áhugavert.

- Fyrir ferðamenn sem sækja í ævintýri og ferðast um landið fótgangandi eða á hjóli, það ætti að trufla/breyta náttúrunni sem minnst frá mannanna hendi, ekki falla í sömu gryfju og önnur lönd Evrópu. Haldið aftur af ferðamannastraumnum þannig að náttúran haldi áfram að vera náttúra.
- Gerið ekki sömu mistök og löndin í mið Evrópu t.d. Sviss, Austurríki og Þýskaland.
- Ísland á að halda áfram að vera eins og það er fyrir ferðamenn, annars er það ekkert ævintýraland lengur.
- Ef Íslandi verður breytt fyrir ferðamenn með hótélum og fullkomnum götum, öruggum fossum ofl þá mun ég ferðast í öðrum löndum t.d. Grænlandi.
- Yndislegt land - ekki eyðileggja það fyrir skammtímagróðasjónarmið.
- Ég held að það væri betra að gera minna fyrir ferðamenn svo landið breyttist ekki
- Ígrip mannsins eru alltaf í ójafnvægi við náttúruna. (2)
- Kom hingað til að sjá náttúruundur, ekki til að skoða hótél og byggingar.
- Það upprunalega týnist með hótélum og ýmsu fyrir ferðamenn t.d. míníolf.
- Leyfið Íslandi að vera „náttúrulegu“ og gerið það ekki að ferðamannahraðbraut.
- Ég held ekki að það ætti að „bæta“ neitt.
- Færri mannvirki (brýr) á leið um staði og til þeirra.
- Ég kom til að sjá fegurð náttúrunnar ekki einhverjar nýbyggingar.
- Með aukinni uppbyggingu minnka töfrar náttúrunnar.
- Fleiri vegir + byggingar = fleiri ferðamenn = meiri eyðilegging á landinu.
- Vinsamlegast gerið ekki sömu mistök og önnur lönd, t.d. Þýskaland, USA og Kanada og fl. hafa gert. Látið náttúruna halda sér eins og hún er. Sá sem elskar náttúruna er einnig meðvitaður um að skaða ekki náttúruna.
- Það er af hinu góða að hér séu fá hótél við náttúruperlur. Hingað kemur maður vegna náttúrufergurðar og hreinleika. Í öðrum löndum eru slíkar perlur eyðilagðar með byggingum og gróðastarfsemi. Þingvellir komu mér skemmtilega á óvart þar sem allt virðist vera eld og það var fyrir 1000 árum.
- Ég er alveg á móti mannvirkjabyggingum í náttúrunni, það væri gegn ósnortnu náttúrulegu umhverfi og myndi ekki laða að fleiri ferðamenn, aðeins öðruvísi ferðamenn.
- Á Íslandi upplifir maður náttúruna og þannig á það að vera fyrir komandi kynslódir, hin löndin í Evrópu bjóða ekki upp á þetta, ef þið ætlið að breyta einhverju gerið það þá í samræmi við náttúruna
- Það er auðvelt að hafa áhrif á ósnert landslag, stór hótél og fleira í þeim dúr.
- Manneskjan má ekki eyðileggja náttúruna.
- Það á ekki að breyta neinu því fegurð landsins liggur í því að það er svo ósnert af mannana völdum.
- Lagning vega og bygging aðstöðu fyrir ferðamenn ætti að halda í lágmarki, Ísland á að halda víðáttunni.
- Það verður að halda þessu landi eins og það er, og alls ekki byggja hótél o.s.frv. á hálendinu. Ísland þolir ekki fleiri ferðamenn. Með meiri uppbyggingu myndu töfrarnir hverfa.
- Byggingar passa ekki inn í heildamyndina hér á Íslandi, þær draga úr fegurðinni.
- Vil ekki að það verði lagðir fleiri vegir eða hótél byggð, vil ekkert sem minnir á ferðamenn. Ferðamaðurinn sem kemur til Íslands vill það ekki. Ferðamenn vilja ósnortna náttúru og engan lúxux, þægilega vegi ofl. Verður að vera eins og það er.
- Það er mjög erfitt að taka ljósmyndir þegar það er búið að eyðileggja náttúruna með aðskotahlutum, ég myndi t.d. ekki vilja hafa sjöppu á mynd frá hálendi Íslands.

- Verk mannsins skemma alltaf.
- Rafmagnsstaurar og línur eru lýti í landslaginu. - Gerið ekki sömu mistök og aðrar þjóðir sem byggt hafa stórar byggingar og malbikað vegi á svæðum sem þessum. - Hafið húsin eins og þau eru: gamaldags úr víði og fallega máluð.
- Kann vel að meta „byggingaleysið” (fáar byggingar) á ferðamannastöðum, nema við Mývatn þar sem Kísiliðjan skemmir fyrir og skyggir á.
- Ég er ánægður með hvað lítil þróun eða „úrbætur” hafa verið gerðar síðustu 30 ár, frá minni síðustu heimsókn til Íslands.
- Vil að náttúran sé ósnert af manna höndum.
- Truflun á náttúrunni, eyðileggur upplifun hennar.
- Byggingar myndu breyta mynd náttúrunnar (ekki byggja).
- Það er ekki hægt að bæta náttúruna.
- Ekki breyta miklu í náttúrunni (þ.e. með byggingum)
- Stórar byggingar trufla augað.
- Ekki leyfa byggð á náttúrulegum svæðum.
- Byggingar passa oftast ekki inn í náttúruna.
- Ekki byggja meira upp, það sem við höfum séð og upplifað er ástæðan fyrir því að við komum.
- Ísland er fallett land - haldið því þannig. Ekki byggja við náttúruperlur.
- Ósnortið víðerni mun vonandi ekki verða eyðilagt með steiptum göngustígum, stórum hótélum og markaðsvæðingu.
- Verk mannsins eru mjög óáhugaverð.

Varðandi náttúrugjald

- Ég borgaði aðgangseyri að þjóðgarði í Senegal og mér finnst það í lagi því það er land í þróun og hefur not fyrir peningana en það sama á ekki við um Ísland.
- Skammvinnur áhugi á peningum getur haft skaðlegar breytingar í för með sér.
- Sveigjanlegur ferðamannaíðnaður, borga fyrir aðgang, vakta vissar náttúruperlur.
- Aðgangseyrir verður að renna til náttúrunnar og verndun hennar.
- Náttúrugjald fer eftir því til hvers á að nota það.
- Hvers vegna ætti ég að borga náttúrugjald, ég sé ekki ástæðu til þess.
- Þar sem verðlagið á Íslandi er svo hátt þá finnst mér að það eigi ekki að rukka sérstaklega fyrir hálendið eða aðrar náttúruperlur.
- Nei, landið er nú þegar nógu dýrt.
- Ef peningarnir eru notaðir til að vernda náttúruna.
- Í lagi að láta borga inn í stóru þjóðgarðana og þar ætti einnig að banna bíla.
- Hvers virði er náttúran ykkar? Hvað skaða ferðamenn mikið? Miðið við þessa þætti.
- Ef tjaldstæði og matvara væri ekki svona dýr mundi ég borga aðgangseyri að náttúrunni, þið verðið að hafa það í huga.
- Náttúrugjald er í raun borgað þegar maður borgar fyrir tjaldsvæðið. 450 kr. er hátt verð fyrir tjaldsvæðið.
- Ég vona að ferðamenn þurfi aldrei að borga aðgang að náttúruperlum landsins - þá gætu einungis efnamenn komið til ykkar fagra lands.

- Er á móti því að borga aðgang, vill að náttúran sé ósnert og að ekki séu teknir upp US staðlar leyfa náttúrunni að vera eins og hún er og hafa sumarleyfið á hálendinu sem ævintýri með sjarma og séreinkennum.
- Náttúrugjald. Þetta er nú þegar dýrt land. Ég væri tilbúin til að borga til að vernda náttúruna en ég mæli með því að það gjald verði sett á ferðamenn áður en þeir koma til landsins.
- Aðeins ef peningunum verður varið til verndunar náttúrunnar.
- Aðeins ef það færi til náttúruverndar.
- Gott að maður þarf ekki að borga aðgangseyri að náttúruperlum, þá fær maður tilfinningu fyrir frelsi og gengur betur um náttúruna.
- Aðgangsgjald að náttúruundrum ætti að fara í það að vernda náttúruna, Mývatn er týpískur ferðamannastaður eins og Skaftafell
- Einungis ef Íslendingar verða að borga sama gjald.
- Ég er tilbúinn að greiða aðgang að söfnum, fyrir náttúruperlur væri ég tilbúinn að greiða 20 DM fyrir allt landið.
- Okkur datt það ekki í hug að fara upp á hálendið, en það kom okkur á óvart hvað við þurfum almennt lítið að borga til að fara á staði í náttúrunni.
- Undrandi á því hvað oft er ókeypis aðgangur að stöðum
- Náttúran er sameign allra jarðarbúa, þannig að þið getið ekki krafist náttúrugjalds.
- Ferðaskrifstofur þyrftu að taka að sér umsjón „leyfisveitinga“ til ferðamanna á ákveðnum stöðum.
- Sérstakt náttúrugjald væri erfitt að verðleggja eða rukka, tjaldsvæði eru nú þegar nógu dýr. Hvers vegna ekki að skattleggja þau til þess að viðhalda gönguleiðum?
- Finnst mjög gott að þurfa ekki að borga aðgang að náttúrunni.
- Mætti takmarka aðgang að sumum svæðum.
- Hver ferðamaður ætti að borga um 20,-DM þegar hann ferðast um hálendið.
- Ég er á móti náttúrugjaldi, sem grundvallarskoðun, en væri tilbúinn að gera undantekningu í íslensku tilviki þar sem hér er fólksfæð, ósnortið landslag og einstök fyrirbæri í náttúrunni. Ég er ekki alveg á móti byggingum, svo framarlega sem þær séu ekki alveg ofaní staðnum.
- Við höfum farið til USA og borgað fyrir að fara inn í þjóðgarða þar. Góðar upplýsingar láta gestinum finnast að hann hafi eytt peningunum sínum vel.
- Að rukka náttúrugjald gæti verið góð hugmynd til þess að safna fé til þess að vernda hálendið, en látið fólk borga fyrir þetta áður en það kemur til Íslands, e.k. ferðamannaskattur, í staðinn fyrir að láta þá borga þegar það er á Íslandi, hlutirnir eru nú þegar nógu dýrir hér.
- Að borga aðgangseyri að hálendinu er fáránlegt, frekar ætti að bæta aðstöðuna/þjónustuna (hótel, tjaldsvæði) og setja strangari reglur á ferðamannastöðum (að ferðamenn fái ekki að valsa um eins og þeim sýnist, en þeir megi fara eftir ákveðnum fyrirfram gefnum leiðum og ekki út fyrir þær).

Mengun og umhverfismál

- Varðandi stöðu Íslendinga í umhverfismálum: Það sem ég hef tekið eftir varðandi viðhorf Íslendinga í umhverfismálum er að þeir krefjast mikils frá ferðamönnum en er sjálfum alveg sama um náttúruna, keyrandi um allt á risajepum, hendandi rusli á vegina o.s.frv. Ég held að það sé vegna þess að þeir geta láðað ferðamenn að með

loforðum um hreina náttúru og þeir reyna að láta ferðamenn trú á því að Ísland sé sérstaklega hreint með því að minna þá stanslaust á að hugsa vel um umhverfið á ferðum sínum. Ég held að eina ástæðan fyrir því að Ísland er ennþá svona hreint sé sú að það er svo fátt fólk sem býr hérna en ekki vegna þess að Íslendingar séu með svo frábæra stefnu í umhverfismálum.

- Íslendingar fljúga of oft, veiða hvali en landið er hreint, hvernig get ég metið stöðu Íslendinga í umhverfismálum?
- Sá sem skilur eftir rusl á að hirða það eftir sig.
- Rusl meðfram reiðvegum, hvernig verður þetta þegar ferðamannatímanum er lokið?
- Mér virðist sorpmál og meðferð "notaðs vatns" í góðum málum, vildi þó vita meira um það.
- Endurvinnið pappírinn í spurningalistunum, þar sem þetta er umhverfisrannsókn.
- Betri umgengni um náttúruna.
- Ísland er mjög gott land, það ætti að halda því eins og það er (ekki fjölga túristinum og endurvinnið rusl o.s.frv.)
- Landið er mjög hreint og ómengað.
- Eg vona að Ísland verði áfram jafn hreint og það er.
- Fylgjast með rennsli og notkun vatns á byggðum svæðum (tjaldsvæði, bæir ofl.)
- Sá engar hreinsistöðvar fyrir neysluvatn. Annars fullkomið.
- Það vantar safnker fyrir t.d. gler og plast,
- Það vantar flokkun sorps, of mikið um einnota plastikflöskur,
- Vantar gáma fyrir glerendurvinnslu.
- Það fer í taugarnar á mér að sumir virða ekki náttúruna.
- Vinsamlegast farið vel með landið ykkar, það er mjög fallett. (2)
- Íslendingar standa sig vel í umhverfismálefnum, nema hvað varðar hvalveiðar!
- Haldið áfram á réttri leið.
- Maður kemur til Íslands vegna fegurðarinnar, einangrunarinnar og kyrrðarinnar. Ísland er mjög sérstakt að geta boðið upp á allt þetta þrennt. Ég vona bara að umhverfisverndarsinnar muni hafa sitt að segja í framkvæmdum sem verið hafa til umræðu. T.d. virkjun Dettifoss og notkun lands til iðnaðar á Mývatnssvæðinu.
- Góð notkun á jarðhita, brennandi heitt vatn alltaf við hendina. -
- Ekki eyðileggja landið ykkar með óumhverfisvænum ferðamönnum.
- Erfitt að svara spurningu um sorpmál, ég veit ekkert um sorpmál á Íslandi. (3)
- Sorphreinsunarkerfið virðist virka vel, veit annars ekkert um það.
- Öll þessi stuttu flug á Mývatni eru meira mengandi en ferðamenn á jörðu niðri
- Ég get ekki sagt neitt um umhverfismál vegna þess að ég hef ekki talað við svo marga Íslendinga.
- Klósett og ruslakörfur mættu vera hreinni.
- Finnst vanta flokkun á rusli til endurvinnslu hjá ferðahópum.
- Hvernig er með endurvinnslu á gleri?
- Sorphreinsun og flokkun sorps væri viðeigandi.
- Á ekki að flokka rusl við skála?
- Endurvinnsla og betri sorphirðu.
- Í sambandi við sorpið, hvernig væri að nota minna plast?
- Það ætti að bæta sorphreinsun, landið er of fallett til að misnota umhverfið.
- Vantar ruslafötur.
- Það vantar ruslafötur um allt land.

- Koma upp fleiri ruslatunnum.
- Það er ekki nógu mikið af ruslakörfum nálægt áningarstöðum við vegi.
- Of margar rafmagnslínur.
- Of mikið af fjórhjóladrifnum bílum.
- Það þarf að vernda varplendi fugla frá ferðamönnum.
- Nýtið ykkur sem mest jarðhitann.
- Haldið áfram með verndun umhverfisins - vel gert!
- Brýr á hálendinu verja árnar fyrir umhverfisspjöllum og mengun.
- Sumir bóndabæir eru ósnyrtilegir, en bæir/þorp yfirleitt snyrtileg.
- Bílaferðir eru ekki umhverfisvænar, hjól, rútur og hestar eru betri.
- Þið ættuð að fá „náttúruvæna“ ferðamenn hingað.
- Ég myndi banna sölu varnings gerðan úr dýrabeinum og skinnum. Það angraði mig mjög að sjá þetta í búðum.

Fjöldi ferðamanna

- Það eru nú þegar of margir ferðamenn.
- Færri túrista.
- Ekki leyfa of marga ferðamenn, núna og í framtíðinni.
- Til að halda náttúrulegum einkennum eyjarinnar ætti að stjórna ferðamannastraumnum.
- Það er gott að það eru ekki of margir ferðamenn á Íslandi, upplifunin yrði ekki eins skemmtileg ef það væri fullt af fólki á öllum stöðum.
- Ekki fjöldaferðamennsku.
- Ekki eyðileggja þetta fallega land ykkar með fjöldaferðamennsku.
- Fjöldaferðamennska eyðileggur karakter landsins og hefur enga fjárhagslega hagkvæmni í för með sér.
- Náttúran ætti að halda áfram að vera náttúra. Afskipti mannsins og fjöldaferðamennska eyðileggja oft fyrir.
- Passið að aukinn túrismi skemmi ekki náttúruna! (4)
- Ferðamennska veldur alltaf skemmdum á náttúrunni, hér er málið sjálfleyst, vegna erfiðrar aðkomu til margra staða.
- Fegurð náttúrunnar er ótúleg en fjöldi ferðamanna er til ama
- Ekki láta ferðamenn skemma landið.
- Það ætti að vernda sumar náttúruperlur betur. Það er nauðsynlegt að vernda náttúruna betur, ferðamannastraumurinn eykst stöðugt, mikil eyðilegging.
- Væri flott ef allt yrði áfram eins, ætti að takmarka ferðamannastraum, ef hann eyðileggur landslagið.
- Að grípa inn í fjölgun ferðamanna til þess að vernda náttúruna.
- Ísland virðist sjá vel fyrir fámennum ferðamannaíðnaði, en fjöldi ferðamanna eykst og þá gætu skapast vandamál, t.d. álag á rútukerfið og eyðilegging göngustíga (landfræðinemi).
- Við skulum vona að ferðamennskan éti ekki upp landið.
- Þarf að girða af viðkvæm og merkileg svæði, og hindra ágang ferðamanna/fólks.
- Þarf að takmarka aðgang að náttúruperlum.
- Varast ber of mikinn fjölda ferðamanna og ferðamennsku á viðkvæmum stöðum - varðveitið náttúruperlur eins og þær eru.

- Milli tveggja fría sem ég hef verið hér á landi hefur orðið mikil neikvæð breyting. Því miður hefur fjöldaferðamennska hafið innreið sína á Íslandi líka
- Fjöldaferðamennska eyðileggur alla náttúru.
- Ég kem ekki aftur í brád, þó að land og þjóð hafi heillað mig. En ég sækist eftir ró og friði í friunum mínum, þannig að þegar ég hitti þrjá stóra ferðamannahópa í sömu gönguferðinni finnst mér það ekkert spennandi. Þetta er leiðinlegt því annars líkar mér mjög vel við landið ykkar.
- Ég hef góðan skilning á uppbyggingu ferðamannaíðnaðar í landinu ykkar. Passið ykkur samt á mistökum sem önnur lönd hafa gert. Fjöldaferðamennska er ekki fyrir passar ekki fyrir Ísland.
- Ekki fjöldaferðamennsku.
- Ég elska Ísland, það er mjög sérstakt og er mjög frábrugðið öðrum ferðamannalöndum.
- Það er svo kyrrlátt þegar maður getur verið að ganga einn tímum saman.
- Sem tjaldbúi trufla aðrir ferðamenn mig, ferðamenn sem þurfa endilega að fá eitthvað sem minnir þá á heimalandið t.d. schnitzel, verið svo væn að leyfa Íslandi að vera eins og það er og ekki gera það að ferðamannahraðbraut.
- Ég vona að þið hugið að verndun náttúrunnar vegna sívaxandi fjölda ferðamanna.
- Með auknum ferðamannafjölda til landsins verðið þið að sýna gát og vernda náttúru landsins gegn ágangi.
- Ísland er frábært ferðamannaland, það ætti ekki að færa það á hærra plan þannig að aðeins fínir ferðamenn komi til landsins.
- Með náttúruna í fyrirrúmi ætti að fækka ferðamönnum, vernda varpsvæði fugla betur.
- Verið svo væn að passa það að Íslandi verði ekki breytt í ferðamannaland.
- Ísland á að vera eins og það er, erfitt að ná til þess og ósnert, Evrópa hefur nú þegar gert þessi mistök, Miðjarðarhafið, Norðursjór, Bodensee ofl.
- Látið landið vera eins og það er. Það er fallett. Ekki láta ferðamannastraum rúlla yfir staði. Það skemmir upplifunina fyrir alla þá sem eru að labba um.
- Passið að of mikill fjöldi ferðamanna komist ekki að afskekktum stöðum. Þegar burðarþol náttúrunnar hefur verið náð er óafturkallanleg eyðilegging niðurstaðan. Ferðamenn þurfa að „vinna sér inn“ að komast á tiltekna staði.
- Haldið Íslandi eins og það er, þröið aðeins núverandi ferðamannastaði en ekki gera hálendið aðgengilegra. Að mínu áliti er það hin ósnortna náttúra sem dregur ferðamenn hingað. Stórkostleg þróun á ferðamannaaðstöðu mun aðeins valda vonbrigðum hjá ferðamönnum.
- Með bættu aðgengi myndi fjöldi ferðamanna aukast með öllum sínum eftirköstum.
- Ísland er einstaklega fallett og það myndi eyðileggja að gera það of ferðamannalegt að auðvelda aðgang að stöðum um of.
- Hluti af sjarma hálendisins er að það er lítið af fólki þar.
- Of mikið af ferðamönnum skaðar náttúruna og það leiðir af sér færri ferðamenn þar sem Ísland verður ekki heillandi lengur.
- Ég nýt hins náttúrulega ósnortins. Ferðamönnum ætti að setja strangari reglur á viðkvæmum ferðamannastöðum.
- Ísland ætti að forðast sem önnur ferðamanna lönd hafa gert (t.d. Spánn). Ísland ætti að vernda upprunaleika sinn.
- Með betra aðgengi verður traðkað á náttúrunni og fjöldaferðamennska verður möguleg.
- Vinsamlegast ekki of marga ferðamenn - til þess að vernda náttúruna.
- Ísland er mjög fallett land og áhugavert að skoða. Til allrar hamingju er enn ekki of mikið af ferðamönnum.

- Meira fólk, meiri umferð, minni náttúra.
- Almenn myndi náttúran breytast með fjölgun ferðamanna, hingað til hef ég ekki séð neitt slæmt á Íslandi.
- Gegnum aukinn ferðamannaíðnað skaðast náttúran.
- Fleiri ferðamenn, minni einsemd, fjöldaferðamennska.

Vegir, rútur og samgöngur

- Það er ekki nauðsynlegt að það sé hægt að keyra að öllum merkjum stöðum/náttúruþerlum.
- Aðgangur að áhugaverðum stöðum er fullnægjandi, fleiri vegir myndu bara trufla.
- Ekki bæta vegakerfið.
- Mér líkar við vegina eins og þeir eru, þetta er mitt uppáhald.
- Stundum eru vegir holóttir, en ég myndi ekki vilja fá stórar hraðbrautir með fleiri en tveimur akgreinum.
- Vegir eru slæmir en það gefur ævintýralegt yfirbragð og er hluti af náttúrunni.
- Vegirnir eru bara eins og þeir eru, frábærir.
- Hálendisvegirnir eru of góðir.
- Þetta eru frábærir sveitavegir, þetta eru ekki vegir, heldur eitthvað allt annað!
- Gott ástand vegakerfisins kom okkur á óvart. (2)
- Íslensku vegirnir eru of góðir, látið þá vera eins og þeir eru. (2)
- Vegakerfið er alltaf að verða betra og betra.
- Vegakerfið hefur batnað frá því ég var hér síðast.
- Það á alls ekki að malbika vegina á hálendinu, þannig mundi Ísland missa sjarmann og gangast á hendur fjöldaferðamennsku.
- Ástand vega slæmt.
- Ástand gatna á aðalleiðum er stundum í slæmu ástandi.
- Betri vegi vantar (Athugasemd gerð á Hveravöllum)
- Ástand vega er nánast brandari.
- Ég myndi kjósa að þið eydduð meiri peningum í að bæta malarvegi. Það er í lagi að keyra á malarvegum, ef þeir væru bara sléttari.
- Vegurinn að Dettifossi er hryllingur fyrir hjólreiðafólk.
- Fyrir hjólreiðamenn eru göturnar of skemmdar.
- Rútakerfið og skipulagning þess er mjög góð.
- Leiðakerfi BSÍ vel skipulagt.
- Hringmiði/Tímamiði er ekki eins góður kostur og talið er því rútuferðir eru fáar - þið gætuð bætt við ferðum í júlí og ágúst.
- Varð fyrir vonbrigðum með rútuþjónu minn [Hring-/Tímamiði] því maður er ekki lengi á hverjum stað fyrir sig.
- Við erum með BSÍ hringmiða og erum ánægð með rútuþjónustuna.
- Notkun á hringmiða með BSÍ er mjög takmörkuð af mörgum undarlegum reglum.
- Reyna að viðhalda góðu rútukerfi og ekki auka umferð einkabíla.
- Tíðari rútusamgöngur vantar.
- Rútakerfið er mjög gott, persónulegt og hjálplegt, ánægður með opnunartíma verslana - kemur sér vel, allt of lítið af áningastöðum með þaki, til þess að stoppa á þegar rignir.

- Gott væri að hafa betri, reglulegri og ódýrari samgöngur með rútum.
- Fyrri reynsla mín af ferðamönnum sem nota rútur - væri gott að stoppa á sérstökum/fallegum stöðum, rútubílstjórarnir eru mjög vinalegir og sveigjanlegir, einnig varðandi upplýsingar t.d. á Hellu.
- Hata rútur sem koma keyrandi á móti mér á rykugum vegum þegar ég er að hjóla.
- Vil ekki neinar rútur yfir hálandið.
- Það þarf að vernda landið fyrir auknum ferðamannastraumi, rútukerfið má ekki ná yfirhöndinni.
- Erfitt að komast um landið nema í hópferð eða á bílaleigubíl.
- Ekki nógu góðar samgöngur
- Gott væri að hafa tíðari samgöngur á hringveginum.
- Náttúran og náttúruundur eiga að vera aðgengileg.
- Fleiri útskot svo hægt sé að stöðva á vegunum, t.d. til að taka myndir.
- Mættu vera fleiri áningastaðir þar sem hægt væri að fá hressingu.
- Ætti að auðvelda níótorhjólumönnum aðkomuna að landinu (flug, lestir).
- Ekki byggja brýr á hálendinu, það er eitt af aðalsportinu við að keyra jeppa á hálendinu, að fara yfir ár.
- Ekki eyðileggja landið ykkar með því að gera fleiri vegi og eitthvað fyrir ferðamenn - það er gott eins og það er.
- Margir jeppar mjög hættulegir á vegum því ökumenn hægja ekki á sér við framúrakstur.
- Á ekki að byggja götur og hótél á hálendinu vegna ferðamannaíðnaðar.
- Gera fleiri göngustíga þar sem ekki er hægt að fara á bílum, og færri slóða fyrir jeppa.
- Ísland er frábært land náttúrunnar og ég vona að ferðamannaíðnaðurinn muni ekki eyðileggja það, mér finnst að bílar megi keyra á of mörgum stöðum í náttúrunni.

Upplýsingar og merkingar

- Öryggisatriði: Aðkoma við fossa þar sem margir ferðamenn eru samankomnir.
- Bara að leyfa túristum að fara um merкта stíga, á jöklum og fjallstoppum.
- Gönguleiðir að ferðamannasvæðum, t.d. að fossum mætti bæta til að gera eldra fólki auðveldara um vik. Börn og fatlað fólk vilja líka taka þátt í ævintýrinu.
- Suma göngustíga mætti gera öruggari í kringum ferðamannastaði til að gera öllum hægara um vik.
- Sérstaklega á friðlýstum svæðum og ferðamannastöðum s.s. Kröflu þurfa að vera betur merktir göngustígar. Ég sá marga ferðamenn trampa á mjög viðkvæmum svæðum.
- Ekki nógu góðar merkingar á gönguleiðinni milli Dettifoss og Vesturdals.
- Kort með gönguleiðum, íslensk kort eru ekki nógu nákvæm.
- Göngukort vantar.
- Gönguleiðir mætti gera betri fyrir þá sem eru að ferðast án fararstjóra.
- Ég myndi vilja sjá fleiri göngustíga, merкта greinilega á kort.
- Betri upplýsingar um gönguleiðir- dagsferðir og lengri, þær þurfa ekki að vera merktar í landslagið, en ég vil vita hvort það er hægt að fara í gönguferðir á tilteknum svæðum.
- Gönguleiðar ekki alltaf vel merktar, vantar upplýsingar um vegalengd og þann tíma sem gangan hugsanlega tekur (Hekla).
- Merkingar í þjóðgördum lélegar, allir trampa á öllu!
- Betri upplýsingar vantar við markverða staði.

- Vantar upplýsingar/merkingar á öðru máli en íslensku.
- Á sumum stöðum eru upplýsingarnar einungis á íslensku, nokkur orð mættu vera á ensku.
- Sem enskumælandi voru upplýsingar um náttúruna aðgengilegar, en er svo um önnur tungumál?
- Ekki nógu mikið af upplýsingum á ensku um menningu og sögu.
- Það er ekki nóg af merkingum á frönsku.
- Synd að ekki skuli vera útskýringar á frönsku á skiltum.
- Bæklingar mættu vera á fleiri tungumálum.
- Upplýsingar á frönsku.
- Skiltin mættu vera á frönsku (miðað við þann fjölda Frakka sem kemur til landsins).
- Vantar upplýsingaefni á frönsku.
- Fleiri bæklingar og upplýsingar mættu vera á frönsku.
- Meiri upplýsingar á frönsku og fleiri almenningssíma.
- Ég vildi geta nálgast í Frakklandi orðabækur (fransk-ísl.) og samtalsorðabækur.
- Meiri upplýsingar á frönsku um staðina.
- Of lítið gefið út af bæklingum.
- Það ætti að merkja náttúruperlur betur, hvað er að sjá o.fl.
- Upplýsingar okkar um náttúru og sögu eru fengnar úr bókum.
- Lítil ensk-íslensk orðabók, væri góð hugmynd. Handbók um gróðurfar yrði vel þegin.
- Góðar upplýsingar fyrir ferðamenn, vel framsettar.
- Það er erfitt að fá veðurspá þegar maður hefur ekkert útvarp og kann ekki íslensku og getur ekki lesið blöðin, það væri gott ef að tjaldstæðin eða upplýsingar fyrir ferðamenn gæfu út veðurfréttir á ensku eins og t.d. á tjaldstæðinu á Akureyri.
- Veðurspár á ýmsum tungumálum væri hjálpleg.
- Betri upplýsingar um veður fyrir ferðamenn.
- Ekki nógu góðar upplýsingar um staðina og veðurfar.
- Betri upplýsingar fyrir ferðamenn í útvarpi, t.d. veður og ástand vegarslóða.
- Það vantar útskýringar/upplýsingar við þorp, þjóðgarða og við náttúruperlur.
- Ég myndi þiggja meiri upplýsingar um staðina og gæðanar og meiri upplýsingar um gönguleiðir til staðanna og bæjuna.
- Upplýsingar um staðina væri í sambandi við þetta í þjóðgördum.
- Upplýsingar um náttúruna.. Það eru meiri upplýsingar um hvað útsýnið er stórkostlegt heldur en um fyrirbærin sem maður sér.
- Ég hef aflað mér upplýsinga með því að lesa um landið og fengið upplýsingar frá vinum.
- Varðandi aðgengi að upplýsingum: við höfum aflað okkur allra upplýsinga sjálf. Einu upplýsingarnar sem okkur hafa verið gefnar var í ratuferð upp í Öskju.
- Ef til vill ætti hver gestur sem kemur til Íslands að fá bækling þar sem væri útskýrt hvers vegna maður getur ekki farið um allt, hvert ætti að snúa sér varðandi upplýsingar um tiltekin svæði, verðlag o.s.frv.
- Ísland er með sín afskekktu þorp og að fylla þau af ferðamannaskiltum myndi taka burt sjarmann, betra að hafa það eins og það er.
- Bæklingar um hvert svæði myndu auka meðvitund um öryggi og hvernig á að ganga um í náttúrunni. Þessa bæklinga mætti gefa gengn frjálssu framlagi, eða hægt að lána þá.
- Sumar merkingar mættu vera betri, t.d. þar sem eru skilti um áhugaverða staði við veginn. T.d. sagt að það séu 3 km. í staðinn, en eftir þrjá km. eru staddir út á þekju með engar frekari upplýsingar um hvert þú átt að fara og vegurinn endar. (2)

- Það væri áhugavert að geta hitt náttúruverndarmenn og jarðfræðinga á leið um landið til að geta fengið nánari upplýsingar um nátturufyrirbærin.
- Mætti merkja vegina betur t.d. við Landmannalaugar.
- Fleiri vegvísar með kílómetrastöðu (hvað er langt í næsta stað) á hálendinu.
- Sum vegaskiltin eru ekki þau sömu og á kortinu okkar. Til dæmis fórum við veg nr. F35 í staðinn fyrir F37 í Atlasinum okkar.
- Merkja betur vegi á hálendinu.
- Fengum ekki nógu góðar upplýsingar hjá ferðaskrifstofunni (Nouvelles Frontiers) varðandi veðurfar og heppilegan fatnað til fararinnar.
- Upplýsingar í Bretlandi um verð á matföngum o.fl eru úreltar, munurinn á verði er mun minni en yfirleitt er haldið.
- Það vantar verðupplýsingar hjá mörgum ferðaþjónustuaðilum (tjaldsv., bátsferðir, hestaferðir).
- Það ættu að vera meiri upplýsingar um náttúru um umhverfi, eins og bæklingurinn sem maður fær á Mývatni. Það skortir nokkuð á skilning og tillitssemi við hina viðkvæmu náttúru Íslands. Flestir ferðamenn eru ekki meðvitaðir um vandamálin sem þeir valda ef þeir keyra eða ganga utan vega. Merkingar á vernduðum svæðum ættu að útskýra hvers vegna þetta er mikilvægt, en ekki bara segja hvað mikla sekt maður fær ef maður brýtur þessar reglur.

Tjaldstæði

- Tjaldstæði eru almennt verri en í Svíþjóð og Danmörku.
- Tjaldsvæði eru sérstaklega dýr. (2)
- Dýrt á tjaldsvæðin miðað við gæði- of dýrt í sturtur.
- Það er hræðilega dýrt að kaupa mat á tjaldsvæðum á Íslandi.
- Tjaldstæði og svefnpokapláss hafa batnað síðustu 10 árin.
- Mér líkar vel við tjaldstæðin, þau eru fallega staðsett og alltaf mjög hreinleg.
- Vinsemd fólksins og hár standard á tjaldstæðum.
- Enginn staður til að fara á kvöldin kl. 9-10 á tjaldsvæðum, þegar maður er að ferðast einn í hóp eins og ég.
- Ég vildi gjarnan finna betri tjaldstæði, lægra verð og meira úrval af mat alls staðar.
- Komið verði upp ódýrum/ókeypis tjaldsvæðum.
- Oftast er aðstaða fyrir húsbíla eins og bílastæði, fólk í húsbílum vill líka komast í náttúruna.
- Það ættu að vera fleiri heitir pottar með heitu vatni beint úr jörðinni og án klórs og fleiri klósett á tjaldstæðum.
- Slæmt að ekki skuli vera neitt skjól fyrir veðri (t.d. veggur) og eldunaraðstaða (einnig aðstaða til að matast) á tjaldsvæðum Tjaldsvæðið á Höfn er fínt. Snúrurnar í Skaftafelli koma sér vel.
- Þjónustan á tjaldstæðinu á Höfn er slæm og verðið of hátt.
- Vantar eldunaraðstöðu á mörgum tjaldsvæðum.
- Meira af stöðum til þess að geta farið í sturtu.
- Mættu vera sturtur á tjaldsvæðum líkt og í Landmannalaugum.
- Útbúnaður á tjaldstæðunum er mjög slæmur, engin aðstaða til að stinga í samband (fá rafmagn) og engar sturtur.
- Fleiri sturtur vantar á tjaldstæðin.

- Dýrt í sturtur.
- Mætti vera ókeypis í sturtur á tjaldsvæðum.
- Sturtur of kaldar og of dýrar.
- Fáir staðir með heitum sturtum.
- 200 kr. fyrir 5 mín. sturtu er mjög dýrt miðað við England.
- Það ættu að vera ókeypis sturtur á tjaldstæðum.
- Útbúnaður á tjaldstæðum, ekkert rafmagn og engar sturtur.
- Fleiri skála og sturtur á sumum stöðum.
- Mætti bæta tjaldstæðin, t.d. fjölga sturtum og vöskum.
- Skatturinn á dieselolíu ætti að vera staðbundinn eftir gatnakerfi, það vantar sturtur og eldunaraðstöðu á tjaldstæðin.
- Að hafa sturtur á tjaldstæðunum og stundum fleiri klósett, annars er allt frábært.
- Vantar sturtur, vantar staði fyrir tjaldfólk/húsbíla til að geta eldað.
- Þurrkunarskýli er nauðsynlegt á tjaldsvæðum.
- Um Verslunarmannahelgina var mikið af sérstaklega háværum íslenskum ungmennum.
- Á sumum tjaldstæðum eru íslensk ungmenni með mikinn hávaða að næturlagi.
- Tjaldstæði eru mjög dýr og þéttsetin og oft fær maður ekki neitt í staðinn. Ég vil frekar fá tjaldsvæði með minni þjónustu, en þá á verðið líka að vera lægra.
- Vil betri uppbyggingu tjaldstæða fyrir ferðafólk á eigin vegum.
- Aðstaða á tjaldsvæðum og hreinlæti var í góðu lagi.
- Mér finnst rétt að ferðamenn borgi að stöðum sem hafa verið endurgerðir eða betrubættir en hins vegar finnst mér ekki rétt að borga í sturtur í landi þar sem er jarðhiti.
- Tjaldferð um Ísland er frábær og sérstök reynsla.
- Betri tjaldstöðu til að mæta fjölda ferðamanna.
- Hreinlætisaðstaða ekki nógu góð fyrir allt tjaldsvæðið
- Tjaldsvæði dýr miðað við veitta þjónustu.
- Hafa eldunarskýli á tjaldstæðum ef það rignir.
- Það vantar sturtur og eldunaraðstöðu á tjaldstæðin.
- Sum tjaldsvæði dýr miðað við aðstöðu á staðnum (Geysir).
- Væri hentugt ef komið væri upp svæðum þar sem leyft væri að tjalda án gjalds. Ísland er land ríka ferðamannsins eins og staðan er í dag.

Þjónusta

- Í þjóðgördunum ætti að vera betri aðstaða fyrir fólk á eigin húsbílum, betri aðstaða til þess að leggja bílnum t.d. í Landmannalaugum ætti að vera staður fyrir húsbíla í innan við 2.km færi frá staðnum.
- Skálar fyrir göngufólk á 25km fresti ættu að duga.
- Lélegt að göngufólki skuli vera vísað frá skálum
- Í fjallaskálum ætti að vera boðið upp á smá mat og drykk, eins og í ölpunum!
- Leyfið Íslandi að vera eins og það er, ekki byggja of mikið af þjónustustöðvum handa ferðamönnum, annars væri „spennan“ við að koma til Íslands farin.
- Það væri mjög gott ef það væri hægt að gista 1-2 nætur á helstu náttúruperlunum án þess að bóka fyrirfram, þar sem væri snyrtiaðstaða, aðallega til að hvíla sig á tjaldinu.
- Hlutfallið af gestum á hvert klósett, sérstaklega á Eddu hótélum er of hátt. Ætti að vera fleiri herbergi með klósettum.

- Matur og þjónusta á sumarhótelum er mjög góð.
- Það væri gott að hafa fleiri staði til að borða og meira úrval í mat.
- Skólar sem notaðir eru sem sumarhótel eru of einangraðir fyrir ferðamenn sem þurfa að stóla á rútufærðir. Kvöldskemmtanir virðast vera sjaldgæfar og það er of lítið hægt að gera á kvöldin.
- Útivistarferðum, (hestaferðir, ísklifur o.fl.) mætti skipta í hópa fyrir byrjendur og lengra komna.
- Gistiaðstaða er góð, sniðugt að nota skóla fyrir gesti.
- Matarþjónusta á sumarhótelum er mjög hæg. Allar sturtur og klósett á hótelum ættu að fylgja hverju herbergi.
- Ekki nógu mikið af bílastæðum, ég sakna þeirra sérstaklega þegar ég vil fá mér hádegisverð með börnunum á húsbílum. (2)
- Margt hefur breyst síðan ég kom hingað 1983. Betri vegir, betri tjaldsvæði, allt er auðveldara og öruggara. En þetta er ekki það sem við erum að leita að. Ef þessar „betrumbætur“ halda áfram og fjöldi ferðamanna eykst, þá mun ég ekki koma í þriðja sinni til Íslands.
- Stærri og fleiri heita potta. Betri gæði á hótelum, eða lækkið verðið á herbergju. Hafa bar á þjónustumiðstöðum.
- Meiri heita potta.
- Stærri og fleiri heita potta. Lækkið verðið aðeins.
- Ódýrari hótél.
- Skipulag hótelmála mætti vera betra.
- Mér fannst gott að hafa möguleika til að þvo bílinn minn á bensínstöðinni.
- Pöntun á bílaleigubílum gekk vel, óvinsamlegur leigusali þó ekki samstafsús - Hasso Reykjavík.
- Þarf ekki lúxus þegar maður ann náttúrunni.
- Mætti vera minni fjarlægð til byggðar, þannig að meiri þjónusta fengist.
- Fleiri bari, diskó og veitingahús vantar. Meiri möguleikar á að kaupa nauðsynjavörur á bensínstöðum. Það ætti að vera hægt að kaupa almennilegan bjór (4,5%) í venjulegum búðum. (2)
- Það er ekki möguleiki að eyða kvöldinu á börum eða í klúbbum, nema í Reykjavík. Heldur ekki neinir skemmtilegir miðbæjarkjarnar í bæjum.
- Það ætti að eyða meiri tíma í að versla í bæjum og borgum, ferðamenn kunna að meta minjagripi, við fengum ekki nóg af slíku.
- Fleiri verslunarsvæði fyrir ferðamenn myndi þýða meiri gróða fyrir Íslendinga.
- Hvernig getur það verið að engin búð á Íslandi selji Hi-8 myndbönd? Í Reykjavík voru tvær 60 mínútna spólur og önnur var ónothæf.
- Það er ekki nauðsynlegt að láta aðra fylla hjá sér tankinn, hver sem getur sjálfur keyrt, getur einnig dælt bensini. (3)
- Það vantar loftmæli fyrir dekkinn á bensínstöðvum.
- Þarf að byggja bensínstöðvar með nauðsynjavöru á hálendinu, án þess að skemma mynd náttúrunnar, t.d. skála við veginn, þar sem hægt væri að æja, fara inn og elda.!!!
- Takmarkað framboð á bláum gaskútum. Einungis til á stórum Shell-verslunum á Akureyri og í Reykjavík.

Verðlagið...

- Ísland er því miður mjög dýrt. (Nauðsynjavörur og bílaleigur).
- Ég er fullkomlega sáttur, það eina er að einn bjór ætti ekki að kosta 500 krónur
- Dýrt á Íslandi (matur) og sum tjaldsvæði dýr miðað við veitta þjónustu (sturtur), t.d. Skaftafell.
- Friið þarf ekki að vera svo dýrt, nema maður dekri við sig!?
- Dýrt að fara í frí til Íslands, en vildi samt kynnast landslaginu.
- Dýrar að fljúga til Íslands en til annarra landa lengra í burtu.
- Dýrt að lifa á Íslandi (rútur, tjaldsvæði, veit.staðir, ferðir með leiðsögn, bátsferðir ofl.)-
ýtir ekki undir ferðir erl. ferðam. til landsins. Ég kem því ekki aftur til Íslands.
- Niðurstaða: Þetta er dýrt frí, en sannarlega þess virði ef veðrið er almennilegt. Við
fengum rigningu í 15 daga og þá sérðu eftir peningum.
- Vegirnir og maturinn - verðlagið er hátt.
- Haldið áfram að hafa hátt verðlag, annars streymir ferðafólk til eyjarinnar ykkar.
- Íslensk náttúra finnst mér vera ósnortin, ferðamannaíðnaðurinn skaðar náttúruna.
- Landið er frábært. En er soldið of dýrt fyrir stúdenta.
- Ferðir með leiðsögn of dýrar.
- Verðlag á veitingastöðum er of dýrt. Ef verðið væri lækkað myndu fleiri fara út að
borða á kvöldin.
- Það er dýrt að fara til Íslands og ég held að þú verðir virkilega að hafa áhuga ef að þú
ert tilbúinn að borga þetta mikið fyrir það, ef að þú hefur ekki háar tekjur.
- Kort og almennilegur bjór er of dýr.
- Dýrt land en yndislegt og ég vonast til að koma hingað aftur.
- Kostnaður ferðarinnar of mikill.
- Dýrt á Íslandi.
- Þó að Ísland sé dýrt lét ég það ekki aftra mér að koma. Þetta hefur verið frábær
upplifun.
- Gott land, hreint og fint en dýrt.
- Ódýrari bílaleigur vantar. (2)
- Verðlag er miðeiginlegt á Íslandi. Ég hef reynt að reyna einum og miklu að ræna af
ferðamönnum.
- Þetta er dýrt land.
- Varðandi spurtingu um kostnað, fjögurra vikna ferð til Alaska kostar ásamt uppihaldi
25.000 Austuríska skilðinga, hér er sú upphæð étin upp á tveimur vikum.
- Gerið eitthvað varðandi gjaldmiðilinn ykkar, takið nokkur núll aftan af.
- Vín er alltof dýrt.
- Það kemur á óvart að vissir hlutir eru rándýrir, t.d. bækur um Ísland, fugla, blóm o.fl.
- Takið nokkur núll aftan af krónunni.
- Leiga á farartækjum allt of dýr.
- Það væri mjög vinalegt að láta ferðamennina vita um verðlagið á hlutunum. Flestir
innfluttir hlutir eru mun dýrari, sumir jafn dýrir og sumir ódýrari en í Þýskalandi
- Verð á nauðsynjum og fargjalda sjökk, kemur í veg fyrir aðra heimsókn.
- Bjórinn er allt of dýr.
- Vín of dýrt
- Vín er mjög dýrt.

- Þó ég kvarti ekki yfir verðlaginu á Íslandi merkir það ekki að þetta sé ekki dýrt land. Þetta er dýrasta frí sem ég hef farið í.
- Ég myndi líka koma með fleiri skólaleiðangra hingað ef flugfarið væri ódýrara. Það þyrfti að vera helmingur af því sem það er í dag.

Almenn ánægja

- Börnin mín vildu gjarnan koma aftur til Íslands aftur (17 og 20 ára) og þá fara í gönguferð. Þau voru einnig heilluð af landinu og náttúrunni.
- Landið er virkilega yndislegt.
- Fagurt land og ég mun mæla með því við alla vini mína að þeir fari í frí hingað.
- Ég elska Ísland.
- Ég elska Ísland og ég vil gjarnan sýna börnum mínum landið eins og það lítur út í dag.
- Frábært land
- Kem örugglega aftur. (4)
- Ég kem aftur. (3)
- Frábært land, ég kem aftur.
- Ísland er heillandi land, ég mun örugglega koma aftur á næstu árum.
- Mjög fallett land.
- Við komum aftur á næsta ári á 4x4 bíl.
- Við höfum átt ánægjulega dvöl á Íslandi.
- Þetta er sannarlega ekki í síðasta skipti sem ég heimsæki Ísland, næst verð ég lengur.
- Í heild var ég mjög hamingjusamur. Ísland er yndislegt land
- Ísland er mjög fallett land fyrir frí.
- Hingað til mjög ánægð með veru sína hér á landi.
- Einstaklega ánægjuleg ferð. Mikil fjölbreytni í landslagi og ánægjulegar heimsóknir.
- Ég myndi mæla með Íslandi við hvern sem er, svo framarlega sem hann myndi vita hvað hann væri að fara út í.
- Mikil ánægja með ferðina, fjölbreytni landslagsins og hestaferðin um firði hvetur okkur til að koma aftur.
- Mikil ánægja með Íslandsferðina.
- Þetta er búinn að vera frábær tími og ég kem örugglega aftur einhvern tímann.
- Ég kem til Íslands aftur þegar ég hef efni á því.
- Ekki breyta of miklu. Ég skemmti mér vel á Íslandi
- Ísland mun alltaf minna mig á eitthvað sérstakt.
- Kann geysilega vel að meta landið ykkar
- Góðar móttökur og ómæld ánægja með ferðina.
- Yndislegt land, vel tekið á móti ferðamönnum, folkið almennilegt og hjálpsamt, verðið þó of hátt fyrir unga ferðamenn. Spurningalisti ykkar er mjög vel gerður.
- Við höfðum það gott á Íslandi, mjög ánægð með ferðina okkar og flugfélagið ykkar og hve vingjarnlegir allir eru.
- Þetta er frábært eins og þetta er, fyrir nokkrum dögum las ég þessa setningu; „Þetta norræna land mun ylja þér um hjartaræturnar“ Ég er sammála þessu!

Fólkið

- Það vantar umræður með Íslendingum, um hvað þeir gera á veturna og hvernig félagskerfið er.
- Íslendingar óalmennilegir. Þegar þeir eru spurðir til vegar segja þeir: „Nei, það er ekki hér”, en sleppa því að segja „það er í næsta húsi.”
- Íslendingar ættu að vera opnari og tilbúnir að kynnast fólki.
- Íslendingar eru of miklir þjóðernissinnar.
- Ég hef ekki haft mikið af Íslendingum að segja en ferðamenn virðast vera fyrir þeim - synd!
- Íslendingar þakka sjaldan fyrir þegar vikið er fyrir þeim á þröngum stígum.
- Íslendingar ekki nógu vingjarnlegir. Eldri hjón (sennilega bændur), mjög almennileg tóku okkur upp í en stundum keyrðu bílstjórar (einir í stórum bíl) framhjá - efnafólk er óalmennilegra. Ísland er kalt og hrjóstrugt land (hreinlega óvinveitt) og þá er hlýja mannfólksins mikilvæg - hana fann ég ekki á Íslandi. Mér varð því hugsað til hlýrra og mun ódýrari landa sem bjóða upp á margt athyglisvert að sjá og almennilegt og hlýlegt fólk. Besti minjagripur þessa lands er náttúran - varðveitið hana.
- Stórkostlegt landslag, en bros frá heimamönnum myndi ekki saka.
- Íslendingar of miklir þjóðernissinnar og tvöfaldir í roðinu hvað varðar umhverfismál.
- Íslendingar fylgja ekki þeim umgengnisreglum sem þeir setja túristum, keyra um á mengandi bílum og mikið rusl við bóndabæi.
- Íslenskir ökumenn gætu sýnt hjólreiðarmönnum meiri tillitssemi. (2)
- Margir góðir staðir til að skoða en allt er mjög dýrt og fólkið ekki mjög vingjarnlegt. Það er synd fyrir ferðamannaíðnaðinn.
- Fólkið er mjög vingjarnlegt.
- Einstakt og vinalegt fólk.
- Mjög góðar móttökur, almennilegt fólk og fallett landslag.
- Fólkið hér er með því vingjarnlegasta og fallegasta sem ég hef nokkru sinni séð í þeim 10 löndum sem ég hef heimsótt. Landið er himneskt og ég vona að það verði það áfram.
- Húrra fyrir ESSO stöðvum, gott að koma þangað í vondum veðrum, almennilegt starfsfólk, t.d. á Patreksfirði.
- Íslendingar eru mjög almennilegir.
- Iceland Safari - gæði og þekking fararstjórans okkar - Önnu Maríu.
- Starfsfólk í hótelum og búðum er mjög hjálpsamt.
- Jarðfræðileg atriði og einstaklega hjálpsamur fararstjóri gerði mér kleift að eiga frábært frí á Íslandi.
- Íslendingar virka mjög lokaðir og leita ekki eftir að kynnast ferðafólki.
- Íslenski rútubílstjórinn okkar var einstaklega vingjarnlegur og hjálpsamur, nokkuð sem er sjaldgæft í heiminum og þess vert að taka sérstaklega fram.
- Okkur hefur líkað vel við Íslendinga, þeir eru vingjarnlegir og hjálplegir. Þeir eru sérstaklega stoltir af landi sínu og afrekum og er mikið í mun að vera eins umhverfisvænir og þeim frekast er un
- Gott að Ísland er ekki ferðamannaland, þ.e. aðeins einblínt á ferðamenn, ekki hótélháhyði, Ísland er mjög fallett land og Íslendingar eru mjög gestrisnir.
- Fólkið sem við höfum hitt er mjög skilningsríkt gagnvart erfiðleikum okkar í að skilja og tala íslensku, hefur gert dvöl okkar mjög ánægjulega.
- Íslendingar eru mjög hjálpsamir, íslenski bifreiðaklúbburinn hjálpaði mér mikið.
- Margar hliðar landsins eru ótrúlegar, fallegar og einnig vinsamlegt viðmót Íslendinga.

- Íslendingar eru mjög vinalegir, traustverðir og hjálpsamir þegar maður er í vanda.
- Íslendingar eru mjög vinalegir og hafa sýnt mér mikið traust sem mér finnst mjög jákvætt.
- Mjög ánægður með vinsemd og hjálpssemi Íslendinga.
- Ég hef verið mjög heillaður hingað til af landinu, ótrúlega fallett, dramatískt og kröftugt landslag og þægilegt fólk.
- Þakkir til mjög áhugasams fararstjóra, fallets landslags og náttúru á Íslandi, þetta var góð ferð.
- Góður bílstjóri og leiðsögumaður.
- Góður leiðsögumaður. Fleiri íslenska leiðsögumenn, við komumst ekki í samband við fólk í landinu.
- Frábær íslenskur fararstjóri.
- Fólk er vingjarnlegt og fararstjórinn er mjög góður, sem og rútubílstjórinn.
- Þú megið ekki verða of amerísk.

Hitt og þetta

- Minni vind. (2)
- Undrandi á hve veðrið var gott.
- Undarlegt að nokkur ræktun geti farið fram í þessu veðurfari.
- Hversu erfitt er það að gera almennilega veðurspá hér? Í Hollandi er það mjög erfitt.
- Gott frí þrátt fyrir óstöðugt veður.
- Slæmt að ekki skuli vera hægt að kaupa íslenska hljóðfærið „langspil“ hér.
- Vantar matarmenningu, of mikið af skyndibíttum, of amerískt.
- Gagnrýnisvert hvernig hugsað er um matvæli/geymsla.
- Í Þýskalandi er Ísland land ævintýranna og er þess vegna mjög heillandi land til þess að eyða sumarfríinu.
- Ísland er jafn heillandi í annað skipti jafn mikil ævintýr og kemur manni á óvart, einnig of dýrt.
- Landið er mjög fallett en hestarnir of litlir - fætur knapans snerta jörðu.
- Enginn stilli í byggingarmenningu.
- Ég var eina viku á Íslandi v/ jarðfræði vinnu, ég veit að ég mun koma aftur á næstu árum til að skoða afganginn af Íslandi, við vorum mest allan tímann Nýjadal og við vinnu í kringum Tungnafellsjökul, frábært svæði.
- Að planta grasfræjum í vegarkanta er út í hött.
- Símakerfið er hræðilegt.
- Það er hneyskli hvað símasambandið er lélegt, jafnvel frá pósthúsum er ómögulegt að ná góðu sambandi við Holland.
- Ekkí nógu mikið af sínum sem virka.
- Það er erfitt að nálgast póstkort. Það er eins erfitt eftir að maður hefur fengið þau, að senda þau.
- Mér fannst sérstaklega sniðug reglan um að það verði að þvo sér áður en maður fer ofan í sundlaugarnar.
- Fella ætti niður skatt á díselolíu.
- Þegar ég flaug yfir landið uppgötvaði ég nýja hlið á landinu.
- Öryggi á stöðum er ábótavant
- Það er gott að það er hægt að tjalda á víðavangi.

- Á strætisvagnastoppistöðvum í Reykjavík ættu að vera upplýsingar um verð á fargjaldi, og upplýsingar á öðrum tungumálum.
- Strætókerfið í Reykjavík er ekki nógu gott.
- Undurfagurt landslag og fyrir útlending er æðislegt að geta drukkið vatn beint úr lækjum.
- Ég er leiðsögumaður, eða fylgi hópi Frakka og hef komið einu sinni áður til Íslands, fyrir 3 árum.
- Iceland Safari er að gera góða hluti.
- Það er mjög slæm markaðssetning á Íslandi í Noregi. (3)
- Ísland virðist ekki vera mikið markaðssett í Bretlandi.
- Ég veit ekki hvort Ísland er nokkuð markaðssett í Ástralíu.
- Það þarf að markaðssetja landið ykkar betur, hvers vegna komið þið ekki að heimsækja Ungverjaland? Búdapest er virkilega falleg borg og allt er mikið ódýrara en á Íslandi.
- Ekki nógu gott að hafa flugvélar fljúgandi yfir Skaftafell og Mývatn sem eru þjóðgarðar.
- Í skipulagðri ferð okkar höfum við haft þrjú afþreyingarefni á dag, sem er frábært. Full notkun á náttúrulegum undrum. Besta fríið mitt hingað til.
- Skil ekki hvers vegna það þarf að sóttreinsa veiðigræjurnar. Ég notaði sama búnaðinn sama sjónum í Færeyjum.
- Hér fæst allt, meira að segja risaeðlu-Haribo!
- Eldra fólk sést sjaldan vinna, af hverju?
- Einhvern tímann ætla ég að læra tungumálið.
- Hér getur kona ferðast ein án vandræða-frábært!
- Mörgum spurningunum er erfitt að svara.
- Engin vonbrigði með veiðimöguleika í vötnum á hálendi
- Ekki gera Disneyland úr Íslandi.
- Góður staður, verst með trén.
- Jógúrtin er mjög góð.
- Afnám skatts á dieselolíu er góð hugmynd.
- Reykjavík er ekki eins menningarleg og hún telur sig vera. Það er í raun ekki vandamál en ég bjóst við einhverju öðru.
- Ég veit ekki hvernig það væri að ferðast á eigin vegum í þessu fallega landi. Ég kynnti mér ekki samgöngur og slíkt þar sem ég ferðast með Ísland Safari.
- Líkar vel við sundlaugarnar
- Ég er undrandi á hversu lítið eimir eftir af sögu og menningu landsins.
- Mér finnst mjög gott að vera á Íslandi og ég vil koma aftur, kannski til að vinna hér. A.m.k. til að sjá Norðurland, nú hef ég einungis ferðast frá Keflavík til Seyðisfjarðar.